










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. janúar 2007 — 23. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


**MIÐVIKUDAGUR**

## Brúðkaupsferð bjargað

Stefán og Hulda fögnuðu sigri Íslands á Frökkum dátt enda hefði brúðkaupsferð þeirra verið lokið hefði landsliðið tapað.



**FÓLK 33**

## Óvæntur gestur

Storm Large birtist óvænt á Hlustendaverðlaunum FM 957.



**FÓLK 30**

## Álsýn – tálsýn

„Haldi núverandi stjórnarflokkar velli er enginn vafi á að stóriðjustefnunni verður haldið áfram af fullum krafti," segir Ólafur Hannibalsson.

**Í DAG 20**

## Búnir að jafna sig

Alfreð Gíslason segir að landsliðsmennirnir séu komnir niður á jörðina eftir sigurinn á Frökkum. Liðið mætir Túnis í dag.



**ÍÞRÓTTIR 34 & 35**

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART AUSTAN TIL** Í dag verða vestan 5-18 m/s, hvassast á annesjum norðaustan til og í vindstrengjum við fjöll. Hætt við súld vestan til en bjart eystra. Hiti 3-9 stig, hlýjast í hnúkaþey á Norðausturlandi.

**VEÐUR 4**



Átök stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna í Líbanon:

# Eldar loga í Beirút

**LÍBANON, AP** Beirút, höfuðborg Líbanon, logaði í átökum í gær í kjölfar þess að Hizbollah-samtökin hvöttu fólk til að leggja niður störf í mótmælaaðgerðum gegn stjórnvöldum, sem Hizbollah telur of höll undir Bandaríkin.

Átök brutust út víða á milli stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna í formi handalögmála, grjótkasts og skotbardaga. Hermenn reyndu að halda aftur af báðum hliðum.

Samgöngur og starfsemi voru í lamasessi vegna verkfallsins og átakanna. Eru þetta mestu átökin sem orðið hafa síðan Hizbollah-samtökin hófu herferð sína gegn stjórnvöldum fyrir tveimur mánuðum síðan. - sdg / sjá síðu 8

# Ekki færri viljað ESB síðan 2003

**Tæplega 63 prósent segjast ekki vilja að evran verði gjaldmiðill á Íslandi, samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Álíka margir vilja ekki sækja um ESB-aðild.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Eftir mikla evruumræðu hér á landi segjast einungis 37,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins vilja að evra sé tekin upp sem gjaldmiðill hér á landi en 62,9 prósent eru því hins vegar mótfallin. Nokkur munur er á afstöðu eftir kyni og búsetu. Þannig eru karlmenn frekar því fylgjandi en konur að tekin sé upp evra. 40,4 prósent karla eru því fylgjandi og 59,6 prósent mótfallin. 33,6 prósent kvenna eru fylgjandi hugmyndinni að taka upp evru á Íslandi en 66,4 prósent mótfallin. Þá eru 67,3 prósent íbúa utan höfuðborgarsvæðisins mótfallin hugmyndinni að taka upp evru og 32,7 prósent fylgjandi. 59,9 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins eru því hins vegar mótfallin, en 40,1 prósent fylgjandi.

Þá hefur andstaða við að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu ekki verið meiri síðan í könnun Gallup frá því í apríl 2003. Einungis 36,0 prósent segjast vilja að sótt sé um aðild, en 64,0 prósent eru því mótfallin. Síðast þegar spurt var um afstöðu til aðildarumsóknar í könnun Fréttablaðsins, 19. febrúar í fyrra, voru 55,2 prósent mófallin aðildarumsókn en 44,8 prósent fylgjandi. Stuðningur við aðildarumsókn hefur því dregist saman um tæplega níu prósentustig frá því í febrúar á síðasta ári.

Mest hefur andstaða aukist meðal íbúa utan höfuðborgarsvæðisins, um 15,4 prósentustig. Nú eru 68,0 prósent íbúa utan höfuðborgarsvæðisins því mótfallin að sótt sé um aðild að Evrópusambandinu, en 32,0 prósent eru því fylgjandi.

Á höfuðborgarsvæðinu eru hins vegar 61,2 prósent mótfallin aðildarumsókn og hefur andstaðan aukist um 4,2 prósentustig á þessu liðna ári frá síðustu könnun blaðsins. 38,7 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins vilja hins vegar að sótt sé um og er stuðningurinn við umsókn hvergi meiri en þar.

Litlu munar nú á afstöðu til aðildarumsóknar á milli karla og kvenna, en fleiri konur eru nú andsnúnar aðildarumsókn en fyrir ári. 63,2 prósent kvenna vilja ekki að sótt sé um aðild að Evrópusambandinu nú, en það voru 52,8 prósent kvenna í síðustu könnun blaðsins. 36,8 prósent kvenna vilja hins vegar að sótt sé um. 64,7 prósent karla eru mótfallin aðildarumsókn og hefur þeim fjölgað um 7,3 prósentustig frá því í síðustu könnun. 35,3 prósent karla eru nú því fylgjandi að sótt sé um aðild að Evrópusambandinu. - ss/ sjá síðu 18

Á að taka upp evru sem gjaldmiðil í stað íslensku krónunnar?




Á Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu?




Samkvæmt könnun Fréttablaðsins 20. janúar 2007

Tveir fangar í afplánun í Byrginu gengu frjálsir með leyfi forstöðumanns:

# Ofbeldismenn í bæjarleyfi

**FANGELSISMÁL** Tveir fangar, sem höfðu ekki lokið afplánun og áttu að dveljast í Byrginu en fundust ekki þegar Fangelsismálastofnun vitjaði þeirra, hafa hlotið þunga dóma fyrir alvarleg ofbeldisverk.

Sá yngri, Jens Hjartarson, hlaut sjö ára fangelsisdóm í desember 2003 fyrir alvarlegar líkamsárásir og manndrápstilraun. Hann réðst að sex manns vopnaður hnífi og skar meðal annars ungan pilt á háls með þeim afleiðingum að litlu munaði að slagæðar í hálsi piltsins skærust í sundur.

Hinn maðurinn, Annþór Karlsson, hlaut þriggja ára fangelsisdóm fyrir að hafa í slagtogi við tvo aðra ráðist á mann vopnaður trékylfu og lamið hann í líkama og höfuð. Hann var handtekinn á Keflavíkurflugvelli þar sem hann var að reyna að flýja land.



**ERLENDUR BALDURSSON** Yfirvöld fangelsismála funduðu með Byrgismönnum.

Erlendur Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir að forráðamenn Byrgisins hafi verið kallaðir á fund Fangelsismálastofnunar þegar henni bárust fregnir um að svona væri í pottinn búið. Fangarnir hafi í kjölfarið verið fjarlægðir úr Byrginu.

Að sögn Erlends segjast mennirnir hafa fengið leyfi hjá Guðmundi Jónssyni, fyrrverandi forstöðumanni Byrgisins, til að dvelja annars staðar og að uppi séu grunsemdir um að þeir hafi hlotið viðlíka leyfi áður. - þsj/ sjá síðu 8

Alþingiskosningar 2007:

# Nýtt framboð komið fram

**ALÞINGI Fólk úr hópi aldraðra og öryrkja hefur ákveðið að stofna til framboðs fyrir alþingiskosningarnar í maí. Aðalmarkmið framboðsins, eins og segir í tilkynningu, er að bæta kjör og aðbúnað eldra fólks og öryrkja, auk þess að vinna að öðrum framfaramálum í íslensku þjóðfélagi.**

**Lögð hafa verið fram drög að helstu áhersluatriðum framboðsins og verða þau fullmótuð á næstu dögum. Þegar því verki er lokið verður leitað samstarfs við konur og karla úr öllum kjördæmum og auglýstur opinn kynningar- og stofnfundur stjórnmálahreyfingarinnar.** - shá


**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



## SPURNING DAGSINS



*Karl, er þetta ekki bara útburðarvæl?*

„Menn voru náttúrlega bornir út til að deyja á sínum tíma, en ég lifði það af.“

Karl Hjaltested var borinn út af Vatnsendajörð föður síns árið 1969. Hann vill nú láta skipta jörðinni upp og fá hluta hennar að erfðum.

Hæstiréttur dæmir í hæfismálum lögreglu vegna rannsóknar á skattamálum:

# Ríkislögreglustjóri vanhæfur

**DÓMSMÁL** Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri gerði sig vanhæfan til að fara með rannsókn á skattamálum fimm einstaklinga tengdum Baugi með ummælum sínum í sjónvarpsfréttum í október 2005, samkvæmt dómi Hæstaréttar sem féll í gær.

Héraðsdómur hafði áður úrskurðað bæði Harald og Jón H. Snorrason, fyrrverandi saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, vanhæfa, en Hæstiréttur staðfesti ekki dóm héraðsdóms hvað varðar saksóknarann.

Þeir einstaklingar sem eru til rannsóknar, en einn þeirra er Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, kröfðust þess að rannsókn á meintum skattalagabrotum yrði úrskurðuð ólögmæt en til vara að yfirmenn ríkislögreglustjóra, og þar með undirmenn þeirra allir, yrðu úrskurðaðir vanhæfir til að rannsaka meint brot.



**VANHÆFUR** Hæstiréttur segir orð Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra í fjölmiðlum 11. október 2005 gera hann vanhæfan.

Hæstiréttur féllst ekki á kröfurnar, utan þess að dómurinn taldi ummæli ríkislögreglustjóra í fréttum Stöðvar 2 leiða til þess að hann teldist vanhæfur. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að skipa þurfi sérstakan ríkislögreglustjóra sem fari með forræði rannsóknarinnar.

Einn dómara Hæstaréttar, Ólafur Börkur Þorvaldsson, skilaði sératkvæði og vildi ekki staðfesta vanhæfi Haraldar í málinu, meðal annars vegna þess að í ummælum hans væri hann ekki að lýsa afstöðu sinni heldur mati sínu á því hvernig málið horfði við almenningi og sakborningum. - bj

Áfangaheimilið Vernd:

# Menn á Vernd brjóti ekki lög

**KYNFERÐISBROT** Stjórn áfangaheimilisins Verndar ætlar að ræða við Fangelsismálastofnun ríkisins um hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að menn sem eru að ljúka afplánun á heimilinu brjóti lög. Þetta var ein af niðurstöðum fundar stjórnar Verndar sem haldinn var í gærkvöldi.

Hreinn S. Hákonarson, formaður stjórnarinnar, segir þjónustusamning milli Verndar og Fangelsismálastofnunar í endurskoðun.

Reglur um inntöku og skilyrði manna til vistunar á áfangaheimilinu verða endurskoðaðar ef ástæða þykir til. - ifv

Yfirlýsing forstjóra Baugs:

# Dómur kemur ekki á óvart

**DÓMSMÁL Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, segir í yfirlýsingu að niðurstaða Hæstaréttar um vanhæfi Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra komi ekki á óvart.**



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

**„Reyndar tel ég að Haraldur hafi verið vanhæfur frá fyrsta degi þegar hann ákvað innrás í Baug. [...] Þetta er enn ein sönnun þess að þessir menn frömdu stórkostleg afglöp í starfi og auðvitað ætti Haraldur fyrir löngu að vera búinn að segja starfi sínu lausu,“ segir í yfirlýsingunni. Þar segir að Jón H. B. Snorrason og Arnar Jensson hafi nú flúið klúður sitt hjá ríkislögreglustjóra í önnur störf.**

**„Þá kemur á óvart að sjá Ólaf [Börk Þorvaldsson hæstaréttardómara] í dómnum eftir allar þær umræður sem farið hafa fram í þjóðfélaginu, en niðurstaða hans kemur hins vegar ekki á óvart,“ segir í yfirlýsingu Jóns Ásgeirs.**

## BANDARÍKIN

### Hamingjusamur barnaræningi

Maður í Missouri, sem rændi tveimur piltum og hélt öðrum þeirra föngnum í fjögur ár, segir að þau ár hafi hann verið hamingjusamur. Maðurinn er 41 árs gamall og segist hafa verið einmana síðan vinir hans gengu í hjónaband.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hass á Egilsstöðum

Karlmaður á þrítugsaldri var tekinn með nokkur grömm af hassi á Egilsstöðum í gær. Maðurinn er starfsmaður við Kárahnjúkavirkjun. Játaði hann að eiga efnið og ætla það til eigin nota. Var honum sleppt að lokinni skýrslutöku.

# Hörð orðaskipti um rekstrarhalla RÚV

**Frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. var samþykkt á Alþingi í gær eftir hörð orðaskipti stjórnar og stjórnarandstöðu. Rekstrarhalli Ríkisútvarpsins var 420 millj. fyrstu sex mánuði síðasta árs og 196 milljónir árið 2005.**

**ALÞINGI** Halli á rekstri Ríkisútvarpsins (RÚV) nam um 420 milljónum króna fyrstu sex mánuði síðasta árs, en allt árið 2005 var halli á rekstri stofnunarinnar 196,2 milljónir króna. Hallinn árið 2004 var 49,8 milljónir króna.

Frumvarp menntamálaráðherra um að RÚV verði að opinberu hlutafélagi var samþykkt eftir hörð orðaskipti á Alþingi í gær með 29 atkvæðum stjórnarþingmanna gegn 21 atkvæði stjórnarandstöðu. Svo mikill kliður var í salnum að Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, hafði á orði að þingmenn yrðu að hafa sig hæga, ella færi að stórsjá á bjöllunni sem slegið er í til að þagga niður í þingmönnum.

Fyrir þingfund í gær var skriflegu svari Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur, þingmanns Vinstri grænna, um fjárhagsstöðu RÚV dreift á Alþingi. Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu harðlega að þetta svar skyldi ekki hafa komið fram á meðan umræða um frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. stóð á Alþingi.

„Það er lýsandi dæmi fyrir þessa málsmeðferð alla að svona skuli vera staðið að málum,“ sagði Kolbrún við upphaf utandagskrárumræðu um svar ráðherra. Hún segir menntamálaráðherra gera stjórnarandstöðu erfitt að ræða málið á Alþingi, og loks þegar ákveðið sé að taka málið til atkvæðagreiðslu sé svarið birt. Það hefði þurft að vera hluti af umræðunni um frumvarpið um breytt rekstrarfyrirkomulag RÚV.




**SKULDIR HAFA AUKIST** Uppsafnaðar skuldir RÚV um mitt ár 2006 námu tæplega 5,2 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Hér er ekkert nýtt á ferðinni, menn vissu það alveg að rekstrarstaða Ríkisútvarpsins hefur aldrei verið góð í gegnum tíðina, það hefur aldrei verið falið,“ sagði Þorgerður Katrín í svörum sínum. Hún lýsti undrun sinni á orðum Kolbrúnar, sem ætti sæti í menntamálanefnd og hefði haft þessar upplýsingar.

„Þetta fyrirtæki er á felgunni,“ sagði Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sem sagði að engan hefði órað fyrir því að staðan væri jafn slæm og svar menntamálaráðherra bæri með sér.

Uppsafnaðar skuldir RÚV um mitt ár 2006 voru 5.168 milljónir króna, og höfðu aukist úr 4.708,4 milljónum króna frá lokum árs 2005.

brjann@frettabladid.is

Margrét Sverrisdóttir:

# Fer ekki fram til formanns

**STJÓRNMÁL Margrét Sverrisdóttir, varaborgarfulltrúi Frjálslynda flokksins í Reykjavík, ætlar ekki að bjóða sig fram í kosningu um formannsembætti Frjálslynda flokksins á landsþingi hans sem haldið verður um helgina. Ef hún hefði gert það hefði hún farið fram gegn sitjandi formanni, Guðjóni A. Kristjánssyni.**

**Margrét ætlar þess í stað að bjóða sig fram gegn Magnúsi Þór Hafsteinssyni í kosningu um embætti varaformanns.**

**Hún segist hafa tekið ákvörðunina með hagsmuni flokksins að leiðarljósi; ef hún hefði boðið sig fram til formanns hefði flokkurinn klofnað. Margrét segist ekki vilja að það gerist því henni sé annt um Frjálslynda flokkinn.** - ifv

Forstöðumaður Byrgisins:

# Mætir ekki í skýrslutöku

**LÖGREGLUMÁL** Guðmundur Jónsson, fyrrum forstöðumaður Byrgisins, hefur enn ekki mætt í skýrslutöku hjá embætti sýslumannsins á Selfossi.



GUÐMUNDUR JÓNSSON

Gert hafði verið ráð fyrir að Guðmundur mætti í síðustu viku, eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir helgi. Hann hafði boðað að hann myndi leggja fram kæru á hendur skjólstæðingi Byrgisins sem kært hefur hann fyrir kynferðislega misbeitingu. Kvaðst Guðmundur myndu kæra konuna, sem hafði kært hann, fyrir nauðgun. Sú kæra hefur enn ekki borist að sögn Ólafs Helga Kjartanssonar, sýslumanns á Selfossi. - jss

BÍLL DAGSINS
OPEL CORSA COMFORT EA
Nýskr. 09.03 - bs / ssk - Ekinn 27 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Útvarpsstjóri reiknar með innan við 400 milljóna króna tapi á rekstri RÚV í fyrra:

# Rekstur í jafnvægi árið 2008

**ALÞINGI** Seinni hluta árs 2008 mun verða komið jafnvægi á rekstur Ríkisútvarpsins (RÚV), segir Páll Magnússon útvarpsstjóri. Hann segir að 420 milljóna tap fyrstu sex mánuði ársins 2006, sem upplýst var um á Alþingi í gær, hafi að nokkru verið unnið upp og hann reikni með því að heildartap á árinu 2006 nemi innan við 400 milljónum króna.

Páll segir að undanfarin ár hafi innbyggt tap í rekstri RÚV verið á bilinu 200 til 400 milljónir króna á ári, með þeirri undantekningu þó að það hafi verið innan við 50 milljónir árið 2004. Sveiflur skýrist einkum af gengisþróun.

„Þetta tap liggur fyrst og fremst í óhagstæðara gengi á árinu 2006 og á hækkunum á rekstrarkostnaði, sem urðu vegna launahækkana í kjarasamningum, og því að við fengum ekki hækkanir á afnotagjöldum í tvö ár, þar til hækkunin kom nú rétt fyrir áramót,“ segir Páll.



**TAPREKSTUR** Innbyggður taprekstur á bilinu 200 til 400 milljónir króna hefur verið á rekstri RÚV á undanförnum árum, segir Páll Magnússon útvarpsstjóri.

Hann segir að breytingar á lögum um RÚV, sem samþykktar voru á Alþingi í gær, hafi það í för með sér að hægt verði að rétta reksturinn af. Stofnefnahagsreikningur félagsins liggi fyrir og gert ráð fyrir því að nýja félagið byrji með 15 prósent eiginfjárhlutfall og skuldir þess við ríkissjóð verði lækkaðar til að ná því marki.

Gróf rekstraráætlun fyrir næstu ár hefur verið gerð og segir Páll að þar sé gert ráð fyrir því að síðla árs 2008 komist RÚV út úr taprekstrinum. Árið í ár verði því síðasta árið sem RÚV sé rekið með tapi. - bj




UMHVERFISVÆN SÍMASKRÁ 2007

# Þarftu að breyta þér í Símaskránni 2007?

Móttöku auglýsinga og skráninga í **Símaskrána 2007** fer senn að ljúka.

Ef þú vilt breyta skráningu þinni eða fyrirtækis þíns hafðu þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma **522 3200** eða sendu tölvupóst á **ja@ja.is**.

Skráningu lýkur 31. janúar 2007.

já

– er svarið

## GENGIÐ 23.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,79 | 69,11 |
| Sterlingspund | 136,5 | 137,16 |
| Evra | 89,47 | 89,97 |
| Dönsk króna | 12,002 | 12,072 |
| Norsk króna | 10,683 | 10,745 |
| Sænsk króna | 9,833 | 9,891 |
| Japanskt jen | 0,5662 | 0,5696 |
| SDR | 102,86 | 103,48 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
123,0216

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti eignarnámssátt á Vatnsendajörð í gær:

# Vatnsendabóndinn fær jarðir

**ERFÐAMÁL** Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingar í bæjarstjórn Kópavogs, segist telja að sátt sem gerð hafi verið við Þorstein Hjaltested um eignarnám um 863 hektara lands á Vatnsendajörðinni gæti fært Þorsteini tólf milljarða króna í aðra hönd.

Þetta kom fram í máli Guðríðar á bæjarstjórnarfundi í gærkvöldi. Hún tók þó fram að frjálslega útreikninga væri að ræða enda forsendur óljósar.

Ólafur Þór Gunnarsson, bæjarfulltrúi Vinstri grænna, taldi sáttina enn verðmætari fyrir Þorstein; jafnvirði 20 milljarða króna.

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri gagnrýndi hins vegar útreikninga Guðríðar og Ólafs harðlega. Benti Gunnar á að enginn gæti séð fyrir hvert lóðaverð yrði í framtíðinni.

„Ég vara bæjarfulltrúa við að vera að fabúlera eitthvað með tölur og láta hafa eftir sér í fjölmiðlum því ég mun svara þessu fullum hálsi," sagði bæjarstjórinn á fundinum í gær og bætti við að með sáttinni yrði ungu fólki tryggt byggingarland til framtíðar og bæjarsjóði góð framtíð.

Sáttin við Þorstein felur í sér að Kópavogsbær mun greiða Þorsteini 2.250 milljónir króna í peningum. Að auki fær Þorsteinn í sinn hlut 300 skipulagðar sérbýlislóðir og ellefu prósent allra lóða sem skipulagðar verða af bænum á svokölluðum H-reit. **- gar**



**GAMLI VATNSENDABÆRINN** Oddviti Samfylkingar í bæjarstjórn Kópavogs telur að sátt við bóndann geti fært honum tólf milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Landssamtök landeigenda:

## Lögunum verði breytt strax

**ÞJÓÐLENDUMÁL Nefnd sem unnið hefur að stofnun Landssamtaka landeigenda vill að Árni Mathiesen fjármálaráðherra einbeiti sér fyrir því að þjóðlendulögunum verði breytt strax. Í tilkynningu kemur fram að ráðherrann þurfi að gera þetta til að tryggja að ríkið geri ekki kröfur í jarðir með athugasemdalausum þinglýstum landamerkjabréfum.**

**Þau telja útspil fjármálaráðherra, að „endurskoða aðferðafræði ríkisins" varðandi þjóðlendukröfur þess, ekki fullnægjandi.**

**Samtökin verða stofnuð í Sunnusal Hótel Sögu klukkan 16 á morgun. - ifv**

Vodafone og RARIK:

## Slitinn ljósleiðari olli bilun

**FJARSKIPTI Símasamband Vodafone á höfuðborgarsvæðinu komst í samt lag síðdegis í gær eftir að ljósleiðari slitnaði um morguninn. Ástæða bilunar var sú að verktaki sleit í sundur ljósleiðara við framkvæmdir í austurhluta Reykjavíkur. Einnig urðu truflanir á fastlínusambandi hjá nokkrum fyrirtækjum og stofnunum. Truflana varð einnig vart á Akureyri og á Suðurlandi.**

**Þá bilaði háspennulína í gærmorgun um kl. 8 og fór rafmagn af Arnarstapa og Hellnum vegna þess. Viðgerð tók um tvær klukkustundir. - shá**



**Á HEIMLEIÐ** Þessir eþíópísku hermenn voru með þeim fyrstu sem voru sendir heim af herliðinu. NORDICPHOTOS/AFP

Þörf á friðargæslu í Sómalíu:

## Eþíópía kallar herlið sitt heim

**SÓMALÍA, AP** Eþíópía hóf að flytja herlið sitt út úr Sómalíu í gær.

Sérfræðingar hafa áhyggjur yfir því að brotthvarf Eþíópíuhers úr landinu geti leitt til stjórnleysis og endurkomu ofríkis stríðsherra sendi Afríkusambandið ekki friðargæsluliða fljótt á staðinn.

Á föstudag samþykkti Afríkusambandið áætlun um að senda 8.000 friðargæsluliða til Sómalíu í sex mánuði og síðan myndu Sameinuðu þjóðirnar taka við. Ekki er enn búið að ákveða framkvæmdina. **- sdg**

# Verð á IKEA-vörum svipað og í Svíþjóð

**Í verðkönnun á sex IKEA-vörum var verðið hæst í Osló, næsthæst hér á landi en lægst í Danmörku. Mestur verðmunur var á hvítum BILLY-bókaskáp, hann kostaði 53 prósentum meira í IKEA-versluninni hér á landi en í Osló.**

**NEYTENDUR** Vöruverð í verslun IKEA hér á landi virðist yfirleitt á svipuðu róli og í Svíþjóð, Noregi og Bretlandi, en heldur hærra en í Danmörku. Þegar Fréttablaðið kannaði verð á sex vörutegundum af handahófi reyndist verðið hæst í verslun IKEA í Osló, en lægst í verslun IKEA í Kaupmannahöfn.

Fréttablaðið er um þessar mundir að vinna verðkannanir á ýmsum vörum hér á landi og í nágrannalöndunum, í þeim tilgangi að sjá hver verðmunurinn er milli landanna og reyna að grafast fyrir um í hverju munurinn liggur.




Verð á IKEA-vörum er ákveðið árlega og gefið út í vörulista, sem auðveldar mjög samanburð á sömu vörutegundum milli landa. Í ljós kom að verðmunurinn var talsvert breytilegur eftir vörutegundum. Þannig var JOAKIM-skrifborðsstóllinn ódýrastur í versluninni hér á landi, þar sem hann kostaði 12.950 krónur, en dýrastur í Osló þar sem hann kostaði tæplega 3.200 krónum meira.

Hinar mikið seldu BILLY-hillur komu ekki jafn vel út, en hvít hilla í stærðinni 80x202 sentimetrar kostaði 4.950 krónur hérlendis en var ódýrust í Osló þar sem sama hilla kostaði 3.228 krónur. Hillurnar eru þannig 53 prósentum dýrari hér á landi.

Þegar reiknað var út samanlagt verð á vörutegundunum sex reyndist verslun IKEA í Osló vera með hæsta verðið, en næstdýrastar voru vörurnar í versluninni hér á landi. Ódýrastar voru IKEA-vörurnar sex í Kaupmannahöfn.

Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi, segir að það komi sér nokkuð á óvart að svo mikill verðmunur hafi verið á BILLY-hillunni, en í heildina sé hann sáttur við að verðið sé svo svipað í versluninni hér á landi og í saman-burðar-löndunum.

Hann segir að sjálfstæðar IKEA-verslanir kaupi vörur inn á sama verði, en þær verslanir sem reknar séu af IKEA-fyrirtækinu sjálfu fái annað verð. Allir sjái að álagningin í IKEA-versluninni hér á landi sé afar hófleg, enda um lágvöruverðs-verslun að ræða. Þórarinn vildi þó ekki tiltaka innkaupsverð eða álagningu verslunarinnar. **brjann@frettabladid.is**



**VERSLUNARFERÐ** Verð á sex vörutegundum í IKEA hér á landi var samtals 50.780 krónur, en sömu vörur kostuðu 50.380 krónur í Stokkhólmi í Svíþjóð, heimalandi IKEA. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### IKEA VÍSITALAN*

| | |
|---|---|
| Danmörk | 94 |
| Bretland | 97 |
| Svíþjóð | 99 |
| Ísland | 100 |
| Noregur | 103 |

*Verð á Íslandi reiknuð í vísitöluna 100.



### VERÐMUNUR Á IKEA-VÖRUM MILLI LANDA

| Vörutegund | Ísland | Kaupmannahöfn | Osló | Stokkhólmur | London |
|---|---|---|---|---|---|
| BANDORA-borðlampi | 2.990 | 2.678 | 2.834 | 3.008 | 3.052 |
| BILLY-bókaskápur 80x202 cm | 4.950 | 3.289 | 3.228 | 3.310 | 4.023 |
| FORSBY-eldhúsborð 180x100 | 19.950 | 20.164 | 21.831 | 20.070 | 18.726 |
| JOAKIM-skrifborðsstóll | 12.950 | 14.050 | 16.141 | 15.040 | 13.302 |
| KAUSTBY-eldhússtóll | 3.990 | 3.656 | 3.775 | 3.974 | 4.841 |
| RAMBERG-kommóða | 5.950 | 4.268 | 4.322 | 4.980 | 5.535 |
| **Verð á vörum samtals:** | **50.780** | **48.105** | **52.132** | **50.380** | **49.478** |

**Heimild:** Vefsíður IKEA á viðkomandi stað. Verð umreiknað í íslenskar krónur.



**RAFRÆNAR MÆLINGAR** Forystumenn fjölmiðlanna komu saman og kynntu fyrirkomulagið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rafrænar mælingar:

## Þykir bylting í mælingum

**FJÖLMIÐLAR** Rafrænar mælingar hefjast á þessu ári á sjónvarpsáhorfi og útvarpshlustun. Samningur um þetta var undirritaður af Ljósvakamiðlum 365, Ríkisútvarpsinu og Skjánum í gær við Capacent Gallup og gildir hann til 2012. Samningurinn þykir boða byltingu í mælingum á fjölmiðlanotkun.

Mælingarnar fara þannig fram að fólk ber lítið mælitæki á sér sem nemur hljóðmerki sem sent er samhliða útsendingum ljósvakamiðla. Þetta merki er falið í útsendingum. Því fylgja ýmsar upplýsingar sem nýtast við sjónvarpsmælingar, svo sem um á hvaða sjónvarps- eða útvarpsrás verðið er að horfa eða hlusta á og hvenær. **- kdk**

### SJÁVARÚTVEGSMÁL

**Fiskvinnsla hefst á Bíldudal**

Sjávarútvegsfyrirtækin Oddi á Patreksfirði og Þórsberg í Tálknafirði hafa ákveðið að stofna og hefja rekstur sjávarútvegsfyrirtækis á Bíldudal. Markmiðið er að atvinna skapist fyrir um fimmtán manns.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílvelta vegna hálku**

Fimm manneskjur sluppu naumlega þegar bíll valt í hálku rétt við Vopnafjörð um helgina. Að sögn lögreglunnar á Vopnafirði voru allir sem voru í bílnum fluttir til athugunar á Heilsugæslustöðina í Vopnafirði en ekkert alvarlegt reyndist ama að.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝTT EN VINDASAMT**

Það er nokkuð snarpur vindur í kortum dagsins, síst þó reyndar í uppsveitum á Suðurlandi og suðvestan til. Hvassast er í strengjum við fjöll á austurhelmingi landsins og síðan með norðurströndinni. Í nótt hvessir svo um allt land og áfram hvassast með norðurströndinni. Það lægir ekki að gagni fyrr en síðdegis á morgun og horfur á fremur hægum vindi á föstudag en þá kólnar nokkuð austan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Vestan 5-8 m/s og hætt við lítilsháttar súld. Hiti 4-7 stig.

um hádegi »




» á morgun




10-18 m/s, hvassast með ströndum á austurhelmingi landsins.

» föstudagur




5-10 m/s.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C skúrir | London | 5°C hálfskýjað | Alicante | 15°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 6°C hálfskýjað | París | 5°C skúrir | Mallorca | 11°C léttskýjað |
| Osló | -8°C hálfskýjað | Frankfurt | 2°C alskýjað | Algarve | 14°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | -2°C hálfskýjað | Friedrichshafen | -4°C slydda | Krít | 19°C heiðskírt |
| Gautaborg | -1°C heiðskírt | Berlín | 1°C alskýjað | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# götu markaður verðhrun

## á fatnaði og skóm

## Einungis 4 verð í gangi

enn meiri verð-lækkun



# 500kr

# 1000kr

# 1500kr

# 2000kr

nú á allt að seljast

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að Árni Johnsen eigi að vera á framboðslista Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi?*

| | |
|---|---|
| Já | 19,3% |
| Nei | 80,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með bandarískum stjórnmálum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Lögreglan rannsakar auglýsingar vefsíðna sem bjóða upp á fjárhættuspil og er niðurstaða væntanleg:

# Samstaða gegn auglýsingum Betsson

**VEÐMÁL** Ögmundur Jónassson, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, sagði í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær um auglýsingar um fjárhættuspil að bregðast þyrfti við auglýsingum sænska veðmálafyrirtækisins Betsson í íslenskum fjölmiðlum.

Þingmaðurinn sagði að Betsson bryti lög landsins með auglýsingunum og kallaði starfsemi þess „ólöglega“. Hann beindi þeirri fyrirspurn til Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, hvað hann hygðist gera til að stemma stigu við fjárhættuspilasíðum á netinu og auglýsingum þeirra.

Björn sagði að lögreglustjórinn í Reykjavík hefði rannsakað starfsemi Betsson frá því að hann sendi embættinu bréf um auglýsingarnar í lok mars í fyrra. Í bréfi Björns kom fram að lögreglan beitti sér fyrir því að auglýsingar fyrirtækisins í íslenskum fjölmiðlum yrðu stöðvaðar því sýnt væri að þær væru brot á happdrættislögunum. Betsson hefur verið til rannsóknar hjá embættinu síðan.

Jón H.B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að engin niðurstaða væri komin í rannsóknina á Betsson. Hann segir að niðurstaða rannsóknarinnar sé væntanleg.

Fleiri þingmenn tóku til máls í umræðunum og virðist vera þverpólitísk sátt um að bregðast þurfi við auglýsingum Betsson í íslenskum fjölmiðlum. **- ifv**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Þingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs var málshefjandi í utandagskrárumræðum á Alþingi um aðgerðir gegn auglýsingum um fjárhættuspil.

Forseti Íslands á Indlandi:

## Í þróunarráð

**ÞRÓUNARMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur þegið boð um að taka sæti í Þróunarráði Indlands. Ráðinu er ætlað að móta tillögur um á hvern hátt Indverjar geti styrkt efnahagslíf sitt og velferð þjóðarinnar án þess að umhverfi bíði varanlegt tjón af eða gæðum náttúrunnar verði stefnt í hættu.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**

Þróunarráðið skipa þekktir vísindamenn, sérfræðingar, stjórnendur rannsóknarstofnana og forystumenn á alþjóðavettvangi ásamt áhrifamönnum í indverskum þjóðmálum. Meðal þeirra verkefna sem Þróunarráðið mun fjalla um á næstunni er vatnsbúskapur Indverja, en bráðnun jökla og íss ógnar lífskjörum fjölda Indverja. **- shá**

Íkveikja í Þorlákshöfn:

## Eldsupptök á fleiri stöðum

**LÖGREGLUMÁL Fallið hefur verið frá kröfu um gæsluvarðhald yfir þriðja manninum vegna íkveikju og innbrots í íbúð í Þorlákshöfn aðfaranótt síðastliðins laugardags. Að sögn Ólafs Helga Kjartanssonar, sýslumanns á Selfossi, þótti ekki tilefni til að halda manninum lengur að loknum yfirheyrslum.**

**Tæknideild lögreglu höfuðborgarsvæðisins var enn að rannsaka upptök eldsins í gær en að sögn Ólafs Helga er talið ljóst að hann hafi komið upp á fleiri en einum stað.**

**Par á þrítugsaldri situr í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að þau hafi kveikt í íbúðinni eftir að hafa brotist inn í hana. Komst upp um manninn þegar hann reyndi að nota greiðslukort úr innbrotinu.** **- þsj**




**Þarftu breiðari bíl?**

Hjá Lýsingu bjóðum við þér einfalda lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

**Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500


# Aldrei jafn óvinsæll

**Vinsældir Bush Bandaríkjaforseta hafa aldrei verið jafn litlar og nú, þegar hann flutti næstsíðustu stefnuræðu sína. Í ræðunni boðar hann góða samvinnu við þingmeirihluta Demókrataflokksins í innanríkismálum.**

**WASHINGTON** Í gærkvöldi steig George W. Bush í ræðustól á Bandaríkjaþingi og flutti stefnuræðu sína, eins og Bandaríkjaforsetar gera jafnan um þetta leyti árs. Þetta er næstsíðasta stefnuræðan sem Bush flytur á embættistíð sinni.

Í ræðunni, sem hann flutti klukkan tvö í nótt að íslenskum tíma, nokkru eftir að Fréttablaðið fór í prentun, hugðist Bush bjóða andstæðingum sínum á þingi samvinnu í fjölda mála á innlendum vettvangi, meðal annars heilbrigðismálum, orkumálum og menntamálum, til þess að vega upp á móti djúpstæðum ágreiningi hans við demókrata um Íraksstríðið.

Samkvæmt nokkrum nýbirtum skoðanakönnunum, sem gerðar voru bæði í Bandaríkjunum og víðar um heim, hefur álit fólks á Bush og stefnu Bandaríkjastjórnar sjaldan verið minna en einmitt nú.

Tveir af hverjum þremur Bandaríkjamönnum telja Bush og ríkisstjórnina vera á villigötum, að því er fram kemur í skoðanakönnun sem AP fréttastofan lét gera. Þá telja sex af hverjum tíu litlar líkur á því að repúblikanar og demókratar geti á þingi komið sér saman um lausnir á helstu vandamálum þjóðarinnar.

Á hinn bóginn hefur stuðningur Bandaríkjamanna við áform forsetans um að senda fleiri hermenn til Íraks heldur vaxið eftir að hann kynnti þau áform í ræðu í síðustu viku. Fyrir ræðuna töldu 26 prósent það vera rétt, en nú er 31 prósent komin á þá skoðun.

Hins vegar eru 51 prósent mjög óánægð með frammistöðu forsetans, samkvæmt skoðanakönnun sem dagblaðið Washington Post og sjónvarpsstöðin ABC létu gera.

Þá segjast 65 prósent Bandaríkjamanna vilja að bandaríska herliðið fari frá Írak á næsta ári, samkvæmt skoðanakönnun dagblaðsins Wall Street Journal og sjónvarpsstöðvarinnar NBC.

Þá segir Washington Post að á síðustu sex áratugum hafi einungis tveir forsetar mælst jafn óvinsælir í skoðanakönnunum blaðsins, en það voru þeir Harry Truman þegar Kóreustríðið stóð sem hæst og Richard Nixon á tímum Watergate-hneykslisins.

Breska útvarpið BBC lét enn fremur gera skoðanakönnun sem náði til 26 þúsund manna í 25 löndum í öllum heimsálfum, þar sem 73 prósent svarenda sögðust andvíg stríðinu í Írak. Þá sögðust 49 prósent telja að Bandaríkin hefðu einkum slæm áhrif í heiminum, en aðeins 29 prósent sögðu Bandaríkin hafa einkum góð áhrif. **gudsteinn@frettabladid.is**

### Óánægja með Bush

Stefna Bush Bandaríkjaforseta mætir vaxandi andstöðu út um allan heim. Samkvæmt skoðanakönnun breska sjónvarpsstöðvarinnar BBC telja nú 29 prósent að Bandaríkin hafi aðallega jákvæð áhrif í heiminum, en fyrir einu ári voru 36 prósent þessarar skoðunar og 40 prósent fyrir tveimur árum. Könnunin náði til 26 þúsund manna í 15 löndum.

Álit á frammistöðu BNA gagnvart ...

| | ánægð | óánægð |
|---|---|---|
| kjarnorkuáformum Norður-Kóreu | 30% | 54% |
| kjarnorkuáformum Írans | 28% | 60% |
| hlýnun andrúmsloftsins | 27% | 56% |
| stríðinu í Írak | 20% | 73% |
| meðferð fanganna í Guantanamo | 16% | 67% |
| stríði Ísraels og Hezbollah í Líbanon | 21% | 65% |

26.381 svaraði skoðanakönnun gerðri í nóv-jan. Villumörk frá ±2.5% til ±4%

Heimild: BBS/ GlobeScan/PIPA © GRAPHIC NEWS



**LÆTUR EKKI DEIGAN SÍGA** Bush forseti kom til Hvíta hússins í Washington í gær til að flytja stefnuræðu sína eftir helgardvöl í Camp David. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kínverskur karlmaður á fertugsaldri ákærður fyrir Héraðsdómi Austurlands:

# Sakaður um tilraun til manndráps

**DÓMSMÁL** Rúmlega þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Austurlands fyrir tilraun til manndráps. Um er að ræða fyrrum starfsmann hjá Impregilo á Kárahnjúkum. Hann var rekinn úr starfi eftir atburðinn en úrskurðaður í farbann til 30. janúar vegna rannsóknarhagsmuna. Maðurinn er kínverskur ríkisborgari.

Ríkissaksóknari ákærir manninn fyrir tilraun til manndráps eins og áður sagði, en til vara sérstaklega hættulega líkamsárás. Honum er gefið að sök að hafa á nýársnótt veist að ítölskum starfsmanni á Kárahnjúkum og stungið hann tvívegis með hnífi. Afleiðingarnar voru þær að fórnarlambið hlaut tveggja sentímetra djúpt stungusár á hægri framhandlegg og tveggja sentímetra langt og þriggja sentímetra djúpt stungusár á síðu, við nýru. Atburðurinn átti sér stað í matsal vinnubúða á Kárahnjúkum.

Árásarmaðurinn tjáði sig ekki um efni ákærunnar við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Austurlands í fyrradag. Í farbannsúrskurði Héraðsdóms kom fram að hann hefði játað bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi að hafa stungið samstarfsmann sinn með hnífi, en hefur borið fyrir sig að um sjálfsvörn hafi verið að ræða.



**KÁRAHNJÚKAR** Árásin átti sér stað á Kárahnjúkum á nýársnótt.

Málflutningur í málinu fer fram á fimmtudag. **- jss**




## Helios Verðdæmi: 47.392



Snyrtilegt, fjölskylduvænt íbúðahótel með fallegum og vönduðum íbúðum.

Verð frá **47.392** á mann m.v. 2 með 2 börn í viku, brottför 18. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 55.039

## Elisso Verðdæmi: 48.393



Notalegt og afar vel staðsett hótel með góðum sundlaugargarði og barnalaug.

Verð frá **48.393** á mann m.v. 2 með 2 börn í viku, brottför 18. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 58.364

Íslendingar hafa tekið ástfóstri við afslappað og hlýlegt andrúmsloft Krítar. Sólin skín flesta daga ársins og hægur andvari frá hafi gerir loftslagið eitt hið besta í Evrópu. Krít er rómuð fyrir gestrisni heimamanna og daglegt líf á eyjunni er litríkt og spennandi. Stórbrotin náttúrufegurð og einstök menningarsaga eyjunnar blasir við hvarvetna. Gist er á úrvals hótelum í bæjunum Chania og Rethymnon og boðið er upp á fjölbreyttar skoðunarferðir. Komdu til Krítar og drekktu í þig menninguna.

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu há er álagning á Levi's gallabuxum á Íslandi samkvæmt könnun Fréttablaðsins?*
2. *Hvað vill Grétar Mar Jónsson að Frjálslyndi flokkurinn heiti?*
3. *Í hvaða landi fæddist íslenski handknattleikslandsliðsmaðurinn Alexander Petersson?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Friðsöm mótmæli gegn stjórnvöldum leystust upp í átök á götum Beirút:

# Ofbeldisalda gekk yfir Líbanon í gær

**LÍBANON, AP** Það sem áttu að vera friðsöm mótmæli Hizbollah-samtakanna gegn stjórnvöldum í Líbanon snerust upp í verstu ofbeldisöldu síðan samtökin hófu herferð sína gegn ríkisstjórninni fyrir tveim mánuðum.

Stjórnarandstæðingar lögðu í gær niður störf og brenndu dekk og bíla á stórum umferðargötum í höfuðborginni Beirút. Átök brutust út milli stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna víða um landið. Talið er að yfir hundrað manns hafi særst í átökunum, þar af 25 í skotbardögum. Að minnsta kosti tveir létust. Samgöngur lömuðust víða vegna mótmælanna.



**ÓÖLD Á GÖTUM BEIRÚT** Hermenn eltu uppi stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna sem tókust á víða um borgina. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðherrar og embættismenn stjórnvalda í Líbanon sögðu atburði gærdagsins tilraun til valdaráns. Hizbollah-samtökin og stuðningsmenn þeirra krefjast afsagnar Fuads Saniora, forsætisráðherra Líbanons, og að stjórn landsins, sem hefur stuðning Bandaríkjanna, veiti samtökunum meiri völd. Saniora hefur þvertekið fyrir það.

Alþjóðleg ráðstefna fer fram á fimmtudaginn í París, þar sem ætlunin er að safna fimm milljörðum Bandaríkjadala í aðstoð og lán til endurbyggingar í Líbanon eftir þá miklu eyðileggingu sem átök Ísraels og Hizbollah-samtakanna í sumar höfðu í för með sér.

**- sdg**

Landsvirkjun nýtir tæknina:

# Vefur um virkjanir í Þjórsá

**VIRKJANAMÁL** Landsvirkjun gefur landsmönnum nú kost á því að kynna sér allt sem viðkemur fyrirhuguðum virkjunum í Neðri-Þjórsá á vef sínum. Innan skamms verður opnaður sérvefur um virkjunarmálefni á svæðinu á sama hátt og var gert vegna virkjunar við Kárahnjúka.

Landsvirkjun hyggst reisa þrjár virkjanir vegna orkuþarfar stækkunar á álveri Alcan í Straumsvík. Þær eru Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Íbúar fjögurra sveitarfélaga eiga landréttindi á því svæði.

**- shá**

Hvað er barnið þitt að gera á Netinu?
Fyrirlestur í verslun Vodafone, Skútuvogi 2 í dag og á morgun kl. 17:00
„Persónulegar og félagslegar hættur sem felast í netnotkun án ábyrgðar“
Björn Harðarson, sálfræðingur
Allir velkomnir
vodafone

# Byrgið lét hættulega menn ganga lausa

**Annþór Karlsson og Jens Hjartarson sem dvöldu í Byrginu en fundust ekki þegar yfirvöld leituðu að þeim hafa ekki lokið afplánun vegna ofbeldisbrota. Gengu lausir með leyfi Guðmundar Jónssonar. Byrgið einsdæmi, segir afbrotafræðingur.**

**FANGELSISMÁL** Fangarnir tveir, sem áttu að dveljast í Byrginu en fundust ekki þegar Fangelsismálastofnun ætlaði að vitja þeirra, hafa hlotið þunga dóma fyrir alvarleg ofbeldisverk, annar þeirra fyrir tilraun til manndráps.

Annar mannanna heitir Jens Hjartarson og hlaut sjö ára dóm í desember 2003, meðal annars fyrir tilraun til manndráps. Hann réðst að sex manns vopnaður hnífi, stakk einn þannig að af hlaust djúpt stungusár rétt ofan við lifur og skar síðan ungan pilt á háls. Litlu munaði að hnífurinn skæri í sundur slagæðar piltsins.

Hinn heitir Annþór Karlsson og hlaut þriggja ára dóm fyrir stórfellda líkamsárás. Hann hafði verið eftirlýstur af lögreglu og var handtekinn á Keflavíkurflugvelli þar sem hann reyndi að flýja land. Hann hafði í slagtogi við tvo aðra menn veist að manni, sem lá slasaður í rúmi sínu, með trékylfu og barið hann í líkama og höfuð. Hann á að baki langan sakaferil. Þriðji maðurinn sem dvaldi í Byrginu er síbrotamaður á fertugsaldri.



**ANNÞÓR KARLSSON**

Erlendur Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun, sem sér um vistun fanga í og utan fangelsa, segir að stofnuninni hafi borist fregnir af því að þeir fangar sem dveldu í vímuefnameðferð í Byrginu sættu ekki þeim reglum sem þar um giltu, heldur hefðu þeir mun meira frjálsræði en þær kvæðu á um. „Forráðamenn voru kallaðir á fund Fangelsismálastofnunar vegna þess. Þegar ljóst var að þetta var ekki eins og það átti að vera, þá kipptum við þessum mönnum úr Byrginu.“



**BYRGIÐ** Tveir dæmdir abrotamenn sem höfðu ekki lokið afplánun vegna grófra ofbeldisverka fengu að ganga lausir á meðan þeir dvöldust í meðferð í Byrginu.

Erlendur veit ekki fyrir víst hversu lengi fangarnir voru fjarverandi en að ljóst væri að það hefði verið yfir nótt hið minnsta. Þeir hafi sagst hafa fengið leyfi hjá Guðmundi Jónssyni, fyrrverandi forstöðumanni Byrgisins. Þá eru uppi grunsemdir um að þeir hafi fengið viðlíka leyfi áður.

Frá árinu 2002 hafa 25 fangar verið vistaðir á vegum Fangelsismálastofnunar í Byrginu. Erlendur heldur þó að Byrgið sé einstakt tilfelli. „Ég held því miður að flest hafi verið í ólagi í Byrginu, ekki eitthvað eitt.“

Þegar Fréttablaðið leitaði til annarra stofnana sem hýsa fanga, sem ljúka afplánun sinni utan fangelsisveggjanna, fengust þau svör að fangar hefðu aldrei komist upp með það að ganga frjálsir hjá þeim. Þar lutu þeir ströngum eftirlitsreglum og fengju aldrei að vera fjarverandi af stofnununum yfir nótt. Ekki náðist í Guðmund Jónsson né aðra forsvarsmenn Byrgisins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

**- þsj/jss**

ALGJÖRT VERÐHRUN
...á útsölunni
Mikið úrval á ótrúlegu verði



XSTREAM DESIGN AN 07 01 003
ANAS
Fjörður • Hafnarfirði • 565 7100

Hreindýr hljóp af sér hornin fyrir framan bónda á Hnaukum við Djúpavog:

# Víraflækjur valda þjáningum

**AUSTURLAND** „Það er eins og hornin séu enn á höfðinu á dýrinu, svo harðlega eru þau bundin saman af gaddavírnum,“ segir Rúnar Gunnarsson, bóndi á Hnaukum við Djúpavog. Á leið sinni milli Álftafjarðar og Djúpavogs, fyrir skömmu, mætti Rúnar hreindýrahjörð sem var á leið meðfram veginum. Í baksýnisspeglinum sá hann svo að eitt dýranna hljóp fyrir aftan bílinn og lét undarlega. Skyndilega missti það hornin og hljóp svo sína leið. Þegar Rúnar fór út og skoðaði hornin sá hann að um þau var mikill gaddavír vafinn og segir hann fullvíst að dýrinu hafi mikið létt við að losna við þessa miklu þyrnikórónu.

„Hreindýr missa hornin einu sinni á ári en það var sérstakt að sjá þetta dýr hlaupa þau af sér eins og þarna gerðist,“ segir Rúnar, sem hyggst geyma hornin.

Jóhann G. Gunnarsson, hjá Umhverfisstofnun á Austurlandi, segir að trassaskapur mannanna bitni allt of oft á dýrunum. Oft komi fyrir að hreindýr þurfi að burðast með víraflækjur á hornunum svo mánuðum skipti sem jafnvel dragi þau til dauða á endanum. „Stundum þarf að fella dýrin vegna þess hve vírinn hefur sært þau illa,“ segir Jóhann, sem telur illt til þess að vita hve miklum þjáningum gamlar girðingar, netadræsur og símavírar, sem löngu eru hætt að þjóna tilgangi sínum, geti valdið skepnum.

**- kdk**



**ÞYRNIKÓRÓNA** Gaddavír sem flækist um horn dýra getur hæglega dregið þau til dauða. MYND/DJÚPIVOGUR.IS

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

www.icelandexpress.is

# Velkomin í hóp hinna bestu!

Iceland Express, aðal stuðningsaðili Badmintonsambands Íslands, óskar landsliðinu okkar innilega til hamingju með glæsilegan sigur á Evrópumóti B-þjóða. Áfram Ísland!



**Evrópumeistarar B-þjóða í badminton 2007:** Magnús Ingi Helgason, Tinna Helgadóttir, Atli Jóhannesson, Katrín Atladóttir, Helgi Jóhannesson, Halldóra Elín Jóhannsdóttir, Njörður Lúðvíksson og Ragna Ingólfsdóttir.

Fíton/SÍA FI18659

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

www.icelandexpress.is

Iceland Express






Reynt að bæta viðkomu fugla á Tjörninni, sem hefur aldrei verið lélegri:

# Ungum gefið kjarngott fæði

**FUGLALÍF** Ungum á Tjörninni verður gefið kjarngott fæði næsta vor. Þetta verður gert í kjölfar árlegrar skýrslu Ólafs K. Nielsen og Jóhanns Óla Hilmarssonar fyrir Umhverfissvið Reykjavíkurborgar um fuglalíf Tjarnarinnar. Niðurstaða hennar var sú að viðkoma Tjarnarfugla hefði verið afleit á síðasta ári, annað árið í röð, og ekki mælst jafnléleg frá upphafi mælinga 1973.

„Við tökum skýrsluna alvarlega,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar. „Ef ekki verður að gert eigum við á hættu að glata því skemmtilega fuglalífi sem hefur verið í og við Tjörnina í Reykjavík. Við höfum af þeim sökum ákveðið að grípa þegar í stað til aðgerða í samráði við garðyrkjustjóra og höfunda skýrslunnar og förum eftir þeim ábendingum sem fram hafa komið hjá þeim.“

Aðeins grágæsir komu upp ungum sínum affallalítið á síðasta ári. Gargönd, skúfönd, æður og kría virðast ekki hafa komið upp neinum ungum. Líklegar ástæður eru fæðuskortur í tjörn og sjó og ásókn sílamáfa. Umhverfisráð samþykkti í fyrradag aðgerðir til að bæta stöðuna, með því að beita fælingu við Tjörnina og fleiri aðgerðum á sílamáfinn. - jss



**TJARNARFUGLAR** Í vor verður tekið til við að fóðra unga til að viðhalda Tjarnarstofnunum.

# Kona í skolpi sakar Grund um siðleysi

**Ylfa Carlsson segir forsvarsmenn Grundar hunsa viðhald íbúða sem vistheimilið hefur eignast í fjölbýlishúsum í nágrenninu til að þvinga fólk til að selja íbúðir sínar. Skolp flæddi um íbúð Ylfu á Brávallagötu um helgina.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það komst enginn á klósett hér í húsinu alla helgina,“ segir Ylfa Carlsson á Brávallagötu 48, sem um síðustu helgi lenti í því að mannasaur og annar úrgangur flæddi upp um öll niðurföll á heimili hennar.

Í stigagangi hússins eru fjórar íbúðir, þar af þrjár í eigu vistheimilisins Grundar. Íbúð Ylfu er eign Félagsbústaða Reykjavíkur. Á laugardag stíflaðist niðurfall í kjallara og skolpið flæddi um íbúðina.

Ylfa segir enga þjónustu vera hjá Félagsbústöðum um helgar og að hjá Grund hafi verið brugðist illa við óskum hennar og annarra íbúa hússins við að koma til aðstoðar. Á sunnudagskvöld hafi hún sjálf komið heim frá dvöl á heilsuhæli og undir nóttina loks náð að kalla til pípulagningamann sem losað hafi stíflu í niðurfalli í kjallaranum. Sonur Ylfu og tvær konur sem eru leigjendur hjá Grund hafi áður í sameiningu reynt að halda viðbjóðnum í skefjum. Í gær hafi síðan mætt tveir menn á vegum Félagsbústaða og sótthreinsað íbúðina.

Ylfa segir þetta skolpflóð ekki fyrsta dæmið um slík ósköp frá því hún flutti inn í húsið fyrir fjórum árum. Margoft hafi verið fengnir menn til að losa stíflur í niðurfallinu í kjallaranum en ávallt sæki í sama farið. Augljóslega þurfi að grafa upp gömlu lögnina og endurnýja. Við þessu skelli Grundarmenn skollaeyrum þótt Ylfa hafi ítrekað óskað eftir því að eðlilegu viðhaldi hússins væri sinnt.

„Grund hefur aldrei þrifið neitt hér í húsinu þau fjögur ár sem ég hef verið hér og ég bara afsegi að ég haldi áfram að þrífa fyrir þetta fólk. Verri nágranna en þetta Grundarfólk hef ég aldrei á ævinni nokkurn tíma vitað,“ segir Ylfa örg.

Ylfa hefur sínar skýringar á því sem hún kallar hirðuleysi forsvarsmanna Grundar gagnvart bæði endurbótum á húsinu og daglegum rekstri á borð við þrif og umhirðu lóðarinnar.

„Þeir eru að kaupa upp íbúðir kerfisbundið hérna um allt í nágrenninu og raunverulega eru þeir að gera fólki ómögulegt að búa í húsunum svo það selji og þeir geti keypt. Mér finnst þetta algerlega siðlaus framkoma,“ segir Ylfa sem sjálf hugsar sér til hreyfings: „Þetta er algjörlega að gera mig brjálaða og ég ætla að flytja héðan.“ gar@frettabladid.is



**YLFA CARLSSON** Segist þreytt á að búa í húsi þar sem vistheimilið Grund eigi meirihluta íbúða en hunsi skyldur sínar sem húseiganda. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**ÓFÖGNUÐURINN** Þetta blasti við um helgina á heimili Ylfu Carlsson.

Framkvæmdastjóri segir Grund ekki bera ábyrgð á ástandinu á Brávallagötu 48:

# Ætti að leita til Félagsbústaða

**HEILBRIGÐISMÁL** „Mér vitanlega hefur þessi kona aldrei leitað til húseiganda síns, sem er Félagsbústaðir. Að minnsta kosti hafa Félagsbústaðir aldrei haft samband við okkur vegna þessa máls,“ segir Júlíus Rafnsson, framkvæmdastjóri á Grund.

Júlíus telur eðlilegra að Ylfa Carlsson á Brávallagötu 48 leiti til Félagsbústaða með sín erindi varðandi ástand húseignarinnar en ekki til Grundar eins og hún hafi ítrekað gert.

Júlíus segir að málum sé þannig háttað á Brávallagötu 48 að tvær íbúðir séu saman á frárennslislögn öðru megin í stigaganginum. Grund eigi þannig aðeins eina íbúð á þeirri lögn. „Okkar leigjendur í húsinu hafa ekki kvartað,“ segir Júlíus, sem bendir ennfremur á að ef þurfi að gera lagfæringar á lögnum utan hússins heyri það undir Húsfélag alþýðu.

Að sögn Júlíusar kæmi til greina að leggja í endurbætur á Brávallagötu 48 leiti Félagsbústaðir eftir því. Grund hafi þá reglu varðandi þann fjölda íbúða sem vistheimilið eigi í nágrenninu að hafa ekki frumkvæði að kostnaðarsömum viðgerðum sem ef til vill kæmu illa fjárhagslega niður á meðeigendum Grundar í þeim fjölbýlishúsum. Hins vegar taki stjórnendur vistheimilisins ætíð til athugunar ef hugmyndir komi um slíkt frá öðrum.

Þá vísar Júlíus því algjörlega á bug sem Ylfa segir að Grund þvingi fólk til að selja íbúðir. Grund eigi íbúðir á mörgum öðrum stöðum og að aðrir nágrannar kvarti síst yfir sambúðinni. - gar



**JÚLÍUS RAFNSSON** Framkvæmdastjóri Grundar segir sína leigjendur á Brávallagötu 48 ekki hafa kvartað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verslunarmenn hafa ekki orðið varir við samdrátt í janúar þrátt fyrir að sölumet hafi fallið í desember:

# Mikið að gera á útsölum verslana í ár

**VERSLUN** Enginn samdráttur hefur orðið í verslun í janúar, að sögn þeirra verslunarmanna sem Fréttablaðið ræddi við. Sölumet féllu í desember, en landsmenn virðast ekki hafa lagt kortunum enn.

Pétur Ívarsson, verslunarstjóri Hugo Boss í Kringlunni, sagði útsöluna ganga vel í ár. „Það er alltaf mjög gott að gera á útsölum hjá okkur og það er ekki verra í ár en áður, nema síður sé,“ sagði hann. Pétri þótti ljóst að landsmenn væru ekki farnir að hafa áhyggjur af skuldahala eftir jólin. „Ég býst við að það sé eins með visa-reikninginn hjá flestum. Maður er ekkert að flýta fyrir sjokkinu með því að kíkja á heimabankann,“ sagði Pétur.

Árni Þór Árnason, verslunarstjóri Elko við Smáratorg, hafði sömu sögu að segja. „Útsalan sem byrjaði strax eftir áramót gekk mjög vel og fólk virðist bara ekkert vera að hætta þessu kaupæði,“ sagði hann. „Janúar er bara ágætur – maður býst alltaf við því að salan dragist saman, en svo kemur þetta manni alltaf jafn mikið á óvart,“ sagði hann.

Framkvæmdastjóri sérvörusviðs Haga, Gerður Ríkharðsdóttir, tók í sama streng. „Ég svara fyrir verslanir á borð við Útilíf, Debenhams, Topshop, Zöru, Karen Millen og fleiri, og þær eru allar á eða yfir áætlun,“ sagði Gerður. „Það eru engin merki á lofti um að sala sé að dragast saman,“ bætti hún við.

- sun



**PÉTUR ÍVARSSON** Verslunarstjóri Hugo Boss segir útsöluna ganga vel í ár eins og önnur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.








**Á YSTU NÖF** Þýskur slökkviliðsmaður reynir að meta undarlegar aðstæður í bílastæðahúsi þar sem ökumaður sem ætlaði að bakka í stæði ruglaðist á bensíngjöf og bremsu. NORDICPHOTOS/AFP

Héraðsdómur mun taka fyrir skaðabótakröfu á hendur Keri vegna samráðs:

# Á að fjalla um ýtrustu kröfu

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur þarf að taka ýtrustu kröfu Sigurðar Hreinssonar gegn Keri, fyrrverandi eiganda Esso-bensínstöðvanna, til efnislegrar meðferðar samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Krafa Sigurðar er sú að Ker greiði honum skaðabætur samkvæmt mati dómsins vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna verðsamráðs olíufélaganna á árunum 1995–2001.

Sigurður höfðaði mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna tjóns af völdum samráðs olíufélaganna. Hann gerði þar kröfu um 180 þúsund króna skaðabætur, en til vara 35 þúsund, og til þrautvara 26 þúsund, allt með vöxtum og dráttarvöxtum. Ýtrasta krafa var sú að héraðsdómur dæmdi honum bætur samkvæmt eigin mati.



**KRÖFUR** Ýtrustu kröfur Sigurðar Hreinssonar gegn Keri, fyrrverandi eiganda Esso-bensínstöðvanna, verða teknar fyrir í héraðsdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Með dómi héraðsdóms frá 6. desember síðastliðnum var Ker sýknað af kröfu og varakröfu Sigurðar og öðrum kröfum vísað frá dómi. Hæstiréttur hefur nú lagt svo fyrir að héraðsdómur taki ýtrustu kröfuna til meðferðar, en staðfest héraðsdóm að öðru leyti.

Neytendasamtökin greiða kostnaðinn vegna málsóknar Sigurðar og líta á það sem prófmál vegna þess tjóns sem einstaklingar urðu fyrir vegna ólöglegs samráðs olíufélaganna. - bj

Ráðamenn í Evrópuríkjum:

# Vissu allt um fangaflugið

**BRUSSEL, AP** Þingnefnd á vegum Evrópuþingsins telur fullvíst að ráðamenn í Bretlandi, Póllandi, Þýskalandi, Ítalíu og fleiri Evrópuríkjum hafi vitað af leynilegu fangaflugi á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA.

Nefndin staðfesti í gær skýrslu um málið, sem ítalski þingmaðurinn Giovanni Fava skilaði til nefndarinnar í haust. Nefndin hefur gert ýmsar breytingar á skýrslunni, en engar sem breyta þeirri meginniðurstöðu að stjórnvöldum í þessum ríkjum hafi verið kunnugt um flugið. - gb

Ráðagóður þyrluflugmaður:

# Feykti dádýri í sjálfheldu í land

**BANDARÍKIN** Flugmaður sjónvarpsfréttaþyrlu í Oklahomaríki í Bandaríkjunum kom dádýri til hjálpar á afar nýstárlegan hátt á miðvikudaginn var. Dádýrið var í sjálfheldu á ísilögðu vatni og komst ekki upp, en með hjálp þyrluspaðanna feykti flugmaðurinn því í land. Þetta kemur fram á fréttavef sjónvarpsstöðvarinnar CNN.

Dýrið rann á maganum yfir vatnið uns það náði landi og stóð upp, án efa fegið björguninni. - sþs

Ekki fannst olíublautur fugl við strandstað Wilson Muuga þegar fuglaáhugamenn fóru á vettvang:

# Aldrei fleiri hafernir við vetrartalningu

**UMHVERFISMÁL** Fleiri hafernir en nokkru sinni áður sáust við árlega vetrarfuglatalningu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem fram fór í byrjun janúar. Æður var algengust sem fyrr en óvenjufáir snjótittlingar sáust vegna snjóleysis þegar talningin fór fram. Ekki sást olíublautur fugl í kringum strandstað Wilson Muuga.

Talið var á um 150 einstökum svæðum um land allt og hafa niðurstöður þegar borist frá 132 svæðum. Alls tóku um 130 manns þátt í talningunni og voru það allt sjálfboðaliðar eins og ávallt í sögu þessara talninga. Þegar hafa verið skráðir um 112 þúsund fuglar af 75 tegundum.

Óvenjumargar súlur sáust en þær koma yfirleitt að landinu síðla í janúar og fleiri hafernir, tólf talsins, sáust en nokkru sinni áður, allt frá Meðallandi í austri, vestur og norður um til Vestfjarða. Meðal sjaldgæfra fuglategunda sást hvítönd í Meðallandi og kúfönd á Sogi en sú síðarnefnda er sárasjaldgæfur flækingur frá Norður-Ameríku.

Í fuglatalningu þessa árs var sérstaklega litið eftir olíublautum fugli í kringum strandstað Wilson Muuga. Fuglatalningin náði til allra þeirra strandsvæða sem kynnu að hafa orðið fyrir olíumengun úr strandinu en aðeins einn olíublautur æðarfugl sást. Leitað var sérstaklega að dauðum fuglum á strandlengjunni frá Hvalsnesi norður í Garð, með hjálp þrautþjálfaðs fuglahunds, en enginn fugl fannst. - shá



**HAFÖRN** Aldrei áður hafa verið taldir eins margir hafernir í fuglatalningu NÍ, tólf alls.




# Ánægja með lofthelgiseftirlit

**Ráðuneytisstjórar eistnesku varnar- og utanríkismálaráðuneytanna segja Eista hæstánægða með lofthelgiseftirlit NATO. Loftrými bandalagsins sé eitt og óskipt. Ísland er nú eina NATO-ríkið án reglubundins eftirlits.**

**VARNARMÁL** Eistar eru hæstánægðir með reynsluna af aðildinni að Atlantshafsbandalaginu, ekki síst lofthelgiseftirlitinu sem NATO hefur séð þeim og hinum Eystrasaltsþjóðunum; Lettum og Litháum, fyrir frá því þjóðirnar þrjár gengu í bandalagið vorið 2004.

Þetta segja ráðuneytisstjórar ráðuneyta varnarmála og utanríkismála í Eistlandi, þeir Lauri Allmann og Matti Maasikas, en þeir voru í hópi háttsettra eistneskra embættismanna sem voru í fræðsluferð hér á landi á vegum Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands.

Allmann segir Eista ekki stefna að því að koma sér upp eigin flugher. „Bandalagsþjóðirnar í Evrópu ráða yfir yfrið nægum flugherafla og út frá heildarhagsmunum bandalagsins séð er það því skynsamlegast að við einbeitum okkur að því að byggja upp annars konar varnargetu sem getur komið bandalaginu til góða,“ segir hann.



EFTIRLITSFLUG F-16 þota belgíska flughersins á leið í eftirlitsflug yfir Eystrasaltslöndunum frá herflugvelli í Litháen. NORDICPHOTOS/AFP



Í FRÆÐSLUFERÐ Lauri Allmann, ráðuneytisstjóri varnarmálaráðuneytis Eistlands, og Matti Maasikas, ráðuneytisstjóri eistneska utanríkisráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eins og er skiptast flugherir NATO-ríkja á um það á hálfs árs fresti að leggja til þotur og áhafnir til að sinna lofthelgiseftirliti þar eystra, en ákveðið hefur verið að lengja frestinn í heilt ár. Samkvæmt núgildandi samningum á þetta kerfi að haldast að minnsta kosti fram til ársins 2018. Kostnaðurinn skiptist þannig að útgerðarríki þotnanna leggur til þoturnar og áhafnir þeirra, en gistiríkið annast alla þjónustu við þær á jörðu niðri.

Þótt eistnesk stjórnvöld séu að auka útgjöld til varnarmála hröðum skrefum leggur Maasikas áherslu á að það standi ekki í neinu samhengi við þá staðreynd að með lofthelgiseftirlitinu þiggi Eistar dýra þjónustu af öðrum NATO-ríkjum.

Bæði Allmann og Maasikas leggja áherslu á að lofthelgiseftirlitið fari fram á grundvelli þeirrar meginreglu að loftrými NATO sé eitt og óskipt. „Við styðjum þetta heilshugar, að sama grunnreglan eigi við um allt loftrými NATO,“ árétta þeir. Ísland er nú eina NATO-ríkið þar sem ekkert reglubundið lofthelgiseftirlit fer fram, umfram það eftirlit sem Ratsjárstofnun sinnir.

audunn@frettabladid.is




NÝ ÞJÓNUSTA KYNNT Hreyfiskynjari lætur vita ef ekki greinist hreyfing í ákveðinn tíma hjá eldri borgurum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Öryggismiðstöðin:

## Ný þjónusta eykur öryggið

**ÖRYGGISMÁL** Öryggismiðstöðin hefur sett á markað þjónustu undir nafninu „Heimaöryggi eldri borgara“ og á hún að stórauka öryggi eldri borgara heima. Þjónustan er þrískipt. Hún gengur út á það að eldri borgarar beri neyðarhnapp um úlnliðinn auk þess sem hreyfiskynjari lætur vita ef ekki greinist hreyfing heima hjá viðkomandi í ákveðinn tíma og reykskynjari sem tengist stjórn stöð Öryggismiðstövarinnar lætur vita ef kviknar í.

Að uppfylltum vissum skilyrðum kemur Tryggingastofnun ríkisins til móts við hluta kostnaðar sem hlýst af þessari nýju þjónustu. - ghs





**SKÍN Í HÁLFT TUNGL** Fyrirsæta spásserar hér í nýstárlegum kjól sem myndi seint teljast heppilegur klæðnaður í íslenska rokinu. NORDICPHOTOS/AFP

Tugir þúsunda Tyrkja söfnuðust saman í Istanbúl þegar Hrant Dink var jarðsettur:

# Krefjast frjálsara samfélags

**TYRKLAND, AP** Tugir þúsunda manna gengu um götur Istanbúl, höfuðborgar Tyrklands, í gær og kölluðu eftir frjálsara tyrknesku samfélagi þar sem fólk væri ekki myrt vegna skoðanna sinna.

Tyrknesk-armenski ritstjórinn Hrant Dink, sem var skotinn til bana um hábjartan dag fyrir utan vinnustaðinn sinn af herskáum þjóðernissinna í seinustu viku, var jarðsettur í gær í einni fjölmennustu jarðarför sem farið hefur fram í Istanbúl. Þrátt fyrir óskir aðstandenda Dink um að jarðarförin myndi ekki snúast upp í mótmæli hrópuðu syrgjendur slagorð á borð við „öxl í öxl gegn fasisma“ og „morðingi 301“ sem vísar til tyrkneskrar lagagreinar um að sækja megi fólk til saka fyrir að móðga Tyrkland. Dink var ákærður fyrir að brjóta lagagrein 301 ásamt fleirum á borð við rithöfundinn Orhan Pamuk sem hlaut Nóbelsverðlaun í fyrra.

Sautján ára drengur hefur játað að hafa skotið Dink og herskár þjóðernissinni sem var dæmdur fyrir sprenguárás á McDonalds-veitingastað árið 1994 hefur játað að hafa skipulagt morðið.

Fulltrúar Evrópusambandsins hafa lýst yfir áhyggjum með slíkar ákærur en Tyrkland sækist eftir því að fá inngöngu í ESB en lítið hefur verið um fjöldamótmæli í Tyrklandi vegna skorts á málfrelsis þangað til í gær. - sdg



**MANNFJÖLDI MINNIST DINK** Fólk gekk með skilti og hrópaði slagorð á borð við: „Við erum öll Hrant Dink“ og „Við erum öll Armenar“ á tyrknesku og armensku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kortaþjófur á Sauðárkrók:

# Lögreglan á kortaslóðinni

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn í Steypustöðina á Sauðárkrók á laugardaginn og hafði þjófurinn kortaveski á brott. Þjófurinn lagði því næst leið sýna til Reykjavíkur og náðist þar.

Lögreglan á Sauðárkrók sagði að auðvelt hefði reynst að hafa hendur í hári kauða því nóg hefði verið að fylgja kortaslóðinni, eins og það var orðað. Nóg var að fá upplýsingar um þá hraðbanka þar sem innbrotsþjófurinn hafði reynt að taka út af kortinu og líta svo á upplýsingar eftirlitsmyndavélanna. Telur lögreglan þetta sýna mikilvægi slíkra véla. - kdk




**KHADAFFY JANJALANI** Stórfé var lagt til höfuðs Janjalanis. MYND/AP

DNA-próf staðfestir andlát:

# Hryðjuverkaforsprakki drepinn

**FILIPPSEYJAR, AP Khadaffy Janjalani, leiðtogi Abu Sayyaf-hryðjuverkahópsins, lést í átökum við hermenn 4. september 2006, að sögn yfirvalda á Filippseyjum. Þetta staðfesti DNA-próf í Bandaríkjunum.**

**Bandaríska sendiráðið lagði fimm milljónir bandaríska dala til höfuðs Janjalani, en hryðjuverkahópur hans er talinn bera ábyrgð á fjölda árása. Meðal þeirra var sprengjuárás á ferju, sem banaði 116 manns.**

**Lögreglan á Filippseyjum býr sig nú undir að samherjar Janjalanis reyni að efna til hefndarárása. Forseti landsins segist vilja uppræta fátækt, svo hryðjuverkamenn geti ekki tælt bágstatt fólk til ofbeldisverka.** - sgj

**NOREGUR**

## Sælgætispoki í stórþorski

Karlar í slægingunni hjá fiskvinnslufyrirtækinu Vardöbruket í Finnmörku í Noregi ráku upp stór augu þegar þeir ristu á kviðinn á 25,8 kílóa stórþorski. Út valt 1,5 kg ýsa, tveir litlir kóngakrabbar og heill óopnaður sælgætispoki. Þetta kom fram hjá skip.is.

# Fyrstur kemur fyrstur fær

**Auglýst verður fljótlega útboð á öryggisgæslu og eftirliti á Keflavíkurflugvelli. Verið er að vinna skipulag svæðisins og úttekt hefst fljótlega á fasteignum og mengun. Viðræður um einstakar eignir hefjast brátt.**

**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Auglýst verður á næstunni eftir hugmyndum um framtíðarnot af fasteignunum á Keflavíkurflugvelli og verður í framhaldi af því farið í útboð á starfsemi og eignum og samningaviðræður um verkefni. „Fyrstur kemur, fyrstur fær – svo fremi sem það passar við okkar meginstefnu við nýtinguna á húsnæðinu,“ segir Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar.

Verið er að undirbúa útboð á öryggisgæslu fyrir svæðið í heild sinni og í framhaldi af því verður farið í útboð á daglegu eftirliti á svæðinu. „Það þarf að vera stöðugt eftirlit með húsunum, halda hita á þeim og fylgjast með því að allt sé í lagi. Síðan förum við í úttekt á mengunarmálunum,“ segir Magnús.

Skipulag Keflavíkurflugvallar er í vinnslu í samvinnu við Reykjanesbæ, Garð og Sandgerði og er vinna við úttektir á öllum fasteignum á svæðinu að hefjast. Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður Þróunarfélagsins, segir ljóst að fasteignir séu yfirleitt í mjög góðu ástandi en nokkrar þurfi þó að fjarlægja.

Um eitt hundrað hugmyndir að starfsemi hafa borist Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar, til dæmis hraðflutningamiðstöð, alþjóðleg háskólastarfsemi, flugtengd starfsemi, æfingavöllur fyrir NATO og aðstaða fyrir Lögregluskólann og Landhelgisgæsluna. Enn er tekið á móti hugmyndum á vefsíðunni www.kadeco.is.

Þróunarfélagið er með fjóra starfsmenn og gerir Magnús ráð fyrir að öll starfsemi verði boðin út og vill fá tekjur sem fyrst þar sem rekstur svæðisins kostar félagið nokkra tugi milljóna króna á mánuði. „Við erum að vonast til að fyrstu útboðin verði auglýst fljótlega og erum að undirbúa það. Ég á von á að á næstunni verði auglýst ýmis verkefni sem við þurfum að ná samkomulagi um og svo er hugsunin sú að auglýsa að við séum tilbúin til að ræða um ýmsar eignir.“

Magnús segir að á næstunni verði girt af varnarsvæði næst við flugvöllinn. Þar verður tekið frá svæði fyrir NATO og um hundrað íbúðir fyrir fólk á vegum þess. Svæðið verður girt af með hárri girðingu, svipaðri og varnarsvæðið hefur verið afgirt með hingað til.

ghs@frettabladid.is



**ÚR EINSTAKLINGSÍBÚÐ** Magnús Gunnarsson stjórnarformaður sýnir blaðamönnum setustofu í blokk fyrir einstaklinga. Þessi mynd er úr einni af flottustu blokkunum þar sem flugmenn bjuggu yfirleitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**NÝLEG TÆKI** Vegleg líkamsræktaraðstaða er á fyrstu hæðinni í flestöllum blokkunum á svæðinu. Hér má sjá Magnús Gunnarsson, stjórnarformann Þróunarfélagsins, reyna sig við nýleg tæki.



**SALUR TIL BOLTAIÐKUNAR** Ein besta íþróttaaðstaða landsins er á Keflavíkurflugvelli. Í íþróttahúsinu er góð sundlaug og nokkrir salir til ýmissa nota, til dæmis boltaiðkunar og fyrir ballettkennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Tilboð dagsins

Blandaðir sjávarréttir í tómat-basil sósu

990 kr./kg.

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir

FISKISAGA Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is


Ferskt blandað hakk
FERSKAR KJÖTVÖRUR
Kartöflumús hálft kíló
159 KR.
4 x 125g
Potato Mash
Aardappelpuree
Potatismos, bas
Perunamuusihiutale
30% afsláttur við kassann
Ferskt blandað hakk verð nú:
489 KR.
Merkt verð 698KR.
Spagettí - 1 kíló!
59 KR.
Spaghetti
Skynsemin velur Bónus!
Bónustilboð í 4. viku 2007
EKKERT BRUDL
40% afsláttur við kassann
Laukbuff Íslandsgrís verð nú:
239 KR.
Merkt verð 398KR.
PYNGD UM 420g
ÍSLANDS GRÍS
GRÍSA LAUKBUFF
Bónus býður betur!
Niðursoðnir tómatar 400g
33 KR.
Fruit muesli
Fruktmüsli
Frukt musli
Hedelmämysli
Morgunmúslí heilt kíló
159 KR.
Fitulitlar, trefjaríkar, mjúkar og góðar
RÚGKÖKUR
Léttristaðar fyrir neyslu
Í morgunmat, vinnuna
-í skólann, milli mála...
Polarbrauð 6 rúgkökur
159 KR.
Rågkaka
GULLFISKUR
Bitafiskur 200g
PRÓTÍNBOMBA!
899 KR.
BITAFISKUR
Dried Fish - Bites
80% prótín innihald
Smyrja
Létt með smjöri
Smyrja 300g
98 KR.
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### Ekki jafnaðarmenn

**„Samfylkingin þykist vera jafnaðarmannaflokkur en er það ekki. Flokkurinn gætir ekki hagsmuna almennings þegar litið er til eignarhalds yfir fiskinum í sjónum. Samfylkingin sættir sig við að fáir eigi kvótann. Jafnaðarmenn eiga ekki að sætta sig við það.“**

GRÉTAR MAR JÓNSSON, VARAÞINGMAÐUR FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS UM EINA ÁSTÆÐU ÞESS AÐ NAFNI FLOKKSINS VERÐI BREYTT Í FRJÁLSLYNDA JAFNAÐARMANNAFLOKKINN.

**Fréttablaðið 23. janúar**

### Minnkuðu áhættuna

**„Það verður að senda hann á Vernd eins og aðra. Þar er hann undirbúinn eins og aðrir til þess að fara út í samfélagið. Með því að setja hann á Vernd töldum við okkur vera að minnka áhættuna á að hann fremdi frekari brot.“**

VALTÝR SIGURÐSSON FANGELSISMÁLASTJÓRI UM MÁL ÁGÚSTS MAGNÚSSONAR SEM DÆMDUR HEFUR VERIÐ FYRIR KYNFERÐISBROT GEGN SEX DRENGJUM.

**Fréttablaðið 23. janúar**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÞÓREY EDDA ELÍSDÓTTIR STANGARSTÖKKVARI

## *Við æfingar í Þýskalandi*

„Það er bara allt gott að frétta hjá mér. Ég bý í Leverkusen í Þýskalandi og er að æfa á fullu alla daga. Ég var heima um jólin en fór aftur út í byrjun janúar,“ segir stangarstökkvarinn Þórey, sem er enn að jafna sig eftir meiðsli en eykur æfingarnar smátt og smátt. „Ég er svona að koma mér af stað og er byrjuð að stökkva meira. Hinn 9. febrúar tek ég þátt í litlu móti hérna í Þýskalandi og er farin að búa mig undir Evrópumeistaramótið innanhúss sem ég bind þó litlar vonir við vegna meiðslanna,“ segir Þórey og bætir því við að hún ætli frekar að nýta kraftana í heimsmeistaramótið sem haldið verður í ágúst. „Svo eru líka mörg minni mót í sumar sem ég ætla að taka þátt í þannig að þessa dagana reyni ég bara að æfa mikið og koma mér í gott form.“



Meðfram stangarstökkinu stundar Þórey nám í byggingarverkfræði við Háskóla Íslands. „Ég reyni að læra eins mikið og ég get en fer heim til að taka próf. Ég tók jólaprófin heima og fer örugglega aftur heim til Íslands í vor til að taka próf. Það er náttúrlega heilmikil vinna að vera í svona fjarnámi og ég geri lítið annað en að æfa og læra þessa dagana,“ segir Þórey, sem gefur sér þó stundum tíma til að slappa af. „Um síðustu helgi skrapp ég til Hollands og heimsótti vini mína sem búa þar. Það var mjög skemmtilegt og ég reyni að vera dugleg að heimsækja þá sem ég þekki hér í nágrenninu. Það tekur enga stund að ferðast á milli staða, ég var til dæmis bara klukkutíma að skreppa yfir til Hollands,“ segir Þórey.

## AÐ BLÓTA ÞORRA:
### FORN SIÐUR

■ Þorrinn er fjórði mánuður vetrar og hefst með bóndadegi á tímabilinu 18. til 24. janúar. Elstu heimildir um þorrablót eru frá miðöldum en þar er blótunum ekki lýst. Þorrablót eins og við þekkjum þau í dag voru fyrst haldin í kaupstöðum á 19. öld af fólki sem vildi bragða gamla matinn sem það þekkti úr sveitinni og hitta sveitunga sína. Þessar matar- og drykkjuveislur lögðust smám saman af. Um miðja 20. öld hófu átthagasamtök á höfuðborgarsvæðinu þorrablótin aftur til vegs og virðingar í þéttbýli.
Heimild: Saga daganna eftir Árna Björnsson, 1996.



## SJÓNARHÓLL
### ÁLAGNING Á LEVI´S GALLABUXUM



RAGNHEIÐUR GUÐFINNA GUÐNADÓTTIR VERKEFNISSTJÓRI

## *Samfélagið skapar markaðinn*

„Í fyrsta lagi finnst mér merkjatískan fáránleg og þótt mér þyki Levi´s gallabuxur flottar þá getur maður fengið alveg eins flott föt á lægra verði,“ segir Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir verkefnisstjóri um fjörutíu prósenta álagningu á Levi´s gallabuxum hérlendis. „Samfélagið sjálft er búið að skapa þetta. Það kaupir svona dýr föt þrátt fyrir álagningu og kaupmenn nýta sér það. Ef fólk væri ekki tilbúið að borga þetta væri þetta ekki svona,“ segir Ragnheiður ákveðin. Hún hefur sterkar skoðanir á því að börn séu klædd í merkjavörur af foreldrum sínum. „Það er algert bull að vera að ala merkjadýrkun upp í fólki. Með því er verið að leggja þeim eina mjóa línu í viðmiðum og gera börnum sem ekki eiga efnaða foreldra erfitt fyrir. Það er mikilvægt að foreldrar átti sig sjálfir á því að föt skipta ekki öllu máli og geri börnum sínum grein fyrir því. Sjálf blanda ég fötum mikið og eru merkjavörur í miklum minnihluta í fataskápnum mínum.“

# Erlendir nemar láta til sín taka

**Komandi kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands gætu markað þáttaskil í háskólapólitíkinni. Erlendir nemendur skipa sæti á öllum framboðslistum og gætu því fengið fulltrúa í Stúdentaráð í fyrsta sinn.**

Kosningar til Stúdentaráðs fara fram dagana 7. og 8. febrúar. Þá kemur í ljós hverjir fara með völd í Stúdentaráði næstu misserin. Christian, Elham og Fabrizio eru öll í framboði, hvert fyrir sína fylkinguna.

### Vantar talsmann fyrir erlenda nemendur

Þjóðverjinn Christian Rainer Rebhan skipar fyrsta sæti á lista Háskólalistans og er því afar líklegur til að næla sér í sæti í Stúdentaráði. „Það væri mjög gott ef erlendir nemar fengju fulltrúa í Stúdentaráði og ég vona auðvitað að ég komist inn,“ segir Christian, sem hefur dvalið á landinu í tæplega eitt og hálft ár og stundar MA-nám í alþjóðasamskiptum. „Mig langaði að beita mér fyrir Háskólann og fannst Háskólalistinn besti kosturinn. Listinn leggur áherslu á að raddir erlendra nema fái að heyrast og einbeitir sér að málefnum skólans í stað þess að stilla sér upp til hægri eða vinstri eins og vill stundum einkenna hinar fylkingarnar,“ segir Christian, sem setur hagsmuni erlendra nemenda í forgang.

„Mig langar að bæta skólann. Við erlendu nemarnir höfum þann kost að geta skoðað skólann svolítið utanfrá með augum gestsins og komum því auga á hluti sem þarf að laga sem aðrir taka ef til vill ekki eftir. Það er því mikilvægt að okkar raddir fái að heyrast,“ segir Christian.



**Í FYRSTA SÆTI** Christian Rainer Rebhan skipar fyrsta sætið á lista Háskólalistans. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

### Margt sem má betur fara

Hin íranska Elham Sadegh Tehrani skipar sjöunda sæti á framboðslista Vöku. Hún sinnir nú formennsku ISA, Félags erlendra nema við HÍ, annað árið í röð og sækist jafnframt eftir formennsku í Alþjóðanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Elham hefur dvalist hér á landi í sex ár og stundar nám í matvælafræði.

„Þetta er merkilegt ár fyrir erlenda nemendur því við höfum aldrei tekið svona mikinn þátt í stúdentapólitíkinni áður,“ segir Elham en málefni erlendra stúdenta eru henni hugleikin. „Erlendum nemum við Háskóla Íslands fjölgar. Rektor leggur áherslu á öflugri alþjóðatengsl og að fá fleiri erlenda nema og skiptinema til náms við skólann. Núna eru 900 erlendir nemar við Háskólann, aðeins 200 þeirra eru eiginlegir skiptinemar en 700 eru nemar í fullu námi sem dvelja hér lengur en í eina önn eða ár. Þetta þýðir að einn af hverjum tíu nemum við Háskólann er nú erlendur,“ segir Elham og bætir því við að margt þurfi að laga í skólanum. „Vilji rektor koma Háskóla Íslands á lista bestu skóla í heimi og auka erlent samstarf þarf að bæta aðstæður erlendra nema, við verðum til dæmis að eiga rétt á því að taka próf á ensku,“ segir Elham sem lítur á kosningarnar sem gott tækifæri fyrir erlenda nema til að hafa áhrif á stúdentapólitíkina.



**FABRIZIO FRASCAROLI** Hefur búið á Íslandi í sex ár og fylgst vel með málefnum Háskólans.

### Þarf að hressa upp á Stúdentaráð

Fái Röskva góða kosningu er líklegt að Fabrizio Frascaroli, frá Ítalíu, fljúgi inn í Stúdentaráð en hann skipar fimmta sætið á lista Röskvu. Fabrizio segist alltaf hafa verið áhugasamur um stjórnmál og lítur á framboð sitt sem gott tækifæri til að koma hugsjónum sínum til leiðar.

„Ég hef verið viðloðinn Háskólann nokkuð lengi og þekki samfélagið því vel,“ segir Fabrizio, sem stundar MA-nám í mannfræði en rak einnig Stúdentakjallarann um nokkurt skeið. „Í gegnum starfið á Stúdentakjallaranum fékk ég gott sjónarhorn á það sem var að gerast í skólalífinu og það er reynsla sem á eftir að nýtast mér mjög vel. Þar kynntist ég líka Röskvu og sá að þar var fólk sem vildi framkvæma og breyta svo ég slóst í hópinn.“

Málefni erlendra nema eru ekki einu málin sem Fabrizio vill beita sér fyrir. „Ég held það þurfi að breyta svolítið til í Stúdentaráði. Þetta er orðin hálf stöðnuð „stofnun“ og það mætti stokka aðeins upp. Einhvers konar hugarfarsbreyting þarf að eiga sér stað, ekki bara í Stúdentaráði sjálfu heldur líka meðal nemenda sem þurfa að bera virðingu fyrir þessari stofnun,“ segir Fabrizio.



**ELHAM SADEGH TEHRANI** Segir ýmislegt í aðbúnaði erlendra nema við Háskóla Íslands þurfa að breytast, vilji skólinn auka erlent samstarf. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN


Morgunverður frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga
verslun opnar kl. 10:00



195,-
IKEA
IKEA Restaurant & Café
Þú átt allt gott skilið!
©Inter IKEA Systems B.V.2007

**Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:**



# Tölvunám vorið 2007 Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2006 • 20 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 34.300 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE Authorized Centre Select

Microsoft CERTIFIED Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Hagnýt verkefnastjórnun

Ef þú stjórnar verkefnum er þetta einstæða nám fyrir þig. Kennd er árangursrík verkefnastjórnun byggð á hinni vinsælu PRINCE2 aðferðafræði ásamt áætlanagerð og stjórnun verkefna með Microsoft Project forritinu. Unnin eru verkefni tengd starfi þátttakenda í náminu.

**Leiðbeinandi** er Halldór Kristjánsson, verkfræðingur og framkvæmdastjóri, en hann hefur mikla reynslu af stjórnun stórra og smárra verkefna og atburða og að kenna verkefnastjórnun. Hann hefur einnig aðstoðað fyrirtæki við að innleiða formlega verkefnastjórnun.

Námskeiðið er á föstudögum, kl. 9:00-12:00 og hefst 26. janúar 2007.

**Lengd**: 50 stundir/33 klst. **Verð**: 89.900

### Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta skemmtilega nám er fyrir þá sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefsíðugerð, vefhönnun og vefstjórnun. Kennt er að vinna vef frá fyrstu hugmynd og þar til hann er tilbúinn til birtingar á Internetinu:

- HTML kóðun
- Vefsíðugerð með Dreamweaver
- Myndgerð og myndvinnsla með Photoshop og Flash

Námskeiðið er á þriðju- og fimmtudögum kl. 16:15-19:15 og hefst 8. febrúar 2007.

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. **Verð**: 99.900 • Allt að 5 ára lán

### Skrifstofunám

**Hagnýtt bókhaldsnám**

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjörs og fleira

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 94 stundir/63 klukkust. **Verð**: 99.900

**Skrifstofu- og tölvunám**

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 159.900

**Skrifstofu- og bókhaldsnám**

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 229.900

*Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)*

* Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.

### MCSA netstjórnun

MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráða Microsoft er mjög eftirsótt og er þetta nám mjög góður undirbúningur fyrir hana. Taka þarf fjögur MCP próf til þess að fá gráðuna og eru þau öll innifalin í verði námskeiðsins. Hægt er að taka námið í tveimur áföngum, annars vegar sem Netumsjón MCP og hins vegar sem Netumsjón MCP II.

Kennd er netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional Sp2 (70-270), Windows 2003 Server R2 (70-290), Windows Server 2003 Network Infrastructure (70-291) og Exchange Server 2003 (70-284).

**Lengd**: 225 stundir/150 klst. **Verð**: 299.900. Kennt er á þriðju- og fimmtudögum kl. 16:15-19:15.

### Góð byrjun

**Almennt tölvunám**

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

*Helstu kennslugreinar*

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

**Lengd**: 90 stundir/60 klst.
**Verð**: 69.990 • Allt að 3 ára lán

**Tölvuþekking fyrir konur**

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

**Lengd**: 60 stnd./40 klst. kvöld
**Verð**: 47.900 • Allt að 3 ára lán

**Tölvunám fyrir 50+**

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

**Lengd**: 72 stnd./48 klst.
**Verð**: 59.900 • Allt að 3 ára lán

### Annað MCP nám

**Netumsjón MCP**

Þetta ítarlega og gagnlega nám er fyrsti áfanginn að MCSA gráðu og er sniðið fyrir þá sem vilja sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Ítarleg yfirferð á Windows XP Professional SP2 (70-270) og Windows 2003 Server R2 (70-290).

Kennt er á þriðjudaga og fimmtudaga kl. 16:15-19:15.

Tvö MCP próf innifalin.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. **Verð**: 159.900

**Netumsjón MCP II**

Ef þú ert þegar búinn að taka grunnprófin þá hentar þetta nám vel sem lokaáfangi að MCSA gráðu. Kennd er stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Exchange Server 2003 (70-284).

Kennt er á mánudaga og miðvikudaga kl. 16:15-19:15.

Tvö MCP próf innifalin.

**Lengd**: 99 stundir/66 klst. **Verð**: 159.900

**Annað MCP nám**

- Windows XP Pro SP2 (70-270) Lengd: 60 st./39 klst. Verð: 89.900
- Windows Server 2003 R2 (70-290) Lengd: 60 st./39 klst. Verð 89.900
- Exchange Server 2003 (70-284) Lengd: 49 st./33 klst. Verð: 89.900
- Win 2003 Network Infrastr. (70-291) Lengd: 49 st./33 klst. Verð: 89.900

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

**Byrjendanámskeið**

Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
Windows XP fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

**Access**

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/25.900*
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
Access III: Fjölvar og forritun með VBA • *36 stundir/52.900*

**Word**

Word1a: Grunnur ritvinnslu • *9 stundir/verð 10.900*
Word Ib: Betri ritvinnsla • *13 stundir/verð 16.900*
Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
Word II: Framhald • *22 stundir/verð 26.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 16.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 6.900*

**Excel**

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 22.500*
Excel II: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
Excel II: Fjármál, bókhald og endursk. • *18 st./verð 34.500*
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

**PowerPoint**

PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

**Outlook**

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*

**Publisher**

Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

**Vefsíðugerð**

FrontPage 2003 vefsíðugerð • *22 stundir/verð 24.500*
DreamWeaver vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
DreamWeaver og Photoshop • *33 stundir/verð 49.900*
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

**Myndvinnsla og grafík**

Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 15.900*
Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *22 stundir/verð 26.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

**FileMaker**

FileMaker notendanámskeið • *18 stundir/verð 26.500*
FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun • *27 st./54.900*

**Windows XP**

Windows XP fyrir venjulega notendur • *9 st./verð 12.900*

**Verkefna- og tímastjórnun**

PRINCE2 verkefnastjórnun • *22 stundir/verð 49.900*
Microsoft Project verkefnastjórnun • *22 st./verð 39.900*
Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 14.900*

www.tv.is

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

## Svona erum við

> Fjöldi bíógesta á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: EINBIRNISSTEFNAN Í KÍNA

# Haldið fast við barneignatakmarkanir

Ráðuneyti mannfjölda- og fjölskylduáætlanamála í Kína hefur tilkynnt að haldið verði fast við einbirnisstefnuna svonefndu til að hindra að fjölgun íbúa fari fram úr hófi, þar sem fjölmennir árgangar fólks sem fætt er snemma á níunda áratugnum eru nú komnir á barneignaraldur.

**Hvernig hófst einbirnisstefnan?**
Frá því í lok áttunda áratugar nýliðinnar aldar hafa kínversk stjórnvöld framfylgt stefnu sem bannar borgarbúum að eignast fleiri en eitt barn og sveitafólki að eignast fleiri en tvö. Þeir sem óhlýðnast þessu sæta sektum og öðrum viðurlögum. Með því að framfylgja þessari stefnu hefur tekist að hægja verulega á fólksfjölgun í fjölmennasta ríki heims, en það er ein meginforsendan fyrir þeim efnahagslegu framförum sem nú eru hröðum



skrefum að skila sér í Kína. Samkvæmt mati stjórnvalda í Peking hefur stefnan stuðlað að því að um fjögur hundruð milljónum færri börn hafa fæðst en ella á þeim rúma aldarfjórðungi sem hún hefur verið við lýði.

**Hvaða vandamál fylgja stefnunni?**
Alvarlegasta vandamálið sem rakið er til einbirnisstefnunnar er að mun fleiri sveinbörn fæðast en stúlkur. Auðvelt aðgengi að ómsjám sem gera það mögulegt að greina kyn fósturs hefur leitt til þess að mun fleiri stúlkufóstrum er eytt en drengfóstrum. Á árinu 2005 fæddust 118 sveinbörn á móti hverjum 100 stúlkubörnum í Kína. Þetta hlutfall var 108 á móti 100 árið 1982. Þetta veldur því að fyrirsjáanlegt er að heil kynslóð kínverskra karlmanna muni eiga í erfiðleikum með að finna sér maka. Yfirvöld hyggjast bregðast við þessu með upplýsingaherferð miðaðri að því að breyta því rótgróna viðhorfi að æskilegra sé að eignast son en dóttur, með refsingum við kynvalsfóstureyðingum stúlkufóstra og hagrænum hvötum á borð við lífeyri fyrir foreldra stúlkubarna.

## SPURT & SVARAÐ

VERÐ Á LEVI'S-GALLABUXUM

### *Álagning stingur í stúf*

Könnun Fréttablaðsins á verði á Levi's-gallabuxum sýnir að þær eru dýrari hér á landi en í löndunum í kringum okkur. Álagning verslana er hærri í krónum talið en innkaupsverðið á buxunum, álagningin er 43 prósent af söluverðinu en innkaupsverðið er 40 prósent. Jóhannes Gunnarsson er formaður Neytendasamtakanna.



JÓHANNES GUNNARSSON
Formaður Neytendasamtakanna.

**Hvað finnst þér um þessar niðurstöður?**
Þetta stingur verulega í stúf, það að álagningin skuli vera hærri en innkaupsverðið.
**Af hverju er álagning á vörur svona há hér?**
Við lifum við það Íslendingar að hér er vöruverð með því hæsta sem gerist í heiminum. Ástæðan fyrir því er aðallega fákeppni á markaði að mínu mati. Í þessu tilviki eru neytendur að borga heilmikið fyrir vörumerkið því vissulega er samkeppni á fatamarkaði.
**Hvað er hægt að gera í þessu?**
Ég held að það sé hægt að lækka vöruverð hér á landi með aukinni samkeppni á markaði.






# Meirihluti á móti evru og ESB

**Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks eru helst mótfallnir evru og umsókn um aðild að Evrópusambandinu, en stuðningsfólk Samfylkingar er þessu helst fylgjandi.**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, hefur sagt íslensku krónuna næsta ónýtan gjaldmiðil og að huga beri að því að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi. Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins, sem gerð var laugardaginn 20. janúar, er meirihluti þjóðarinnar henni ósammála. Ekki hafa fleiri verið mótfallnir því að sótt sé um aðild, síðan í könnun Gallup frá því apríl 2003, þegar 27,8 prósent aðspurðra voru því fylgjandi, 42,1 prósent var því mótfallin og 30,1 prósent var óákveðið.

**Dregur úr stuðningi meðal kjósenda Sjálfstæðisflokks**
Frá því Fréttablaðið spurði síðast um hvort Ísland ætti að sækja um aðild að Evrópusambandinu, 19. febrúar 2006, hefur andstaðan við það aukist meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins, um tæplega 15 prósentustig. Nú segjast 65,3 prósent ekki vilja að Ísland sæki um aðild. 20,2 prósent eru því fylgjandi, sem eru rúmum 12 prósentustigum færri en í síðustu könnun. 14,8 prósent stuðningfólks Sjálfstæðisflokksins eru óviss og fækkar óvissum örlítið frá síðustu könnun.

Stuðningsfólk Sjálfstæðisflokksins er því einnig mest mótfallið að evra sé tekin upp hér á landi sem gjaldmiðill. 66,1 prósent segist ekki vilja það, 23,0 prósent eru því fylgjandi. 10,9 prósent svara hins vegar ekki.

**Næstmest andstaða við aðild hjá Framsóknarflokki**
60,0 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn eru því andvíg nú að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. Þetta er nokkur breyting frá síðustu könnun blaðsins, þegar 48,5 prósent stuðningsfólks Framsóknarflokksins voru mótfallin umsókn.

Hlutfall óákveðinna er svipað nú og var þá, en 17,1 prósent er óákveðið. 22,9 prósent stuðningsfólks Framsóknarflokksins segjast hins vegar vilja að Ísland sæki um aðild, sem er 11,7 prósentustigum minna en í könnun blaðsins í febrúar 2006.

Meirihluti stuðningsfólks Framsóknarflokksins er einnig mótfallinn þeirri hugmynd að taka upp evru hér á landi, eða 55,9 prósent. 29,4 prósent framsóknarfólks eru því fylgjandi en 14,7 prósent óákveðin.

**Dregur úr andstöðu frjálslyndra**
Mögulegum kjósendum Frjálslynda flokksins hefur fjölgað nokkuð síðan Fréttablaðið spurði síðast um afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu og hefur dregið verulega úr andstöðu við það.

52,2 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa Frjálslynda flokkinn segjast nú andvíg því að sótt sé um aðild, 12,5 prósentustigum minna en var í síðustu könnun. Aukning skiptist nokkuð jafnt á milli þeirra sem eru óákveðnir og þeirra sem eru fylgjandi umsókn. 34,8 prósent stuðningsmanna flokksins segjast nú fylgjandi umsókn í Evrópusambandið, 13,0 prósent eru óákveðin.

Meirihluti þeirra sem segjast myndu kjósa Frjálslynda flokkinn er jafnframt mótfallinn þeirri hugmynd að taka upp evru sem gjaldmiðil, 54,4 prósent. 39,1 prósent er því fylgjandi en 6,5 prósent eru óákveðin.

**Skarpari línur hjá Samfylkingu**
Einungis meðal stuðningsfólks Samfylkingar er meirihluti fyrir því að sækja um aðild að Evrópusambandinu og hefur stuðningur við það aukist aðeins frá síðustu könnun. Nú segjast 50,5 prósent samfylkingarfólks vera fylgjandi aðildarumsókn, sem er rúmum átta prósentustigum meira en í síðustu könnun blaðsins. Andstaða við umsókn hefur jafnframt aðeins aukist, en nú segjast 41,2 prósent vera því mótfallinn, 5,8 prósentustigum meira en í síðustu könnun. Hins vegar hefur óákveðnum fækkað um 14,0 prósentustig og eru nú 8,3 prósent óákveðin.

Meirihluti þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkingu eru jafnframt fylgjandi því að taka upp evru hér á landi sem gjaldmiðil, 54,6 prósent. 33,0 prósent samfylkingarfólks eru því mótfallin og 12,4 prósent eru óákveðin.




Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins 20. janúar 2007

**Vinstri græn ákveðin í afstöðu**
Fæstir óákveðnir í afstöðu sinni til aðildarumsóknar finnast meðal mögulegra kjósenda Vinstri grænna, 6,7 prósent.

Meirihluti stuðningfólks Vinstri grænna, 59,6 prósent, er mótfallinn aðildarumsókn og er það 20,4 prósentustigum meira en í síðustu könnun blaðsins. Er það mesta breytingin sem varð frá síðustu könnun í prósentustigum talið. Þeim sem eru fylgjandi aðild hefur fækkað um 5,4 prósentustig og eru nú 33,7 prósent. Óákveðnu stuðningfólki Vinstri grænna hefur hins vegar fækkað um 15,0 prósent.

Svipað hlutfall kjósenda Vinstri grænna er einnig mótfallið því að taka upp evru, 54,6 prósent. 38,6 prósent vilja hins vegar að evra verði gjaldmiðill á Íslandi, en 6,8 prósent eru óákveðin.

**Óákveðnir eru óákveðnir**
Af þeim sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa ef boðað yrði til kosninga nú, en flestir af þeim eru óákveðnir, eru 21,6 prósent óákveðin í afstöðu sinni til aðildarumsóknar.

Þeir sem neikvæðir eru gagnvart umsókn eru nú tíu prósentustigum fleiri en í síðustu könnun, 49,2 prósent. 29,0 prósent þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa eru hins vegar hlynnt aðild.

Þessi hópur er aðeins ákveðnari í afstöðu sinni gegn því að evran verði hér tekin upp. 57,6 prósent segjast ekki vilja að evra verði hér gjaldmiðill. 28,5 prósent eru því hlynnt, en 14,0 prósent eru hins vegar óákveðin í afstöðu sinni til evrunnar.

Hringt var í 800 kjósendur laugardaginn 20. janúar 2007 og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Fyrst var spurt „Á að taka upp evru sem gjaldmiðil í stað íslensku krónunnar?" og tóku 87,9 prósent aðspurðra afstöðu til spurningarinnar. Einnig var spurt „Á Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu?" og tóku 84,0 prósent afstöðu til spurningarinnar.



FRÉTTASKÝRING
SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
svanborg@frettabladid.is


TOSHIBA
MARGVERÐLAUNUÐ HÁGÆÐA SJÓNVARPSTÆKI
framtíðin
hefst núna...
Þú þarft ekki að bíða lengur !
TOSHIBA
REGZA
WLG66 Örþunnt 47" LCD
Ótrúleg myndgæði
- það fullkomnasta í dag!
HD ready
Full HD upplausn
1920x1080 pixlar
Kynningarverð: kr. 499.900 stgr.
JANÚARTILBOÐ!!
Á meðan birgðir endast!
26" TOSHIBA 26WL66
Upplausn 1366 x 768
Contrast 800:1
Birta 500 cd/m²
Svartími 8 ms
HD ready
2 scart
2 HDMI
1 Component Video
JANÚARTILBOÐ! 118.900 stgr.
37" TOSHIBA 37WL66
Upplausn 1366 x 768
Contrast 1000:1
Birta 500 cd/m²
Svartími 8 ms
HD ready
2 scart
2 HDMI
1 Component Video
JANÚARTILBOÐ! 169.900 stgr.
42" TOSHIBA 42WL66
Upplausn 1366 x 768
Contrast 800:1
Birta 500 cd/m²
Svartími 8 ms
HD ready
2 scart
2 HDMI
1 Component Video
JANÚARTILBOÐ! 239.900 stgr.
Denon Smart Life.
Heimabíó í aðeins tveim hátölurum.
Fullkomin DVD, CD og innbyggt útvarp.
Hjá okkur færð þú úrval af DENON tækjum í öllum verðflokkum.
Þeir sem sækjast eftir glæsilegri hönnun og afburða hljóm- og myndgæðum velja DENON!
DENON
Glæsileg hönnun
Afburða hljómur
Einstök myndgæði
iPod tenging
WHAT HI-FI? SOUND AND VISION
Öll tækin má festa á vegg
Eigum einnig glæsileg sjónvarps- og hljómtækjaborð
www.ef.is
P VIÐ DYRNAR
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • ef@ef.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kostir kjósenda:

## Líkur á stjórnfestu minnka

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Margt bendir til að flokkakerfið sé að taka verulegum breytingum. Í áratugi hafði Framsóknarflokkurinn þá lykilstöðu að geta valið hvort myndaðar voru ríkisstjórnir til vinstri eða hægri. Nýsköpun og Viðreisn voru undantekningar þar frá. Nú sýnist Samfylkingin vera að taka þetta rými á vettvangi stjórnmálaátakanna.

Hugmyndin með stofnun Samfylkingarinnar var allt önnur; að skapa mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn og gefa kjósendum kost á að velja ríkisstjórn með öðrum hvorum þeirra. Þetta hefur ekki tekist. Ástæðan er fyrst og fremst persónulegur styrkur Steingríms Sigfússonar í forystu Vinstri græns.

Hvernig sem mönnum líkar við stefnu og störf núverandi ríkisstjórnarsamstarfs verður ekki framhjá því litið að það hefur í full þrjú kjörtímabil einkennst af stjórnfestu að aðeins einu máli frátöldu. Það sama átti við samstarf Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks þar á undan allt þar til Jón Sigurðsson hvarf úr stjórn.

Þegar draga á ályktanir af nýlegum skoðanakönnunum verður ekki annað ráðið en minnkandi líkur séu á raunhæfum möguleikum til myndunar stjórnfestusamstarfs. Sennilega veldur mestu þar um sú nýja lykilstaða sem Samfylkingin virðist vera að erfa frá fyrri tíð Framsóknarflokksins.

Hættan á stjórnarlausung skrifast ekki á reikning forystumanna Samfylkingarinnar fremur en forystumanna Framsóknarflokksins á sinni tíð. Það er miklu fremur eðli þessa sérstaka hlutverks að vera miðjuflokkur að meðaltali sem ræður því. Í vinstra samstarfi var Framsóknarflokkurinn alltaf á leið til hægri. Þegar hann starfaði með Sjálfstæðisflokknum var hann jafnan á leið til vinstri. Afleiðingin var skortur á stjórnfestu og trúverðugleika.

Nú er ekki fengin reynsla af nýju hlutverki Samfylkingarinnar að þessu leyti. En ætli forystumenn hennar að hagnýta sér þá stöðu til þess að róa á bæði borð er líklegt að hún verði að sýna sömu lausung í samstarfi og Framsóknarflokkurinn áður en Halldór Ásgrímsson tók við. Það fylgir hlutverkinu.

Kjarni málsins er þá að Samfylkingin sýnist eiga meiri möguleika á að tryggja sér ríkisstjórnaraðstöðu en áður, jafnvel þó að hún fái slaka kosningu. Hún á hins vegar erfiðara með að skilgreina sig á trúverðugan hátt sem stöðugleikaafl í íslenskum stjórnmálum. Samfylkingin kaupir einfaldlega aukið olnbogarými til stjórnarmyndunar því verði.

Athyglivert er að samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins vill rúmlega fjórðungur kjósenda áframhald á samstarfi núverandi stjórnarflokka. Tæplega fjórðungur vill sjá samstarf stjórnarandstöðuflokkanna. Í hvorugu tilvikinu er um hátt hlutfall að ræða. Á öllum öðrum kostum hafa kjósendur miklu minni áhuga. Einungis tólf af hundraði líta að öllu óbreyttu með velþóknun til samstarfs Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks.

Vel má vera að þetta sýni að stór hluti kjósenda telji líklegra að stjórnarmynstur þeirra sem starfað hafa saman annars vegar í stjórn eða hins vegar í stjórnarandstöðu tryggi best festu í stjórnarháttum. Alltént verður fróðlegt að fylgjast með því í hversu ríkum mæli stjórnmálaflokkarnir munu höfða til stjórnfestu í komandi kosningabaráttu og með hvaða rökum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

BFGoodrich Tires



Er jeppinn tilbúinn fyrir veturinn?

All Terrain

31" 13.950,- stgr.

33" 16.980,- stgr.

35" 16.990,- stgr.

Gerið verðsamanburð margar stærðir

NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 561 4110

Bílabúð Benna Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Úr Sjálfstæðisflokki í jafnaðarmannaflokk

Grétar Mar Jónsson, skipstjóri og félagi í Frjálslynda flokknum, segist ætla að leggja til að nafni Frjálslynda flokksins verði breytt um næstu helgi í Frjálslynda jafnaðarmannaflokkinn.

Ekki eru allir sáttir við þessa tillögu og segjast formaður og varaformaður Frjálslynda flokksins helst vilja halda núverandi nafni. Ef jafnaðarmannaábótin yrði samþykkt myndi flokkurinn fjarlægjast nokkuð rætur sínar sem klofningsframboð frá Sjálfstæðisflokknum.



### Frjálslyndir jafnaðarmenn þegar til

Aðrir eru mjög ósáttir við tillöguna, en það eru meðlimir í Félagi frjálslyndra jafnaðarmanna. Sá félagsskapur hefur átt aðild að Samfylkingunni frá stofnun flokksins og var áður hluti af Alþýðuflokknum. Fyrrverandi formaður Félags frjálslyndra jafnaðarmanna, Eiríkur Bergmann Einarsson, leggur pant á nafnið á heimasíðu sinni og spyr hvort ekkert sé skrýtið við það að flokkur sem hvorki er frjálslyndur né jafnaðarmannaflokkur vilji kenna sig við hvoru tveggja. „Nær væri fyrir flokkinn að taka upp nafnið Þjóðernissinnaðir íhaldsmenn," segir Eiríkur.



### Upp og niður listann

Listi Samfylkingar á Norðausturlandi var samþykktur um síðustu helgi. Efstu þrjú sætin koma ekki á óvart, því þar er farið eftir úrslitum prófkjörs í nóvember. Ung kona frá Akureyri skipar svo fjórða sætið en Ragnheiður Jónsdóttir, lögmaður á Húsavík sem lenti í fjórða sæti í prófkjöri, er ýtt niður í sjöunda sætið. Annar lögmaður á Húsavík, Örlygur Hnefill Jónsson, situr í fimmta. Benedikt Sigurðsson, sem vildi fyrsta sætið, er hins vegar ekki að finna á listanum. Heiðurssætið fær svo Haraldur Helgason, fyrrverandi kaupfélagsstjóri á Akureyri, þó ekki fyrrverandi kaupfélagsstjóri KEA, heldur gamla kratakaupfélagsins; Kaupfélags verkamanna.

svanborg@frettabladid.is

# Álsýn - tálsýn



ÓLAFUR HANNIBALSSON

**Í DAG** | Orka á útsöluverði

Það er margt sem bendir til þess að kosningar í vor verði afdrifaríkari fyrir framtíð þessarar þjóðar, en nokkrar kosningar á undanförnum áratugum. Haldi núverandi stjórnarflokkar velli er enginn vafi á að stóriðjustefnunni verður haldið áfram af fullum krafti í anda þeirra viljayfirlýsinga sem þegar hafa verið undirritaðar af iðnaðarráðherra. Geir Haarde telur að vísu „ólíklegt" að aftur verði ráðist í svo stórar virkjunarframkvæmdir sem Kárahnjúka. Lengra er hann ekki tilbúinn að leiða flokk sinn fyrir þessar kosningar. Framsókn þykist í orði kveðnu hafa horfið frá stóriðjustefnunni, en treystir því að héreftir verði hún knúin áfram af hreppsnefndum og bæjarstjórnum í nánu samstarfi við Landsvirkjun og orkuveitur héraðanna og þeirra erlendu auðhringa, sem hér vilja tryggja sér aðgang að orku á útsöluverði bundnu til 30-40 ára.

Áframhaldandi stjórnarsamstarf þessara flokka þýðir því að fyrirhuguð álver í Helguvík og við Húsavík munu rísa á næsta kjörtímabili svo og stækkanir Norðuráls og í Straumsvík, Norsk Hydro verður kippt inn í röðina svo og álveri við Þorlákshöfn. Reynslan sýnir að öll eiga þessi álver eftir að krefjast stækkunar. Ísland verður þá stærsta álframleiðsluland Evrópu með ennþá einhæfara atvinnulífi en var meðan fiskur og fiskafurðir voru nær eina útflutningsvara landsmanna.

Í stað þess að efnahagslífinu verði stýrt til jafnvægis og stöðugleika munu þensla og verðbólga verða viðvarandi næstu áratugi meðan þessi uppbygging álframleiðslunnar á sér stað. Við verðum áfram í „rússíbanahagkerfi" með risi og hnigi krónunnar, ýmist í hæstu hæðir eða dýpstu dali. Á því byggja nýlegir spádómar stjórnvalda um „snertilendingu" í stað „mjúkrar lendingar". Það á ekki að staldra við og skoða málin. Aðeins að hægja á núna fyrir kosningar, en svo verður sett á fulla ferð aftur með uppbyggingu hagkerfis, sem er þegar orðið nokkrum númerum of stórt fyrir þessa 300-þúsund manna þjóð, og útheimtir að hér séu að jafnaði nokkrir tugir þúsunda útlendinga við störf, sem Íslendingar vilja ekki eða komast ekki yfir að gegna sjálfir.

Einnig má telja víst að haldi stjórnarflokkarnir meirihluta sínum verði Landsvirkjun einkavædd og seld á alþjóðlegum markaði sem þýðir að þau yfirráð, sem þjóðin hefur nú í orði kveðnu yfir orkulindum sínum, munu alfarið og endanlega hverfa úr höndum hennar og atvinnulífið verða ofurselt duttlungum alþjóðlegra stórfyrirtækja og verðsveiflum á einni afurð, sem í reynd hefur verið miklu hvikulla í verði á heimsmarkaði en nokkurn tíma fiskurinn. Þar með verður frumburðarréttur þessarar þjóðar til þess að ráða örlögum sínum, endanlega kominn í hendur utanaðkomandi afla, sem hafa allt annað að leiðarljósi en heill þjóðarinnar og hamingju.

Ennþá er orkuverðinu haldið leyndu fyrir eigendum orkunnar, þjóðinni – það sagt vera „viðskiptaleyndarmál". Við vitum þó að það er á útsöluverði. Annars fengjust ál-furstarnir ekki til að koma hingað. Nýlega voru framkvæmdir Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði sýndar í sjónvarpi og formaður OR harmaði að ekki væri hægt að leggja pípur og lagnir í jörð – orkuverðið leyfði það ekki. Ef svo er, þá sýnir það einungis að of snemmt er að selja þessa orku, því að orka og verð orkulinda á einungis eftir að stíga í verði og við eigum ekki að selja orkuna fyrr en verð hennar stendur undir fullkomnum frágangi á öllum lögnum án röskunar lands og störfelldrar sjónmengunar.

Við vitum líka að málmbræðslufyrirtæki eru í sumum tifellum að flytja verksmiðjur sínar hingað til lands, til þess að geta selt raforku úr eigin orkuverum í heimalandinu á tvö-þreföldu verði og þaðan af hærra til almennra notenda, í stað þess að binda orkuna við eigin bræðslur. Við erum hins vegar að binda hendur okkar og afkomenda okkar við útsöluverð á raforku til margra áratuga fram í tímann – gersamlega að nauðsynjalausu. Því við erum ekki fátæk þjóð, sem á ekki annars úrkostar, heldur rík þjóð, sem einungis skapar sér vanda með því að ofhlaða hagkerfi sitt ótímabærum og ónauðsynlegum stórvirkjun, sem betra væri að geyma fyrir seinni kynslóðir til ráðstöfunar.

Er þá ótalið að efna þær alþjóðlegu skuldbindingar, sem við höfum gengist undir varðandi losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið. Innan skamms verða allar undanþágur okkar upp urnar og tímabært að við leggjum okkar af mörkum til að koma í veg fyrir eyðingu jökla með tilheyrandi hækkun sjávaryfirborðs.

Það hefur sýnt sig að íslenskt hagkerfi býr yfir nægum innri styrk til að búa til störf í þúsundatali á ári hverju með mjög litlum fjárfestingum miðað við þau störf sem stóriðjan skapar. Við þurfum ekki stórframkvæmdir á vegum ríkisins í sovéskum stíl til að forða okkur frá atvinnuleysi. Íslenskt þekkingarsamfélag er fullfært um að skapa hér fjölbreytt, eftirsótt og vel launuð störf innan hagkerfis, sem er í jafnvægi – laust við gengisflökt, verðbólgu, ofurvexti og okurverðlag. Álsýn er tálsýn.

# Vísindastefna meðalmennskunnar?

**UMRÆÐAN**

Háskóli Íslands



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Vísindin efla alla dáð" er ritað á vegginn fyrir ofan dyrnar að Hátíðarsal Háskóla Íslands. Flestir kunna hendinguna en fæstir líklega kvæðið allt eftir Jónas. Í því segir líka: „...tífaldar þakkir ber færa þeim, sem að guðdómseldinn skæra, vakið og glatt og verndað fá..."

Það er óhætt að segja að Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur hafi verið færðar tífaldar þakkir fyrir að lofa Háskóla Íslands stórauknum fjárframlögum til rannsókna á næstu árum. Framlögum sem eiga að gefa skólanum kraftinn sem hann þarf til að lyfta sér til flugs áður en haldið verður uppá aldarafmæli hans. Og vissulega þurfti HÍ á stórauknum fjárframlögum að halda. Það hefur hann þurft í a.m.k. 15 ár; framlögum til kennslu og uppbyggingar í skóla þar sem nemendum hefur fjölgað gríðarlega, nýjar námsgreinar hafa verið teknar til kennslu og æ fleiri kjósa að bæta framhaldsnámi ofan á hina hefðbundnu fyrstu háskólagráðu. Það hefur lengi legið fyrir. Á það hefur ítrekað verið bent af stjórnmálamönnum og háskólafólki við litlar undirtektir stjórnvalda.

Því var það óneitanlega fréttnæmt þegar menntamálaráðherra ákvað að styðja HÍ sérstaklega á sviði vísindarannsókna. En sú ráðstöfun er ekki eins rakin og frábær og hún ef til vill virðist vera við fyrstu sýn. Hún gengur nefnilega þvert á stefnumótun og uppbyggingu stjórnvalda á undanförnum árum. Sú þróun hefur m.a. getið af sér Háskólann í Reykjavík, á Bifröst og Listaháskóla Íslands. En hvert er vandamálið, gæti einhver spurt?

Vandinn er að fjármagn til vísindarannsókna er best að setja í svokallaða samkeppnissjóði, sem stýrt er af fagnefndum. Vísindamenn hafa þá allir – sama við hvaða háskóla eða stofnun þeir starfa – sömu tækifæri til þess að sækja fé til rannsókna og þurfa jafnframt allir að undirgangast jafningjamat (peer review). Þetta á við á öllum sviðum vísinda, jafn raunvísinda sem hugvísinda. Ráðstöfun Þorgerðar Katrínar skekkir þessa mynd hins vegar verulega og er í raun óskiljanleg í ljósi þróunarinnar á háskólastigi og í vísindasamfélaginu.

Með því að nýta ekki ótvíræða kosti samkeppnissjóðanna er menntamálaráðherra ekki að velja leiðina sem hámarkar samfélagsleg og efnahagsleg áhrif vísindarannsókna. Hún virðist hins vegar hafa ákveðið að feta veg meðalmennskunnar. Það er miður.

*Höfundur er alþingismaður.*








# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ


## ALLT HITT

**[NÁM BÍLAR FERÐIR]**

**Fjármálanámskeiðin** Úr mínus í plús, sem eru byggð á metsölubókinni Þú átt nóg af peningum, eru komin af stað aftur. Það er fullbókað á námskeiðin í janúar en það eru laus pláss í byrjun febrúar. Allar nánari upplýsingar: www.spara.is



**Volkswagen** Passat-auglýsing sem Hvíta húsið og Saga film gerðu fyrir bifreiðaumboðið Heklu á Íslandi er nú sýnd við góðan orðstír á sjónvarpsstöðvum í Suður-Kóreu og Ungverjalandi. Hróður auglýsingarinnar hefur borist víða, því fjöldi fyrirspurna hefur borist og mun hún innan skamms renna yfir skjái í Taívan og öðrum Asíulöndum.

**Aðdáendur** Formúlu eitt hafa tök á að sjá alla dýrðina með berum augum þar sem íþróttadeild Úrvals Útsýnar býður upp á skipulagðar ferðir til að sjá þessa bestu ökumenn heims þeytast um. Nánari upplýsingar: www.uu.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 24. janúar, 24. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.32 | 13.40 | 16.48 |
| Akureyri | 10.33 | 13.24 | 16.17 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Margrét Sigurðardóttir með föður sínum, Sigurði Ben Jóhannssyni, og dóttur sinni, Helenu Margréti Jónsdóttur. Öll eru þau við nám í Myndlistarskólanum í Reykjavík. Á veggnum má sjá verk eftir Helenu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Þrjár kynslóðir í skóla

***Margrét Sigurðardóttir hóf nýlega nám í olíumálun við Myndlistaskólann í Reykjavík þar sem dóttir hennar og faðir eru einnig nemendur.***

Viðskiptafræðingurinn Margrét Sigurðardóttir hafði starfað sem stjórnandi í ein fimmtán ár þegar hún ákvað að setjast aftur á skólabekk síðastliðið haust og hefja meistaranám í viðskiptafræði hjá Háskólanum í Reykjavík og læra olíumálun við Myndlistaskólann í Reykjavík. „Kollegar mínir í viðskiptafræðinni eru mjög hrifnir af því að ég skuli einnig vera að læra olíumálun og tala um að það hljóti að vera gott að gera eitthvað sem krefst engrar hugsunar. Ég mótmæli þessu að sjálfsögðu harðlega enda raunin allt önnur," segir Margrét.

Svo skemmtilega vill til að faðir hennar, Sigurður Ben Jóhannsson, og dóttir hennar, Helena Margrét Jónsdóttir, eru einnig nemendur í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Margrét segir föður sinn hafa málað frá því hún man eftir sér en aldrei fengið tilsögn fyrr en nú og Helena hafi verið í skólanum í fjögur ár, frá því hún var sex ára. „Pabbi og Helena mála oft saman," segir Margrét, sem vill meina að Helena sé sú hæfileikaríkasta af þeim þremur.

Þrátt fyrir að Margrét sé nýbyrjuð í námi segist hún hafa átt þennan draum lengi. „Eftir útskrift í verslunarskólanum stefndi ég á nám í Myndlista- og handíðaskólanum en inntökuprófin komu upp á sama tíma og útskriftarferðin til Ibiza. Maður var nú ekki mjög skynsamur á þessum árum og þú mátt geta þér til hvað ég valdi," segir hún og skellir upp úr.

*kristineva@frettabladid.is*

## Verðlaun til Íslands

FERÐAMÁLASTOFA TÓK NÝLEGA Á MÓTI FINNSKU GÆÐAVERÐLAUNUNUM Í FERÐAÞJÓNUSTU.

Ferðamálastofu hlotnaðist fyrir skemmstu viðurkenning vegna góðrar þjónustu við ferðasala og fjölmiðla. Í rökstuðningi dómnefndar er tekið fram að markaðssetning á Íslandi sé miðuð að einstakri náttúru landsins, fjölbreyttri þjónustu á öllum sviðum ferðamála og miklum möguleikum á afþreyingu, menningu og verslun.

Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs stofunnar, segir verðlaunin mikilvæg. „Verðlaunin sýna að mikill áhugi er á Íslandi sem áfangastað. Þau eru viðurkenning á að landkynning og markaðssetning á Íslandi er vel skipulögð og nær árangri. Þau hvetja okkur til frekari dáða því við verðum að standa undir síauknum væntingum ferðamanna," segir hann en verðlaunin voru afhent á MATKA-ferðakaupstefnunni í Helsinki.




# Ertu í útrás?
## Ertu á leið til útlanda?

Ítalska • spænska • enska • þýska • franska

Icelandic for foreigners - Free of charge!

Kennsla hefst í febrúar. Skráning er hafin á www.lingva.is og í síma 561 0315.

MÁLASKÓLINN LINGVA

Faxafeni 10 • 108 Reykjavík • s. 561 0315 • lingva@lingva.is

allt bílar o.fl.

**Hlákan er komin,** en þrátt fyrir það er engin ástæða til að fara of geyst í umferðinni. Hálkan leynist víða ennþá og það borgar sig að vera á vel búnum bíl og keyra eftir aðstæðum.

VÍKURVAGNAKERRURNAR ÞESSAR STERKU
Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

allt matur
Alla föstudaga

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar
Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557


REYNSLUAKSTUR

Renault Megane Scenic II kom vel út úr árekstrarprófum EuroNCAP. Þar hlaut hann fimm stjörnur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fullkominn bíll fyrir vísitölufjölskylduna

***Renault Megane Scénic II er hannaður með þarfir fjölskyldunnar að leiðarljósi. Honum ættu í raun að fylgja maki og þrjú börn.***

Renault Megane Scénic II er við fyrstu sýn ekki spennandi bíll. Útlitið afskaplega franskt, líklega vegna þess að bíllinn er franskur, og á blaði er vélin ekki mjög spennandi. Stafrænt mælaborð er ekki fyrir framan ökumanninn heldur fyrir miðjum bíl og bak við stýrið er ekkert annað en grátt plastpanel.

Ökumaður er hins vegar ekki lengi að komast að því hvað Scénic snýst um. Um leið og sest er inn í bílinn kemur í ljós að hann er hannaður með gott aðgengi og þægindi í huga. Sest er beint inn í bílinn, ekki upp eða niður, sem er mjög þægilegt. Hann er léttur í stýri og svarar mjög vel þó svo að vélin sé jafnspennandi og blaðið gefur til kynna.

Þegar innviðið í bílnum er skoðað sést hversu barnvænn bíllinn er. Alls staðar eru hólf sem hægt er að geyma smádót í. Aftur í eru borð áföst fremri stólum sem auðvelt er að smella upp. Ekki er bekkur aftur í heldur þrjú aðskilin sæti. Þau er hægt að taka úr og færa hvert fyrir sig allt eftir því hversu margir farþegar eru í bílnum. Miðjusæti er hægt að færa mjög framarlega, sem er þægilegt ef lítið barn er í barnabílstól aftur í.

Listinn yfir staðalbúnað sérsniðinn að þörfum barna er lengri, mun lengri. Takki fram í læsir hurðum og gluggum aftur í og færir þér alla stjórnina. Puttavörn er á gluggum svo litlir puttar klemmist ekki. Toppurinn á barngæskunni er svo lítill spegill sem falinn er fyrir ofan baksýnisspegilinn. Þegar hann er færður niður sést allt það sem fer fram aftur í, rétt eins og í strætisvögnum og rútum. Frábær leið til að fylgjast með börnum sem ekki geta látið hvert annað vera. Með þessu móti getur maður alltaf vitað hver byrjaði.

Renault Megane Scénic II er góður kostur fyrir fjölskyldufólk. Hann hentar börnum, hann er praktískur, þægilegur í akstri, og öruggur, en hann hlaut fimm stjörnur í EuroNCAP-árekstrarprófum. Þeir sem eru í leit að spennandi akstri ættu að leita annað, en þeir sem hugsa vel um fjölskylduna ættu að finna allt sem þeir leita að í Scénic.

*tryggvi@frettabladid.is*


Hægt er að stilla hattahilluna á ýmsa vegu. Undir gólfi í skottinu er svo enn eitt geymsluhólfið.

**RENAULT MEGANE SCÉNIC II**

**Vél**: 1,6 lítrar - bensín
115 hö / 151 tog
**Þyngd**: 1.320 kg
**Eyðsla**: 7,9 l/100 km

**Verð** prufubíls: 2.530.000 kr

**Aðrir sem vert er að skoða:**
Ford Focus C-max
Toyota Corolla Verso
Volkswagen Touran

Heilsársdekk allan ársins hring!
Með heilsársdekk undir bílnum ertu alltaf klár í slaginn hvernig sem færðin er.
Að auki þarftu ekki að hafa áhyggjur af dekkjaskiptum næsta vor eða næsta haust.
Þú einfaldlega ekur á heilsársdekkjunum þangað til þú færð þér ný.
Kíktu við í Sólningu og kynntu þér heilsársdekkin okkar.
Continental Mastercraft NANKANG
SÓLNING
Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 5445000 | Njarðvík | Selfoss
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



Nick Landy er eins konar faðir Dodge Charger, tákngervings amerískrar bílamenningar.

# Goðsögn Dodge deyr

*Nick Landy, maðurinn á bak við velgengni „muscle-car“ menningarinnar, er látinn.*

Nick Landy sameinaði Hemi-vélar og sérstæðan hjólabúnað sem sést enn í dag á spyrnubílum. Með þessu varð hann og Dodge allsráðandi á keppnisbrautinni, allt þar til bílatækni hans var bönnuð af keppnisyfirvöldum.

Velgengni hans náði hámarki á sjöunda og áttunda áratugnum og blés lífi í annars dauflega bílasenu í Bandaríkjunum. Hvort sem það var til góðs eða ills varð spyrnubíllinn með fullt af hestöflum en enga akstursgeiginleika tákngervingur amerískrar æsku.

Landy var 69 ára gamall er hann lést en banameinið var nýrnabilun.

- tg

## Vefrall fyrir krakka



Vefrall er tilvalið fyrir krakka sem vilja æfa sig áður en farið er út í umferðina.

Vefrall er skemmtilegur leikur fyrir börn og unglinga á vefnum umferð.is. Vefurinn er samvinnuverkefni Umferðarstofu, Grundaskóla og Námsgagnastofnunar þar sem hægt er að taka þátt í ýmsum umferðartengdum leikjum.
Upplýsingunum er skipt í þrjá flokka og er miðað við börn, unglinga og síðan foreldra og kennara. Í vefrallýinu er bekknum eða hópnum skipt í tveggja til fjögurra manna lið sem eiga að keppa um að verða fyrst til að svara umferðartengdum spurningum. Nánari upplýsingar: www.umferd.is.




Dísilolía er nú notuð á hlutfallslega fleiri bíla á Íslandi en áður.

# Dísilbílum fjölgar

*Hlutfall dísilbíla í bílaflotanum fer hækkandi á Íslandi.*

Samkvæmt frétt á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda, www.fib.is, fer dísilbílum fjölgandi hér á landi. Í fréttinni kemur fram að eitt af markmiðum lagasetningar um olíu- og kílómetragjald sem tók gildi um mitt árið 2005 hafi verið að hækka hlutfall bíla með dísilvélar af umhverfisástæðum. Hærra hlutfall dísilbíla leiðir til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda og þrátt fyrir að mikil fjölgun í bílaflota landsmanna auki heildarlosun hans er talið að með breyttri samsetningu flotans minnki meðaleyðsla og losun.

Á síðasta ári var um 45 prósent af aukningu í bílaflotanum dísilbílar og meðaleyðsla minnkaði um 0,6 prósent frá því sem var árið áður. Þetta þykir mjög góður árangur aðeins einu ári eftir að fyrirkomulagi á skattlagningu á dísilolíu var breytt.

- eö

Viltu lengri endingu?



Láttu okkur pólýhúða felgurnar í hvaða lit sem er. Þær verða auðveldari í þrifum og endast lengur.

Pólýhúðun
Powder coating
Smiðjuvegi 1 • s. 544-5700 • www.polyhudun.is

GULL BYLGJAN 909




IVECO
Nýr Daily
Með öll gen ATVINNUBÍLSINS
Lipur, mjúkur og hljóðlátur
með einstakt vinnuumhverfi

Staðalbúnaður:
- ASR Spólvörn
- ABS Hemlakerfi
- ESP Stöðuleikastýring
- Nýr EURO 4 mótor
- Tímastillt olíumiðstöð
- Stórir rafdrifnir upphitaðir speglar

Í boði eru fimm vélastærðir
Frá 106 hö. til 176 hö.

Heildarþyngd frá 2,9 til 6,5 tonn

Aukabúnaður:
5 Þrepa Rafskipting
Loftpúðafjöðrun og driflæsing

VÉLAVER
Krókhálsi 16
Sími 588 2600
www.velaver.is







# Dakar-rallið er hættulegasti kappakstur heims

***Ár hvert leggja á fimmta hundrað kappaksturs-menn af stað í tveggja vikna kappakstur til Dakar. Aksturinn gæti kostað þá lífið.***

Dakar-rallið var fyrst haldið árið 1979 en þá var lagt af stað frá París. Upphafsmaður þess var Thierry Sabine en hann villtist í eyðimörk Líbíu í öðru ralli. Hann varð svo heillaðir af landslaginu að hann hófst strax handa við að skipuleggja nokkurra þúsund kílómetra rall yfir eyðimerkur Afríku og varð draumur hans að veruleika á aðeins tveimur árum.


Peterhansel og Cottred, sigurvegarar Dakar-rallsins 2007, voru rólegir á síðustu sérleiðinni og spöruðu sig fyrir fagnaðarlætin.

Dakar-rallið byrjar á mismunandi stöðum eftir árum og liggur leiðin um mismunandi lönd. Það endar hins vegar alltaf í Dakar, höfuðborg Senegal. Um árin hefur 21 Afríkuríki verið heimsótt og keyrt hefur verið um lönd eins og Búrkína Fasó, Gíneu og Gabon.

Að þessu sinni var lagt af stað frá Lissabon í Portúgal og keyrðir tæplega 8.000 kílómetrar á 15 dögum gegnum Spán, Marokkó, Máritaníu, Malí og loks Senegal. Dakar-rallinu lauk á sunnudag í Senegal á ströndinni rétt utan við höfuðborgina Dakar. Rallinu lauk á kunnuglegan hátt með tvöföldum sigri Mitsubishi í bílaflokki og sigri Frakkans Cyrils Despres á KMT í flokki mótorhjóla. Sigur Peterhansel og Cottred á liðsfélögum sínum Alphand og Picard var öruggur en frekar tilþrifalítill því þrátt fyrir sigurinn í heildarkeppninni vann Mitsubishi ekki eina einustu sérleið. Góð skipulagning, reynsla og áreiðanleiki Pajero skilaði sigrinum á meðan aðrir sáu um tilþrifin.

Sigurinn var sá sjöundi í röð fyrir Mitsubishi. Lengi vel leit þó út fyrir að Volkswagen myndi hafa sigur en þrír VW-bílar skiptu með sér tíu sigrum af fjórtán mögulegum á sérleiðum. Vélabilanir komu hins vegar í veg fyrir að þeir gætu velt Mitsubishi úr sessi en eyðimörkin er miskunnarlaus og því fengu Volkswagenmenn að kynnast. Í einum bílanna kviknaði í meðan kúplingin gaf sig ítrekað í öðrum.

Í flokki vörubíla vann lið MAN í fyrsta skipti. Lið Kamaz hafði síðustu fimm ár unnið þennan flokk en vegna alvarlegs slyss varð liðið að hætta keppni. Þá var það í forystu. GINAF-liðið sem lengi vel var í öðru sæti þurfti einnig að hætta vegna vélarbilana og var þá gatan greið fyrir MAN.

Fyrir síðustu sérleiðina í Dakar var mínútuþögn í minningu tveggja mótorhjólakappa sem létust í rallinu í ár. Það er engin tilviljun að Dakar-rallið er kallað hættulegasti kappakstur heims.


Tveir mótorhjólakappar létust í Dakar-rallinu í ár.

*tryggvi@frettabladid.is*



**Listunnendur** ættu ekki að láta framhjá sér fara röð opinna fyrirlestra hjá Listaháskóla Íslands og taka með sér diktafón og glósubók. www.lhi.is





Heiða segir mjög heimilislegt að hitta foreldra sína í skólanum daglega. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Í litlum sveitaskóla skapast sterk vináttubönd

***Heiða Björg Kristjánsdóttir er nemandi í Framhaldsskólanum á Laugum og er einnig að læra málaralist hjá Erni Inga á Akureyri.***

„Ég hef búið á Laugum alla ævi og það lá því beint við að fara í Framhaldsskólann á Laugum. Það má í rauninni segja að ég hafi alist upp með skólanum,“ segir Heiða Björg Krisjánsdóttir en hún er nemi á náttúrufræðibraut. „Ég hef áhuga á að fara í hjúkrunarfræði að loknum framhaldsskóla. Ég er einnig góð í stærðfræði og þess vegna valdi ég náttúrufræðibraut.“

Heiða fær útrás fyrir sköpunargleðina með því að teikna og mála. „Ég er að læra málaralist hjá Erni Inga á Akureyri og fer þangað í hverri viku. Það nám er metið inn í námið hér í Framhaldsskólanum á Laugum. Ég hef lengi haft gaman af því að mála og teikna og sé mótív víða. Ég hef mest verið að mála landslagsmyndir en einnig eitthvað af abstrakt myndum.“

Heiða segir gott að vera í litlum skóla. „Andrúmsloftið hér er mjög þægilegt og gott samband milli nemenda og starfsfólks skólans. Þetta er í rauninni eins og ein stór fjölskylda. Við þekkjumst öll svo vel og ef eitthvað bjátar á eru allir boðnir og búnir til að hjálpa.“



Heiða hefur gaman af að mála landslagsmyndir og hér hefur hún málað eyfirskt landslag.

Framhaldsskólinn á Laugum er heimavistarskóli en Heiða býr á staðnum og er því ekki á vist. „Maður er nú samt mikið á vistunum og það er stutt að fara. Ég átti marga vini í skólanum áður en ég byrjaði þar sjálf.“

Foreldrar Heiðu vinna bæði við skólann. „Mamma kennir mér íslensku og pabbi er kokkur í mötuneyti skólans.

Ég sé því foreldra mína oft á dag í skólanum auk þess sem eldri bróðir minn er hér í skóla líka. Þetta er því ennþá heimilislegra fyrir mig,“ segir Heiða Björg.

*- öhö*

# Stöðug fjölgun í framhalds- og háskólum

***Konur eru enn fúsari til að ganga menntaveginn en hlutfall kynjanna er jafnast í viðskipta-, hagfræði- og lagadeild.***

Á heimasíðu Hagststofu Íslands koma fram áhugaverðar upplýsingar um áhugasemi landans fyrir því að ganga menntaveginn, en haustið 2006 voru skráðir nemendur á framhalds- og háskólastigi fleiri en nokkru sinni fyrr eða alls 44.129. Þar af eru 26.958 skráðir í framhaldsskóla og 17.171 nemendur í háskóla.

Fjöldi skráðra nemenda í námi á háskólastigi hefur aukist um 63,6% frá haustinu 2000 en nemendum á framhaldsskólastigi hefur fjölgað um 35,4% á sama tímabili. Haustið 2006 stunda 81,0% nemenda nám í dagskóla, 13,6% nemenda eru skráðir í fjarnám og 5,4% nemenda stunda nám í kvöldskólum.

Kvöldskólanám hefur verið á undanhaldi allt frá 2003 en það haust voru 8,1% nemenda skráðir í kvöldskólanám. Nemendum í fjarnámi fjölgar hinsvegar talsvert frá haustinu 2005, en sú fjölgun er öll á framhaldsskólastigi (37,6%). Þeim einstaklingum sem kjósa að leggja stund á háskólanám í gegnum fjarnám hefur hinsvegar fækkað um 5,4% frá síðasta ári.

Konur eru enn sem áður umtalsvert fleiri en karlar sem leggja stund á nám, bæði í framhaldsskólum og háskólum eða 57,7% (25.447) á móti 42,3% (18.682) karlkyns nemenda. Haustið 2000 voru hlutföllin þau að konur voru 56,3% nemenda á þessum tveimur skólastigum en karlar 43,7%. Þessi munur á skólasókn kynjanna hefur því haldist allt frá árinu 2000 og aukist lítillega síðan þá.

Hlutur kvenna er einnig talsvert meiri í háskólum en framhaldsskólum. Haustið 2006 eru konur 54,5% nemenda í framhaldsskólum en meðal nemenda í háskólum er hlutur kvenna 62,7%. Í Háskóla Íslands eru konur fjölmennari en karlar í tíu deildum af ellefu. Karlar eru einungis fjölmennari í verkfræðideild en þar eru konur 30% nemenda en karlar 70%. Mestur er munurinn í hjúkrunarfræðideild en þar eru konur 96% nemenda en karlar 4% og jafnasta hlutfall kynja er í viðskipta- og hagfræðideild og lagadeild.

*mhg@frettabladid.is*



Í Háskóla Íslands eru konur fjölmennari en karlar í tíu deildum af ellefu.


**Útsala – Útsala**

**10-80% afsláttur af öllum vörum**

**Hægt er að sjá sýnishorn af því sem í boði er á vefnum keramikgallery.is**

**Keramikgallery, Dalbrekku 14, 200 Kópavogur, s: 544-5504**

**Opið virka daga frá 10.00-18.00 – Lokað laugardaga**


# Danslistin iðkuð hjá Báru

***Jazzballettskóli Báru hefur nú hlotið heitið Danslistarskóli JSB þar sem hann er orðinn listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi.***

Ýmsar nýjungar eiga sér nú stað í skólanum sem í fjörutíu ár hefur heitið Jazzballettskóli Báru. Þar er komin listdansbraut og einnig dansstúdíó JSB sem er nýtt af nálinni. Í haust var skólanámsskránni breytt til samræmis við aðalnámsskrá menntamálaráðuneytisins í listdansi og þar sem ráðuneytið samþykkti námsskrána þótti við hæfi að breyta nafninu í Danslistarskóli JSB.

Danslistarskóli JSB sérhæfir sig í jazz- og nútímadansi og býður fjölbreytt nám sem hefur þróast á 40 ára ferli skólans. Það er tvíþætt og skiptist einkum í tvær brautir, almenna braut og listdansbraut. Á þeirri fyrrnefndu er megináherslan lögð á jazzballett. Námið er tómstundamiðað og jafnt fyrir stelpur og stráka. Um námið á listnámsbraut gilda aðrar reglur. Þar er um kröfuhart nútímalistdansnám að ræða fyrir þá sem stefna lengra í danslistinni. Það skiptist í grunnnám fyrir 10-15 ára og nútímalistdansbraut fyrir 16-20 ára. Við lok þess náms eiga nemendur að vera færir um að stíga sín fyrstu skref



Við lok náms á listdansbraut eiga nemendur að vera færir um að stíga sín fyrstu skref sem atvinnudansarar.

sem atvinnudansarar eða hefja frekara dansnám á háskólastigi.

Dansstúdíó JSB býður svo uppá fjölbreytt dansnámskeið fyrir 18 ára og eldri, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Nánari upplýsingar um skólann eru á vefnum www.jsb.is

*- gun*


**Ert allt til reiðu fyrir nýtt ár?**

"Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!"
**Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.**

"Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf."
**Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.**

"Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi."
**Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**6 VIKNA HRAÐLESTRARNÁMSKEIÐ HEFST 13. FEBRÚAR (20-22)**
**SUÐURNES - 3 VIKNA HRAÐNÁMSKEIÐ HEFST 3. FEBRÚAR**
**SKRÁNING Á HRAÐLESTRARNÁMSKEIÐ ER HAFIN**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

**Óvenjulegir áfangastaðir** verða sífellt vinsælli. Færri láta sér nægja skipulagðar ferðir á sólarströnd og vilja heldur Afríku, Suður-Ameríku og Ástralíu. Munið að kanna vegabréfsáritun og bólusetningu með að minnsta kosti hálfs árs fyrirvara.





Strútsskáli Útivistar

## Skilar sér í vasa ferðafólks

ÚTIVIST HEFUR LÆKKAÐ SKÁLAGJÖLD Í TAKT VIÐ VIRÐISAUKASKATTINN.

Alþingi samþykkti á dögunum lækkun virðisaukaskatts á hótel- og gistiþjónustu úr fjórtán prósentum í sjö prósent. Útivist fagnar þessari viðleitni til að lækka álögur á ferðafólk og lækkar verð á skálagistingum í samræmi við það. Þótt gjaldskrá Útivistar fyrir 2007 hafi verið kynnt í september þá þótti ástæða til að endurskoða hana og lækka öll gistigjöld um hundrað krónur. Því er taflan svona fyrir einstaka skála:

| | |
|---|---|
| Básar | 1.900 krónur |
| Fimmvörðuháls | 1.900 krónur |
| Strútur | 1.900 krónur |
| Sveinstindur | 1.600 krónur |
| Skælingar | 1.600 krónur |
| Álftavötn | 1.600 krónur |

Verð fyrir félagsmenn í alla skála er 1.100 krónur.

Með þessu vill Útivist stuðla að því að virðisaukaskattslækkunin skili sér beint í vasa ferðafólks.










# Ferð til bættrar heilsu

*Tveggja vikna námskeið um lífsstíl lifandi fæðis við Ann Wigmore-stofnunina í Púertó Ríkó er í boði hjá Ferðaskrifstofunni Prima Heimsklúbbi. Ferðin stendur frá 20. maí til 2. júní.*



Ann Wigmore heilsusetrið á Púertó Ríkó hefur upp á margt að bjóða.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ferð er auglýst opinberlega á Ann Wigmore heilsusetrið en ég veit að fólk hefur tekið sig saman og farið þarna suður eftir. Þetta verður lokað námskeið fyrir íslenskan hóp og ég ætla að vera til taks og þýða efni þess yfir á íslensku fyrir þá sem það þurfa,“ segir fararstjórinn Þórný Jóhannsdóttir, leiðsögumaður og hjúkrunarfræðinemi sem ætlar með hóp af fólki á tveggja vikna námskeið um lífsstíl lifandi fæðis í Púertó Ríkó í lok maí.

Þórný kveðst hafa farið sjálf á svona námskeið í fyrravor ásamt þremur vinkonum. „Þarna fann ég bestu líðan sem ég hef upplifað á ævinni. Svo einfalt er það. Ég lærði margt þarna og ef mig langaði ekki að færa það áfram til fólks þá veit ég ekki hvað ég er að gera í hjúkrunarfræði,“ segir hún ákveðin.

Þórný segir Ann Wigmore-stofnunina heilsuparadís á heimsmælikvarða. Á milli þess sem nemendur sæki kennslustundir og njóti nærandi fæðu gefist þeim kostur á að fara í jógatíma, synda í ylvolgum sjónum og stunda gönguferðir eða skokk meðfram ströndinni. Þeir geti líka valið um hvort þeir sæki allar kennslustundir eða velji úr þeim og nýti tímann til annars. Boðið sé upp á ýmsar meðferðir svo sem nudd, hnykkingar og ristilhreinsun. „Sem verðandi hjúkrunarfræðingur hef ég mikinn áhuga á heilsueflingu almennings. Ég held að framtíðin liggi í henni. Fólk er orðið miklu meðvitaðra um heilsuna en áður og það er mikil eftirspurn eftir nýrri þekkingu sem varðar heilsu og mataræði,“ segir Þórný sem kveðst sjálf vera að tileinka sér lifandi fæði. Það sé þó ekki einfalt að gera á einu bretti. „Lifandi fæði byggir í raun á byltingarkenndum hugmyndum og rannsóknum dr. Ann Wigmore um að hægt sé að fá alla næringu sem líkaminn þarfnast úr grænu lifandi fæði. Það er auðmeltanlegt og maður upplifir mikinn létti fyrir líkamann allan, huga og tilfinningalíf. Orkan eykst og svefnþörfin minnkar.“



Þórný Jóhannsdóttir landvörður, leiðsögumaður og bráðum hjúkrunarfræðingur.



Gönguferðir meðfram ströndinni gera fólki gott.

Spurð fyrir hverja svona ferð sé helst, svarar Þórný. „Hún er auðvitað fyrir alla sem langar að kynna sér lífsstíl lifandi fæðis. Margir eru komnir í þrot með heilsufar sitt og vilja önnur svör en þeir hafa fengið hingað til. Fólk sem þjáist af gigt, síþreytu, vefjagigt, bólgum, þunglyndi, psoriasis, exemi, offitu, meltingartruflunum svo dæmi sé tekið. Aðrir eru sólgnir í nýja þekkingu. Enn aðrir vilja hvíld og uppbyggingu án þess að eiga við nein sérstök heilsufarsleg vandamál að etja. Það er mikil endurnýjun og upplifun í svona dvöl í afslöppuðu umhverfi við Karíbahafið og þangað fer hver og einn á sínum forsendum.“

Frekari upplýsingar fást í kafla um sérferðir á síðunni www.heimsklubbur.is.

*gun@frettabladid.is*




# Stór rúm og gott spa

*K-west hótel í Notting Hill er tilvalið fyrir þá sem vilja slappa af.*

Á tímum tíðra borgarferða eru ekki allir á leið í verslunar- og skemmtiferð því sumir kjósa einfaldlega að slappa af. K-west hótel stendur við Notting Hill-hverfið í London og er ungt og nýtískulegt hótel sem leggur áherslu á að gestirnir finni allt sem þeir þurfa og er það tilvalinn staður til að hvíla sig frá amstri dagsins. Þar er að finna heilsurækt og vel útbúið spa með ýmsum spennandi nuddmeðferðum eins og ytsara sem er taílensk nuddmeðferð og er K-spa eini staðurinn í borginni sem býður upp á þessa meðferð. Á öllum herbergjum eru stór og notaleg rúm með sæng en ekki teppi og laki eins og tíðkast í Bretlandi, og í svítunum er hægt að finna sérstaka „leikfanga-skúffu“ fyrir þá sem vilja gera eitthvað annað en að sofa í rúminu.



K-west hótel í Notting Hill er góður staður til að hverfa frá amstri dagsins.



Hægt er að fá herbergi með mjög stóru rúmi á K-west hóteli í London.



Nýlega fór K-spa á K-west hóteli að bjóða upp á sérstaka taílenska nuddmeðferð sem kallasta ytsara. K-spa er eini staðurinn í London sem býður upp á slíkt nudd.

Veitingastaður hótelsins er rómaður fyrir góða eldamennsku og er barinn sóttur af ungu fólki og ávallt mikið líf þar á kvöldin, en hótelið er mjög vinsælt hjá ungu tónlistarfólki og má oft sjá þar bregða fyrir frægum andlitum.

Frekari upplýsingar er að finna á vef hótelsins www.k-west.co.uk.

*- ket*







## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið

**Tréskurðarnámskeið**
Námskeið í tréskurði. Uppl. í s. 896 6234, Jón Adolf.

### Kennsla

Gítarkennsla fyrir byrjendur og lengra komna (einkatímar). Námsefni er hægt að nálgast á netinu, www.eythorsson.com. Staðsetning Hafnarfjörður. Kennsla hefst 29.jan. Eyþór Þorláksson, sími. 421 2751, gsm. 862 5558.

## HEIMILIÐ

### Húsgögn

Til sölu borðstofuborð og 6 stólar. Einnig þriggja eininga hillusamst, með glerh. Upp í s. 893 7174.

Til sölu Hastens rúm, queen size. 8 mán. gamalt, kostaði 800þ., en selst á 300þ. Ábyrgð. Soft og Medium stífleikar á dýnum. Einnig til sölu brúnt borð og hvítir leður stólar. Uppl. í s. 860 7265.

### Heimilistæki

Til sölu nýlegt 42“plastmasjónvarp og Yamaha YSP-1000 heimabíó. Gott sjónvarp fæst fyrir sanngjarnt verð. Uppl. í síma 699 5423.

### Gefins

Gefins gott hjónarúm, gott að sofa í því. Uppl. í s. 690 2084.

11 vikna gamall kettlingur (fress) fæst gefins. Uppl. í s. 823 1498.

8 vikna kettlingar fást gefins. S. 898 7878.

### Dýrahald

**Hundaræktin að Dalsmynni auglýsir.**
**Kíktu á heimsíðu okkar www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 - www.dalsmynni.is**



2 yndislegar Yorkshire Terrier tíkur til sölu. Tilbúnar til afhendingar, ættbók frá H.R.F.Í., bólusettar, örmerktar, tryggðar. Uppl. í s. 690 2661 (Tóti) eða 690 2640 (Sigrún).

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Hestamennska

2 folar á tamningaaldri til sölu. Vel reiðfærir. S. 435 1402.

### Ýmislegt



**Pool borð til sölu!**
**Til sölu er Pool borð Royal 8 ft með myntmatara og vel með farið. Ljós fylgja. Nýtt og lítið notað. Fæst á frábæru verði. Upplýsingar i síma 660 4777.**

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

2 góðar íbúðir til leigu í miðbænum. 56 fm á 90 þús og 63 fm á 110þús. Leigist til þriggja mánaða m/húsgögnum. Uppl. í síma 698 6399.

Til sölu - leigu, einbýlishús í Garðab. Leigist um óákv. tíma, frá 1. feb. S. 567 3569.

Herb. 6 fm. til leigu á háskólasv. Vinnuaðst. eða geymsla (hillur) m. aðg. snyrtingu. Uppl. í s. 864 5483.

Björt og skemmtileg 60fm 2 herb. íbúð á jarðhæð á svæði 110. Langtíma leiga og reykleysi og reglusemi skilyrði, 3 mán fyrirfram eða víxill. S. 690 9950.

Stúdeóherbergi með eldunaraðstöðu til leigu. Sér baðherbergi með sturtu, aðgangur að þvottahúsi. 65 þ. Húsal. bætur mögul. S. 898 6580.

### Húsnæði óskast

3 manna fjölsk. m. hund óskar eftir íbúð til leigu á stór höfuðborgarsv. Suðurnes og Hveragerði koma einnig til greina. Uppl. í s. 860 5079.

### Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Matreiðslumaður/vaktavinna.**
**Viljum bæta við okkur matreiðslumanni sem getur hafið starf sem fyrst. Leitum að vönum og góðum manni, þarf að kunna á tölvu og geta unnið með word og exel og hafa góð meðmæli.**
**Upplýsingar á staðnum eða í s. 863 8900 & www.kringlukrain.is**

**Þjónustustarf/vaktavinna.**
**Viljum bæta við okkur vönum í þjónustustörf. Leitum að góðum manni sem getur hafið störf sem fyrst. Þarf helst að vera 20 ára eða eldri.**
**Upplýsingar á staðnum eða í s. 893 2323 & www.kringlukrain.is**

**Fjarðarbakarí Hafnafirði**
**óskar eftir afgreiðslufólki til starfa sem fyrst, frá 6-13 virka daga.**
**Upplýsingar í síma 898 0445, Sjöfn og 895 7355, Halldór.**

**Starfsfólk óskast**
**á sólbaðsstofur Smart. Virka daga frá kl. 12-18.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum.**
**Sólbaðstofan Smart.**

Cafe VICTOR BISTRO - BAR

**Cafe Victor**
**Cafe Victor óskar eftir starfsfólki í fullt starf á kvöld og helgarvaktir. 15 daga vaktir. Gæti hentað skólafólki.**
**Uppl. veitir Baldur í s. 692 0735 eða sendið umsókn á baldur@victor.is**

**Jolli**
**Jolli Hafnarfirði óskar eftir fólki í hlutastarf. Breytilegar vaktir í boði. Tilvalin vinna fyrir skólafólk. Skemmtileg vinna með skemmtilegu fólki.**
**Umsóknareyðublöð fast á staðnum. Einnig gefur Líney uppl. í síma 565 4990.**

**Aktu Taktu auglýsir eftir fólki í fullt starf og hlutastarf.**
**Ef þú hefur áhuga á skemmtilegu starfi á skemmtilegum vinnustað þá er þetta rétta starfið fyrir þig.**
**Umsóknareyðublöð á aktutaktu.is og á öllum stöðum Aktu Taktu um allt höfuðborgarsvæðið.**

SPÖNG BYGGINGAVERKTAKAR

**Potrzebny mówiacy po Angielsku operator dzwigu typu. Liebherr 112,15-20 ton Wysokosc 40-50 metrów. Powinien posiadac uprawnienia I dokumenty na dzwig budawlany Duzo pracy i dobre wynagrodzenie**
**Informacje pod numerem Telefonu: Sæmundur í síma 8930847 lub Baldur í síma 8933847**

SPÖNG BYGGINGAVERKTAKAR

**Crane Operator**
**English speaking crane operator needed. Must have a licence to operate 15 to 20 ton crane, 40 to 50 meters „Libheer 112 and 120“ Lots of work. Offering good salary.**
**Further information contact Sæmundur tel. 8930847 or Baldur tel. 8933847**

ESSO

Starfsfólk óskast á nýja og glæsilega þjónustustöð Olíufélagsins ESSO við Hringbraut. Um er að ræða almenna afgreiðslu og þjónustu við bíla á plani. Vaktavinna. Einning óskast starfsfólk á aðrar þjónustustöðvar ESSO á höfuðborgarsvæðinu. Umsóknir á www.esso.is eða í síma 560 3300.




**Starfskraftur á Bílasölu óskast.**
**Starfskraftur óskast á Bílasölu. Vinnutími Frá 10-18 Virka Daga. Stundvís, áreiðanlegur. Reglusemi áskilin. Upplýsingar sendist á Listar@visir.is**
**Upplýsingar sendist á Listar@visir.is**

SUBWAY

**Subway opnar nýjan stað!**
**Vantar fólk í kvöld og helgarvinnu á nýjan stað við umferðarmiðstöðina. Vaktavinnu, sveiganlegur vinnutími. Umsóknir á öllum Subway stöðnum og á netinu subway.is.**
**Nánari upplýsingar gefur Birgitta í síma 696-7018**

Stefnt er að því að þýðing enska skáldsins Samuel Taylor Coleridge á Faust, höfuðverki þýska starfsbróður hans Goethes, komi út hjá Oxford University Press í september. Þýðing þessi ku hafa legið í gleymsku í næstum tvær aldir en rómantíkerinn er talinn hafa tekið að sér að þýða verkið í kringum árið 1814. Vefmiðill breska dagblaðsins Independent greindi frá þessu nýlega.

Bandarískur fræðimaður að nafni McKusick segist geta fært fyrir því rök að ónafngreind þýðing, sem bendluð hefur verið við nafn Coleridge áður en aldrei verið eignuð honum, sé eftir höfuðskáld ensku rómantíkurinnar. Hefur McKusick varið rúmum þrjátíu árum ævi sinnar í rannsókn á fyrrgreindu handriti en hann tók það verkefni í arf frá lærimeistara sínum, Paul Zall, sem lengi hafði gruflað í sama máli. Coleridge er talinn hafa haldið þýðingu sinni leyndri vegna þess að hann samdi við tvo útgefendur sem báðir greiddu honum fyrir viðvikið.

McKusick beitti nútíma tölvutækni við samanburðarrannsóknir sínar og með hjálp stærðfræðideildar háskólans í Montana þykir hann nú hafa fært sönnur fyrir því að stíll þýðingarinnar sé sá sami og í fyrri verkum Coleridge.



**SKÁLDIÐ COLERIDGE** Hélt þýðingu sinni leyndri af ótta við samningsbrest.

## > Ekki missa af...

tónleikum **kammerkórsins Hymnodiu** í Laugaborg í Eyjafjarðarsveit. Á tónleikunum sem liður í **Myrkum músíkdögum** en þar flytur kórinn verk eftir Á efnisskránni eru verk eftir íslenskar konur, þar á meðal **Önnu Þorvaldsdóttur** og **Jórunni Viðar.**



# Sannar og brenglaðar myndir af okkur

Danssmiðja Íslenska dansflokksins er tilraunastöð fyrir unga danshöfunda þar sem þeim gefst tækifæri til að sýna verk í vinnslu, æfa tækni sína og þroska sköpunargáfu. Því eru sýningar danssmiðjunnar meira í ætt við gjörninga eða tilraunir, en ekki fullmótuð verk.

Dansarinn Steve Lorenz gekk til liðs við Íslenska dansflokkinn árið 2002 sem gestanemandi en nýtt verk eftir hann, Images, verður frumsýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins annað kvöld. Haustið 2003 var hann síðan fastráðinn sem dansari hjá Íslenska dansflokknum. Steve nam nútímadans við dansakademíuna í Rotterdam en hefur einnig lokið íþróttakennaranámi og stundað og keppt í karate.

Viðfangsefni verksins eru þær myndir sem við sjáum af heiminum á degi hverjum, til dæmis gegnum fjölmiðla. Sannar og falsaðar myndir af því hvernig við lifum, hvernig heimurinn breytist. Steve spyr þannig hvort þróun mannskepnunnar miði sífellt að frekari þroska og gáfum eða hvort maðurinn sé í raun og veru svo klár. „Sagan sannar að mennirnir hafa aldrei getað búið friðsællega saman né heldur í friðsæld við náttúruna.“

Dansarar og meðhöfundar verksins eru Damian Michael Gmur, Aðalheiður Halldórsdóttir, Hjördís Lilja Örnólfsdóttir, Emilía Benedikta Gísladóttir og Cameron Corbett.

Verkið verður frumsýnt kl. 20 annað kvöld.



**FRAMFARIR HJÁ MANNKYNINU?** Nýtt verk eftir Steve Lorenz verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu annað kvöld.
MYND/STEVE LORENZ

## Á tjaldið

Ein vinsælasta skáldsaga á lesborðum þjóðarinnar á síðasta ári var Flugdrekahlauparinn. Nú er tökum á sögunni á vegum Dreamworks lokið og er myndin væntanleg í nóvember. Var farið til Kína og kvikmyndað í Yarbeshe. Nú reynir á vestræna áhorfendur en mest er leikið á darí. Leikararnir hafa ekki sést áður á hvíta tjaldinu. Drengirnir Kekiria Ebrahimi og Ahmad Khan Mahmiidzada frá Kabúl og voru ráðnir án þess að hafa neina reynslu. Verður líf þeirra héðan í frá gerbreytt. **- pbb**



www.volkswagen.is




Aukabúnaður á mynd: álfelgur

**Ríkulega búin Jetta Comfortline**

· 6 þrepa sjálfskipting · Skriðstillir (Cruise Control) · Armpúði milli framsæta
· Aksturstölva · Langtíma-olíubúnaður · Spólvörn ASR · Krómpakki · Samlitur
· Loftfrískunarbúnaður (Air Condition) · Þokuljós · og margt fleira.

# Grasrótarstarf í galleriBOXi

**GalleriBOX er gamall kontór í mjólkurvinnslu norður á Akureyri. Listalífið iðar í Gilinu en fjórar metnaðarfullar konur fara með lyklavöldin í Boxinu, sem hýsir fjölmargar sýningar á hverju ári.**

Hanna Hlíf Bjarnadóttir, Karen Dúa Kristjánsdóttir, Tinna Ingvarsdóttir og Gitte Nielsen leigja vinnustofu fyrir listamenn og reka galleriBOX sem Menningarmiðstöðin í Listagili hefur umsjón með. GalleriBOX er stór vinnustofa, setustofa og svo lítið sýningarrými sem er aðeins tæpir tveir og hálfur metri að lengd og breidd en galleríið dregur nafn sitt af þessari fyrrum verkstjóraskrifstofu.



**FARA MEÐ LYKLAVÖLDIN Í BOXINU** Karen Dúa, Gitte Nielsen, Hanna Hlíf og Tinna reka galleriBOX á Akureyri. MYND/HEIÐA.IS.

Starfsemin hófst fyrir tæpum tveimur árum en hugmyndin kviknaði í Myndlistarskólanum á Akureyri þar sem hluti aðstandendanna stundaði nám. „Við byrjuðum reksturinn meðan við vorum enn í skólanum,“ útskýrir Hanna Hlíf, „en þetta hefur tekið töluverðum breytingum. Grundvallarhugmyndin var þó og er að vera vettvangur fyrir ungt listafólk. Okkur fannst tilvalið að brjóta upp stemmninguna og fá unga listamenn og fólkið í grasrótinni til þess að sýna frekar en að bíða eftir því að listafólk sannaði sig annars staðar. Við álítum mikilvægt að fá að kynnast listamönnunum og fylgjast með því sem þeir eru að gera.“

Karen bætir við að einkar fróðlegt sé að fylgjast með öðrum listamönnum vinna en nú þegar hafa tæplega þrjátíu listamenn sýnt í Boxinu eða komið að uppákomum á vegum þess.

Fyrsta sýningin sem sett var upp í Boxinu var unnin af Aðalheiði Eysteinsdóttur en hún var með vinnustofu á staðnum ásamt eiginmanni sínum Jóni Laxdal áður en rýminu var breytt í gallerý. Nú þegar hafa hin ólíkustu sköpunarverk ratað inn í boxið enda segjast aðstandendurnir jafnan leitast við að bjóða ólíkum listamönnum að sýna.

„Listafólkið vinnur yfirleitt bara með Boxið en það er mikil ögrun fyrir það að vinna með svona lítið rými. Þetta hefur heppnast ótrúlega vel,“ útskýrir Hanna.

Hún segir að þær stöllur hafi alla tíð verið heppnar með samstarfsfólk og listamenn og starfið gangi nú vonum framar - galleríið hefur vakið töluverða athygli fyrir forvitnilegar og ferskar sýningar og ásóknin er góð. „Það er ákveðinn kjarni sem mætir alltaf á sýningarnar hjá okkur,“ segir Karen og Hanna bætir við að ákveðin hefð sé komin á það að bjóða upp á léttan mat á opnunum. „Þá skapast svolítið öðruvísi stemmning og fólk nennir frekar að staldra við og spjalla. Það er mjög heimilislegt hérna hjá okkur.“

Listagilið á Akureyri iðar af lífi en í sama húsi og GalleriBOX er gallerí Jónasar Viðars og í kjallaranum starfar Populus Tremula þar sem staðið er fyrir ýmiss konar uppákomum, til dæmis tónleikum og bókmenntadagskrám. Við hliðina er Listasafn Akureyrar og þar á móti Café Karolína þar sem staðið er fyrir reglulegu sýningarhaldi. Fjölmargir listamenn úr ólíkum greinum eru með vinnustofur á þessum slóðum og segja þær stöllur það alveg víst að starfsemi sem þessi styðji hver við aðra.



**VERK ALEX GROSS PRÝÐIR BOXIÐ OG NÁGRENNI ÞESSA DAGANA.** MYND/HEIÐA.IS

Talið berst að menningarhúsi Akureyringa sem nú er verið að reisa á Eyrinni og áætlað er að opna í árslok 2008. Hanna segist ekki eiga von á því að grasrótin fái inni í því húsi. „Auðvitað vonast allir til þess að þar verði öflugt og gott starf sem nýtast muni öllum listgreinum. Það er gaman að fylgjast með því hvernig Akureyri er að verða meiri menningarbær - hingað koma margir ferðamenn og listamenn staldra hérna við, sem er mjög gott fyrir okkur.“

Gitte Nilsen gekk nýlega til liðs við GalleriBOX. Hún leggur áherslu á að starfsemi í slíku menningarhúsi þurfi að vera fjölbreytt og stefna þess hugrökk. „Það væri gaman ef hægt yrði að bjóða þangað listamönnum eða viðburðum sem ekki eru eingöngu hefðbundin,“ segir hún. „Fólk má ekki hræðast að taka áhættu. Það þarf ekki alltaf að gera öllum til hæfis í einu - það er búið, það er ekki lengur í tísku. Meðalmennska er aðeins áhugaverð í skamman tíma og skilur ekki mikið eftir sig.“ Gitte segir að áhorfendur nú séu betur búnir undir nýjungar en áður. „Það sannast til dæmis á Leikfélagi Akureyrar. Þar var tekin mikil áhætta en svo líkaði flestum breytingin og nú sækja fleiri áhorfendur leikhúsið.“

Þýski myndlistarmaðurinn Axel Gross sýnir verk sín í Gallerībox um þessar mundir og stendur sýning hans til 4. febúrar. Nánari upplýsingar um starfsemi galleríssins má finna á heimasíðu þess, www.galleribox.blogspot.com.

kristrun@frettabladid.is





Volkswagen Jetta er rúmgóður, lipur og ríkulega búinn bíll, eins og við er að búast af Volkswagen, og býðst nú á frábæru verði. En til að uppgötva alla kosti Jettunnar er nauðsynlegt að koma, skoða og reynsluaka.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# Aðskilnaður á ýmsa vegu

**Verkið „50 Ways to Leave Your Lover“ verður frumsýnt í Silfurtunglinu í Austurbæ á föstudagskvöld, 26. janúar.**



**LEIKLIST** Ólafur við æfingar í Silfurtunglssalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta er einleikur sem fjallar um uppgjör ungs manns við ástina sem hann kynntist og einverunni þá ástin hefur yfirgefið hann. Sögu hans heyrum við frá tveimur skeiðum í lífi hans: annarsvegar fyrir dauða hans og hinsvegar eftir. Ungi maðurinn reynir að skilja atburðinn sem átti sér stað á sama tíma og hann veltir fyrir sér örlögum manneskjunnar sem hann varð ástfanginn af.

Verkið varpar fram spurningum um hvað verður um manneskjuna þegar hún upplifir mikla einsemd og óréttlæti af völdum samfélagsins. Hvað verður um einmana sál þegar hún er svipt frelsinu og er látin gjalda fyrir verknað sem hún ekki framdi. Geta allir orðið að ófreskjum ef þeir eru settar í ákveðnar aðstæður?

Fimmtíu leiðir til skilnaðar eða „50 Ways to Leave Your Lover“ eins og höfundurinn kýs að kalla verkið er leikinn af Ólafi S.K. Þorvaldz leikara, en hann er einnig höfundur. Titillinn er sóttur í frægt dægurlag eftir bandaríska listamanninn Paul Simon. Verkið var fyrst sett upp í London undir nafninu „Memoirs“ árið 2003. Þá var það leikið af Stian Olderkjær og Trevor Bishop undir leikstjórn Ólafs. Ólafur þýddi síðan verkið og endurskrifaði, með það í huga að setja það upp með einum leikara. Leikstjóri verksins nú er Agnar Jón Egilsson. Verkið er flutt í gamla Silfurtunglssalnum á efri hæð Austurbæjar - Austurbæjarbíós. Hefur salurinn verið færður í stand frá fyrra ástandi en Sambíóin breyttu honum í kvikmyndasal á sínum tíma. Eru áætlaðar fjórar sýningar á verkin, fyrst á föstudag og laugardag um þessa helgi og síðan sömu daga í næstu viku.

Ólafur S.K. Þorvaldz útskrifaðist frá Arts Educational School of Acting í London árið 2003. Ólafur stofnaði leikhópinn „Children of Loki“ árið 2003 á meðan hann var enn í námi. „Children of Loki“ starfaði í 2 ár og setti upp 3 sýningar - allar eftir Ólaf. Tvær þeirra voru settar upp í London og ein í Edinborg. Ólafur fluttist til Íslands í byrjun árs 2005.

Ólafur vann tvær sýningar með sjálfstæðum leikhópum sem sýndar voru í Borgarleikhúsinu. Sú fyrri var „American Diplomacy“ í leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar og sú síðari „Riðið inní sólarlagið“ í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelssonar. Ólafur lék einnig í verðlaunaleikritinu „Hafið bláa“ í leikstjórn Agnars Jóns Egilssonar. Ólafur hefur leikstýrt og sett upp sýningar, allar skrifaðar af honum, með framhaldsskólum og sjálfstæðum leikhópum. Ólafur hefur einnig unnið við kennslu, með börnum og unglingum, hjá Barna- og unglingaleikhúsi Austurbæjar.

- pbb



**CAPUT-HÓPURINN HEFUR FRUMFLUTT FJÖLDA ÍSLENSKRA OG EVRÓPSKRA TÓNVERKA** Flytur verk eftir Koenig á Myrkum músíkdögum.

# Frumkvöðull leikinn

CAPUT-hópurinn leikur í tilefni af Myrkum músíkdögum í Salnum í Kópavogi í kvöld. Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir þýsk-hollenska tónskáldið Gottfried Michael Koenig.

Koenig er einn af fremstu tónskáldum 20. aldarinnar og einn af frumkvöðlum raftónlistarinnar í Evrópu og er einnig þekktur fyrirlesari og fræðimaður. Tónskáldið Atli Heimi Sveinsson nam til að mynda elektróníska tónsmíðatækni hjá Koenig þegar hann kenndi í Utrecht í Hollandi og Gunnar Reynir Sveinsson tónskáld naut einnig leiðsagnar hans. Koenig er sérstakur gestur tónlistarhátíðarinnar í ár og verður viðstaddur tónleikana í kvöld.

CAPUT-hópurinn var stofnaður árið 1987 með það að leiðarljósi að kynna og leika nýja íslenska tónlist en félagar hans hafa fyrir löngu fest sig í sessi meðal fremstu listamannalandsins og nýtur hópurinn hylli bæði hérlendis sem erlendis.

Hópinn að þessu sinni skipa fiðluleikarinn Hildigunnur Halldórsdóttir, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari, Sigurður Halldórsson sellóleikari, Valgerður Andrésdóttir píanóleikari, flautuleikarnir Melkorka Ólafsdóttir og Kolbeinn Bjarnason og Guðni Franzson sem leika mun á klarinettur. Sjö verka Koenig verða flutt á tónleikunum.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 í kvöld en nánari upplýsingar um dagskrá Myrkra músíkdaga má finna á heimasíðunni www.listir.is

- khh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

21 22 23 **24** 25 26 27

**Miðvikudagur**

### SÝNINGAR

☐ 09.00 Í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er Jón Reykdal en **Listvinafélag kirkjunnar** stendur fyrir henni.

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.

☐ 13.00 **Þórunn Hjartardóttir** sýnir málverk og ljósmyndir í **Anima gallerí**, **Ingólfsstræti 8**, 101 Reykjavík. Anima er opið þriðjudaga-laugardaga kl.13-17, **www.animagalleri.is.**

☐ 13.00 Myndlistarmennirnir **Jóhann Torfason** og **Hlynur Helgason** sýna verk sín í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Sýningarnar standa til 28. janúar.

☐ 14.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo** sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina **IF YOU WANT BLOOD... YOU'VE GOT IT !** og er opin milli 14-17, þriðjudaga til laugardaga til 15. febrúar.

☐ 15.00 **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast **Les yeux de l'ombre jaune** eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Bateman ber heitið **Tyrfingar**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


**Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER**

Frumsýning Fös 26. jan kl. 20 / Lau 27. jan kl. 20 / Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

AUSTURBÆR

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

Flagari í framsókn – The Rake's Progress – IGOR STRAVINSKY

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus**
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni

**FRÁBÆRIR SÖNGVARAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
**Hulda Björk, Gunnar, Ágúst, Jóhann Smári, Sigríður, Ingveldur Ýr og Eyjólfur**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

Landsvirkjun

ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“ DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort
Lau 3/2 kl. 20
Fös 9/2 kl. 20
Sun 18/2 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fim 25/1 kl. 20
Fös 2/2 kl. 20
Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPSELT
Fim 17/5 kl. 20 UPPSELT
Fös 18/5 kl. 20
Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPSELT
Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

**MEIN KAMPF**
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Fim 25/1 kl. 20 FORSÝNING kr. 1.000
Fös 26/1 kl. 17 FORSÝNING kr. 1.000
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Fös 2/2 kl. 20
Sun 4/2 kl. 20

**DAGUR VONAR**
Fös 26/1 kl. 20 UPPSELT
Sun 28/1 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 20 UPPSELT
Fös 9/2 kl 20 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 20
Lau 17/2 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

**FOOTLOOSE**
Lau 27/1 kl. 20 UPPSELT
Sun 28/1 kl. 20 AUKASÝNING
Allra síðasta sýning

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 28/1 kl. 14
Sun 4/2 kl. 14
Sun 11/2 kl. 14
Sun 18/2 kl. 14

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 25/1 kl. 20 UPPSELT
Fim 8/2 kl. 20 AUKASÝNING
Fös 16/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

**KARÍUS OG BAKTUS**
Forsala miða hefst í dag kl. 13:00
Sun 4. feb kl. 13 Sun 4. feb kl. 14
Sun 4 feb kl. 15 Sun 11.feb kl. 13
Sun 11.feb kl. 14 Sun 11.feb kl. 15
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Patrekur 1,5

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Lau. 27/1 **nokkur sæti laus,** fös. 2/2, fös. 9/2. Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 27/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 28/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 4/2 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 10/2 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 11/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** lau.17/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00, sun. 25/2 kl. 14:00.**

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes.
Fös. 26/1, lau. 3/2.
Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýningarnar. Aðeins tvær sýningar eftir.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Í dag ið. 24/1 **kl. 14:30 uppselt, lau 27/1, mið. 7/2 örfá sæti laus. fös.2/2, mið. 7/2 örfá sæti laus, lau. 10/2, lau. 17/2 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 21/2 uppselt.**
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kassinn kl. 20:00 forsala hafin**

**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Fös. 26/1, lau. 27/1, **örfá sæti laus, fös. 2/2, lau. 10/2, fös. 16/2.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 27/1 **kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15** uppselt og **kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 11:00, kl. 12:15, kl:14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl, 14:00, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00. Síðustu sýningar.**

**PÉTUR OG ÚLFURINN** - **Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs**
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13.30 og kl. 15:00

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**
**Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.**
**Upplýsingar í miðasölusíma.**

# Njóttu lífsins!



Fullkomnaðu veröndina og njóttu lífsins með fjölskyldunni í heitum potti frá Vatnsvirkjanum, heima við eða í bústaðnum!



Vatnsvirkinn flytur inn afar vandaða, fallega og tæknilega fullkomna nuddpotta frá Cal Spas sem er einn stærsti og virtasti framleiðandi heitra potta í veröldinni. Við veitum faglega ráðgjöf um frágang og uppsetningu pottanna. Með samstarfi Vatnsvirkjans og Cal Spas gefst þér gott tækifæri til að ákveða hvernig búnað þú vilt hafa á heita pottinum þínum. Kynntu þér möguleikana hjá sölumönnum okkar. Allur rafbúnaður í pottunum kemur frá General Electric.





VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Smiðjuvegi 42 - Kópavogi - Sími: 557 5400 - www.vatnsvirkinn.is

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Stefnt að sáttum Auðuns og Adolfs

Auðunn Blöndal var ekki par sáttur við yfirlýsingar Adolfs Inga Erlingssonar sem íþróttafréttamaðurinn lét hafa eftir sér í Fréttablaðinu í gær. Þar sagði Adolf að Auðunn og Hugi Halldórsson hefðu viðhaft hneykslanlega framkomu á HM í Þýskalandi. „Við höfum oft orðið okkur til skammar á ferlinum með truflunum og öðru slíku en það var ekkert slíkt uppi á teningnum þarna úti,“ sagði Auðunn.

Hann sagði enn fremur að starfsmenn HSÍ, þar á meðal framkvæmdastjórinn Einar Þorvarðarson, hefðu aðstoðað þá eftir fremsta megni. Framkvæmdastjórinn hefði meðal annars komið því kring að þeir fengju að hitta strákanna inni í búningsklefanum. Og það hefði reitt Adolf til reiði. „Strákarnir urðu mjög svekktir að við gátum ekki lengur spjallað við þá eftir leiki enda vorum við



**AUÐUNN BLÖNDAL** Var heitt í hamsi vegna málsins.

þarna á vegum stuðningsmannasíðunnar,“ segir Auðunn og bætir því við að þeim hafi borist ósk frá Guðjóni Val Sigurðssyni um að hitta sig og félaganna uppi á hótelherbergi eftir leik. Auðunn fór heim eftir leikinn gegn Úkraínu en var væntanlegur aftur á mótið í dag þegar Ísland leikur við Túnis.

Sjónvarpsþátturinn Strákarnir með Auðun fremstan í flokki hefur átt gott samstarf við íslenska landsliðið. Frægt er orðið þegar þeir létu rassskella sig í sturtuklefanum að hætti nýliða og ekki er langt síðan landsliðsmennirnir hentu rjómakökum í þá í miðbæ Reykjavíkur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var unnið að því hörðum höndum í allan gærdag að bera klæði á vopnin og ná sáttum milli þessara aðila. Áður en blaðið fór í prentun stefndi allt í mikinn sáttafund hjá Adolf Inga og „Strákunum“ í dag. - fgg



**ADOLF INGI** Allt útlit fyrir að „Strákarnir“ og íþróttafréttamaðurinn nái sáttum í dag.



**NEITAR AÐ GRENNAST** Sienna Miller þarf að borða mikið til að geta unnið mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Neitar að grenna sig

Sienna Miller hefur lýst því yfir að hún sé ekki tilbúin að breyta um mataræði til að auðvelda sér að komast áfram í Hollywood. Leikkonan, sem er fyrrverandi kærasta Jude Law, segir það nauðsynlegt fyrir sig að borða vel til að hafa næga orku til að vinna. Sienna, sem er 25 ára, leikur Edie Sedgwick, skáldagyðju Andys Warhol, í kvikmyndinni Factory Girl. Henni var sagt að grennast fyrir hlutverkið en neitaði að hlýða. „Edie var grennri en ég svo leikstjórinn sagði mér að grennast. Ég get bara ekki unnið svona mikið og sleppt því að borða,“ segir Sienna.



**ELTON JOHN** Tónlistarmaðurinn heimsfrægi spilar á afmælistónleikum í Madison Square Garden.

# Í New York á afmælinu

Elton John, sem hélt óvænta en örstutta tónleika hér á landi fyrir skömmu, ætlar að halda upp á sextugsafmæli sitt hinn 25. mars með tónleikum í Madison Square Garden í New York.

Þetta verður í sextugasta sinn sem Elton spilar í þessu virta tónleikahúsi. Hefur hann beðið vin sinn Robbie Williams um að koma fram á tónleikunum og brást Robbie við með því það bjóðast til að fækka fötum á meðan hann myndi syngja lag Toms Jones, You Can Leave Your Hat On. Lagið var einmitt notað í myndinni The Full Monty þar sem breskir verkamenn brugðust við atvinnuleysi með því að gerast fatafellur.

# Hilmar með Draumalandið á svið

**Hilmar Jónsson hefur skrifað leikgerð upp úr Draumalandi Andra Snæs Magnasonar. Verkið verður frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu í mars.**

„Slungið að sviðsetja Draumalandið? Auðvitað er það. Mjög spennandi verkefni. En í sjálfu sér, þegar þú tekur svona texta eins og hans Andra Snæs og rennir honum í gegnum manneskjur þá verður hann dramatískur,“ segir Hilmar Jónsson leikstjóri.

Hilmar hefur að undanförnu unnið við að skrifa leikgerð upp úr Draumalandi Andra Snæs Magnasonar. Hermóður og Háðvör – Hafnarfjarðarleikhúsið stefnir að því að setja upp sýningu í byrjun mars sem byggir á bókinni. Settur hefur verið saman leikhópur sem í eru Erling Jóhannesson, Sóley Elíasdóttir, Magnea Valdimarsdóttir, Sólveig Arnarsdóttir, Guðmundur Ingi Þorvaldsson og Hjálmar Hjálmarsson. Tónlist og hljóðmynd verða í höndum Hilmars Arnar Hilmarssonar, leikmyndateiknari er Ásdís Sif Gunnarsdóttir myndlistarmaður og lýsingu annast Garðar Borgþórsson.

Svo virðist sem för Draumalands Andra sé hvergi lokið í samfélagsumræðunni og Hilmar segir að leikhúsið ætli að bjóða sig og sitt fram í þeim efnum. Þorfinnur Guðnason kvikmyndagerðarmaður vinnur nú að kvikmynd sem byggir á bókinni. Hefðu menn ætlað að það reyndist erfitt verk að vinna kvikmynd upp úr bókinni, sé litið til byggingar hennar og efnis, þá eiga menn ef til vill erfiðara með að sjá fyrir sér bókina á leiksviði. Hilmar segir það alveg rétt. En þótt bókin sé ekki dramatísk í byggingu þá er efni hennar sannarlega dramtísk.

„Þegar umræðan er ekki alveg rökrétt og vitræn, þegar búið er að sá í brjóst og hjörtu manna ótta við það sem gerist ef ekki er virkjað. Og spurt: „Ertu á móti rafmagni? Ertu á móti hagvexti? Eigum við öll að fara á fjöll og tína fjallagrös?“ Þá er efniviður í dramatíska framsetningu.“

Leikfélagið vinnur leikgerðina í samráði við Andra Snæ þó svo að hann hafi fyrir sína parta lýst því yfir að hann treysti Hilmari og hópnum til að koma með sína úrvinnslu á bókinni.

„Minn vinkill er... sko, bókin heitir Draumalandið – sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð og við, í leikhúsinu, erum að skoða þessa hræddu þjóð. Hver er hún og við hvað er hún svona hrædd?“

Hilmar lítur svo á að Draumalandið sé fyrirtaks útgangspunktur í slíkum bollaleggingum, þar sem Andri skoði inn í samfélagið, skoði orðræðuna sem er uppi og andæfi því sem hann er ósammála, komi fram með mótrök og nýjar hugmyndir.

„Dregur fram hvernig umræðan lendir á villigötum, fólk dregið í dilka, hlutir slegnir út af borðinu með fraseringum sem fáir skilja og er tortryggið í garð þeirra sem rekið hafa þessa stóriðjustefnu.“ jakob@frettabladid.is



**HERMÓÐUR OG HÁÐVÖR** Hefur ráðist í það mikla verkefni að sviðsetja Draumalandið og er frumsýning fyrirhuguð í byrjun mars. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**ANDRI SNÆR** Samfélagsgagnrýni hans í Draumalandinu hefur hitt í mark, kvikmynd á leiðinni og ný leiksýning á döfinni.

# Þættirnir breyttu mér ekki

Storm Large kom óvænt fram á Hlustendaverðlaunum FM 957 sem fram fóru í gærkvöldi. Fréttablaðið náði tali af söngkonunni, sem fór huldu höfði í gær.

Storm er hér á vegum Magna Ásgeirssonar, en þetta er í annað sinn sem hún sækir landið heim. Söngkonan vildi ekkert tjá sig um sambandsslit Magna og Eyrúnar Haraldsdóttur en fréttir af þeim tröllriðu fjölmiðlum fyrir alls ekki löngu. Og ekki heldur um meint samband Dilönu og Magna og sagði það ekki koma neinum við. „Kjaftasögur og kastljós fjölmiðla eru nokkuð sem tónlistarfólk verður að lifa með,“ lýsir hún yfir af stakri ró.

Söngkonan varð sjálf fyrir barðinu á gróusögum á meðan raunveruleikaþátturinn var í gangi. Á vefsíðum var því haldið fram að hún ætti í ástarsambandi við Dave Navarro og hefði átt innilegar stundir með trommaranum Tommy Lee. Hún skilur því allt fjölmiðlafárið í kringum Magna og Eyrúnu og segir þetta vera hluta af starfinu. „Tónlistin er kynþokkafullt starf en ég held að ég sé leiðinleg að því leytinu til. Á ennþá sama kærastann og sama húsið. Fjölskylda mín er óhögguð þrátt fyrir sviðsljósið,“ segir Storm.

Magni lýsti því yfir í fjölmiðlum skömmu eftir sambandsslitin að sjónvarpsþátturinn hefði breytt sér. Storm sagði það sama ekki hafa gilt um sig. „Ég hef starfað sem óháður tónlistarmaður í fimmtán ár. Ég var því vön þessari athygli. Þættirnir breyttu ekki lífi mínu persónulega en gerðu mikið fyrir mig sem fagmanneskju því tónlistin mín náði mun meiri útbreiðslu,“ segir Storm. „Mér finnst hins vegar ennþá skemmtilegast að elda og sækja stjúpsyni mína í skólann,“ segir Storm. Söngkonan er í góðu sambandi við hina þátttakendurna en mun ekki fara í Supernova-túrinn. „Ég er á leiðinni í hljóðver að taka upp plötu,“ útskýrir hún.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Magni að vegabréfsáritunin væri á leiðinni frá Bandaríkjunum og ef hún kæmist í tæka tíð myndi hann halda utan í dag. „Ég flýg til móts við hljómsveitina í Toronto,“ segir Magni. - fgg

**STORM OG MAGNI** Söngkonan er vön öllu og segir kastljós fjölmiðla vera hluta af starfi tónlistarmannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Staðsetning: Nordica
Dagsetning: Miðvikudaginn 24. janúar.
Tímasetning: 08:30-10:00
- Skráning hefst hálftíma fyrr.

Nordica hotel

# Gjaldmiðill viðskiptalífsins

## Morgunverðarfundur FVH
## Nordica Hotel - Í dag,
### miðvikudaginn, 24. janúar kl. 8:30-10:00

Fyrirlesarar:



*Að verða leiðandi norrænn fjárfestingarbanki*
*Evra: Í þágu hagsmuna bankans og hluthafa.*

Friðrik Jóhannsson
Forstjóri Straums Burðarás



*Krónan eða evran?*

Ingólfur Bender
Forstöðumaður greiningardeildar Glitnis



*Svarið er evran en hver er spurningin?*

Dr. Jón Þór Sturluson
Doktor í hagfræði og forstöðumaður M.Sc. náms við Háskólann í Reykjavík.



Fundarstjóri:

Agnes Bragadóttir
Blaðamaður á Morgunblaðinu

Pallborð að framsögum loknum.

**FUNDURINN ER ÖLLUM OPINN!**

Verð fyrir félagsmenn FVH kr. 3.500
og aðra kr. 4.900

Skráning á www.fvh.is
eða í síma: 551-1317
Skráning æskileg fyrirfram

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga







# Björk á Coachella

Björk Guðmundsdóttir mun spila á hinni árlegu tónlistarhátíð Coachella sem verður í Kaliforníu dagana 27. til 29. apríl.

Á meðal annarra þekktra nafna á hátíðinni verða Rage Against the Machine, sem hefur legið í dvala undanfarin ár, The Red Hot Chili Peppers, The Arcade Fire, Happy Mondays, Willie Nelson, Interpol, The Good, The Bad and the Queen og Arctic Monkeys.

Þetta verða fyrstu tónleikar Bjarkar í langan tíma en hún er um þessar mundir að leggja lokahönd á sína nýjustu plötu. Á meðal þeirra sem aðstoða hana á plötunni eru upptökustjórinn Timbaland, Antony úr hljómsveitinni Antony and the Johnsons, trommarinn Chris Corsano og Konono nr. 1. Auk þess semur Sjón einn texta á plötunni og er það fimmti textinn sem hann semur fyrir Björk.

Platan, sem hefur ekki enn fengið nafn, er væntanleg næsta vor.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Björk mun spila á tónlistarhátíðinni Coachella í Kaliforníu í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA






# Dreamgirls hlutskörpust

**Söngvamyndin Dreamgirls hlaut átta tilnefningar til óskarsverðlaunanna en var ekki tilnefnd sem besta myndin. Babel kom næst á eftir með sjö tilnefningar.**

Talið var að Dreamgirls, sem hlaut Golden Globe-verðlaunin sem besta söngva- eða gamanmyndin, yrði líkleg til að verða valin besta myndin en hún hlaut ekki náð fyrir augum dómnefndarinnar. Þess í stað voru Babel, The Departed, Little Miss Sunshine, The Queen og stríðsmynd Clint Eastwood, Letters From Iwo Jima, tilnefndar sem bestu myndirnar.



**DREAMGIRLS** Söngvamyndin Dreamgirls er tilnefnd til átta óskarsverðlauna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Withaker og DiCaprio á blaði

Forest Whitaker, sem fékk Golden Globe á dögunum, var tilefndur sem besti leikarinn fyrir hlutverk sitt sem einræðisherran Idi Amin í myndinni The Last King of Scotland. Mun hann keppa um óskarinn við þá Leonardo DiCaprio fyrir Blood Diamond, Ryan Gosling fyrir Half Nelson, Peter O´Toole fyrir Venus og Will Smith fyrir The Pursuit of Happyness.



**FOREST WHITAKER** Bandaríski leikarinn er tilnefndur fyrir hlutverk sitt í The Last King of Scotland.

## Breskar í baráttunni

Bresku leikkonurnar Helen Mirren, sem hlaut Golden Globe fyrir frammistöðu sína í The Queen, Judi Dench (Notes on a Scandal) og Kate Winslet (Little Children) voru tilnefndar sem bestu leikkonurnar ásamt þeim Meryl Streep (The Devil Wears Prada) og Penelope Cruz (Volver).

Martin Scorsese, sem margir vilja að hljóti óskarinn í fyrsta sinn í ár, var tilefndur fyrir The Departed. Auk hans var Clint Eastwood tilnefndur fyrir Letters from Iwo Jima, Stephen Frears fyrir The Queen, Paul Greengrass fyrir United 93 og Alejandro Gonzales Inarritu fyrir Babel.

## Dönsk mynd tilnefnd

Danska myndin Efter Bryllupet var tilnefnd sem besta erlenda myndin. Etur hún kappi við Indigenes frá Alsír, El Elaberinto del Fauno frá Mexíkó, Das Leben der Anderen frá Þýskalandi og Water frá Kanada.

Athygli vekur að gamanmyndin Borat, sem sló rækilega í gegn á síðasta ári, var tilnefnd fyrir besta handrit byggt á áður birtu efni. Óskarsverðlaunin verða afhent 25. febrúar í Los Angeles.

# Cruise er Kristur

Leikarinn Tom Cruise hefur verið hylltur sem „Jesús Kristur Vísindakirkjunnar" af leiðtogum hennar. Cruise hefur verið tjáð af yfirmönnum kirkjunnar að hann hafi verið valinn til að breiða út boðskap trúarinnar um allan heiminn.

David Miscavige, yfirmaður kirkjunnar, hefur látið hafa eftir sér að Cruise gæti í framtíðinni orðið dýrkaður eins og Jesús fyrir starf sitt í þágu trúarinnar, þrátt fyrir að í dag sé hann stundum gagnrýndur fyrir skoðanir sínar.

Cruise gekk til liðs við Vísindakirkjuna á níunda áratugnum. Stofnandi hennar, L. Ron Hubbard, telur að mannfólkið eigi rætur sína að rekja til fornrar menningar geimvera.



**CRUISE OG HOLMES** Tom Cruise ásamt eiginkonu sinni, leikkonunni Katie Holmes.

Verðlaunamyndirnar eru í SAMbíóunum

7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
EF ÞÚ VILT FÁ SKILNING .... ÞARFTU AÐ HLUSTA
GOLDE GLOBE BESTA MYND ÁRSINS
★★★★ TOPP5.IS
★★★★ FBL
BABEL
★★★★ PANAMA.IS

★★★★ FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★ H.J. MBL
AÐALLEIKARARNIR FARA Á KOSTUM
FORELDRAR
FRÁ ÞEIM SÖMU OG GERÐU VERÐLAUNAMYNDINA BÖRN

2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
SAMBÍÓIN
HUGH JACKMAN CHRISTIAN BALE SCARLETT JOHANSSON MICHAEL CAINE
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA
FRÁ LEIKSTJÓRA BATMAN BEGINS OG MEMENTO
THE PRESTIGE
MÖGNUÐ OG TÖFRANDI SPENNA SEM HELDUR ÞÉR Í HELJARGREIPUM

Háskólabíó

| Háskólabíó | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð | THE HOLIDAY | kl. 8 | B.i. 7 |
| BABEL | kl. 6 - 9 - 10:30 | B.i.16 | FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 - 8 | B.i. 16 |
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 | B.i.12 | DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:50 | B.i.16 | THE DEPARTED | kl. 10:30 | B.i. 16 |

★★★ Þ.J. -FBL
2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
the Holiday
3 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
Stranger than Fiction
FRÁBÆRLEGA FYNDIN OG SNIÐUG GAMANMYND...
5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
THE DEPARTED
1 TILNEFNING TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
HAPPY FEET

| SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BABEL | kl. 5:30 - 8 - 10:50 | B.i.16 | THE CHILDREN OF MEN | kl. 8:30 - 10:30 | B.i.16 |
| BABEL VIP | kl. 8 - 10:50 | Leyfð | THE CHILDREN... VIP | kl. 5:30 | |
| FORELDRAR | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | Leyfð | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:20 - 5:40 | Leyfð |
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:20 | Leyfð |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | Leyfð | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:20 | Leyfð |

| SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| FORELDRAR | kl. 6 - 8:30 - 10:30 | Leyfð | |
| THE PRESTIGE | kl. 6 - 8:15 - 10:40 | B.i.12 | |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 10:30 | Leyfð | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 5:50 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 8:10 | Leyfð | DIGITAL |

| SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 8 - 10:15 | Leyfð |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE PRESTIGE | kl. 10:15 | B.i. 12 |

| SAMBÍÓIN / AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| BABEL | kl 8 | B.i.16 |
| THE PRESTIGE | kl 8 | B.i.12 |

Skráðu þig á SAMbio.is

www.SAMbio.is 575 8900

Munið VISA tilboðið* á miðvikudögum í janúar

Þeir sem greiða með VISA kreditkorti fá tvo miða á verði eins í SAMbíóin og Háskólabíó á miðvikudögum í janúar

Góða skemmtun

SAMBÍÓIN Háskólabíó VISA

*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM, EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG EKKI Í VIP

Kynnið ykkur myndir sýningar tíma og fleira á SAMbio.is



**JUSTIN OG DIAZ** Justin Timberlake og Cameron Diaz á meðan allt lék í lyndi.

# Vildi ekki fjölskyldu

Ástæðan fyrir skilnaði Cameron Diaz og popparans Justins Timberlake er talin vera sú að Timberlake var ekki tilbúinn til að stofna fjölskyldu með Diaz.

Diaz, sem er 34 ára, vildi eignast barn með Timberlake en hann var víst ekki tilbúinn til að þess. Timberlake er um þessar mundir á umfangsmikilli tónleikaferð. Hefur hann verið orðaður bæði við leikkonuna Scarlett Johansson og fyrrverandi kærustu sína, Veronicu Finn.



**MICHAEL JACKSON** Popparinn hefur höfðað mál gegn flugfélaginu Xtra Jet fyrir hleranir.

# Jackson höfðar mál

Popparinn Michael Jackson hefur höfðað mál gegn flugfélaginu Xtra Jet fyrir hleranir. Að sögn Jacksons tóku starfsmenn fyrirtækisins upp samtöl á milli hans og lögfræðings hans er þeir voru á leið til Santa Barbara í Kaliforníu árið 2003. Á þessum tíma stóð Jackson í réttarhöldum vegna ásakana um að hann hefði misnotað ungan dreng. Á endanum var hann sýknaður og er nú að undirbúa endurkomu sína í poppbransann.

# HM-hjónin sáu fram á dapran endi

**Sigur íslenska landsliðsins yfir Evrópumeisturum Frakka á mánudagskvöldinu hefur haft mikil áhrif á íslensku þjóðarsálina sem vart ræðir um annað. Fjölmargir er á leiðinni út til Þýskalands.**

„Það er mikil eftirspurn eftir miðum. Við eigum á flesta leiki liðsins í milliriðlunum nema gegn gestgjöfunum Þjóðverjum á sunnudeginum,“ segir Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sem staðið hefur í ströngu eftir að Íslendingar tryggðu sér sæti í milliriðlum eftir frækinn sigur á Frökkum. Menntamálaráðherrann Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er á leiðinni til Þýskalands til að styðja við bakið á landsliðinu og fjöldi fólks hefur sett sig í samband við framkvæmdarstjórann í þeirri von að fá miða á leiki liðsins. Aðrir halda heim eftir taugatrekkjandi dvöl í Magdeburg.

Hjónakornin Stefán Friðgeirsson og Hulda Björg Þórisdóttir vöktu mikla athygli í Kastljósþætti þegar þau sögðust vera á leiðinni í brúðkaupsferð á HM í Þýskalandi. Margir hafa eflaust hugsað hlýlega til þeirra eftir Úkraínuleikinn þegar möguleikar á framhaldi Íslendinga dvínuðu til muna. „Núna erum við bara á leiðinni til Dortmund og erum ákaflega hamingjusöm að ferðin skyldi ekki fá þennan endi,“ segir Stefán en hjónakornin íhuguðu alvarlega að fara bara til Spánar ef í harðbakkann slægi. „Sverre Jakobsson, varnartröllið úr landsliðinu, kom að máli við okkur og sagðist vera ákaflega ánægður að geta framlengt brúðkaupsferðina,“ segir Stefán og hlær. Þau duttu síðan heldur betur í lukkupottinn þegar Alexander Petersson kastaði svitabandi sínu til áhorfenda og þau gripu það með tilþrifum.

Stefán og Hulda Björg hafa gistingu út vikuna en verða síðan að treysta á guð og lukkuna. „Stemningin er alveg frábær og það er ótrúlegt að sitja með hundruðum Íslendinga á vellinum og hvetja liðið áfram.“

Bubbi Morthens sagði í samtali við Fréttablaðið ekki alls fyrir löngu að hann stefndi út til Þýskalands ef liðið kæmist áfram í milliriðilinn. „Ég er að vinna í þessu,“ sagði Bubbi þegar Fréttablaðið náði tali af honum en eins og flestir aðrir landsmenn sat límdur fyrir framan skjáinn á mánudagskvöldinu.

freyrgigja@frettabladid.is



**HETJURNAR** Landsliðið hefur unnið hug og hjörtu þjóðarinnar með frammistöðu sinni í Þýskalandi.



**ÞORGERÐUR KATRÍN** Menntamálaráðherrann er á leið til Þýskalands.

**BUBBI** Stefnir ótrauður á leiki Íslands í milliriðlunum.



**STEFÁN OG HULDA BJÖRG** Sáu fram á dapran endi á brúðkaupsferðinni en eftir Frakkaleikinn lyftist heldur á þeim brúnin.

## > Ólafur talar ekki um öxlina

Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði vildi ekkert ræða um axlarmeiðslin í gær en mikið hefur verið rætt og ritað um vinstri öxl Ólafs sem hefur angrað hann í rúma þrjá mánuði. „Ég hef tekið ákvörðun um að ræða ekki meira um öxlina á þessu móti,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið fyrir utan hótel landsliðsins í gær. Hann sagði eftir leikinn gegn Frökkum að öxlin væri ágæt og meira fáum við ekki að vita fyrr en að móti loknu.



**sport**

sport@frettabladid.is

EINAR ÞORVARÐARSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HSÍ: AÐ DRUKKNA Í SÍMTÖLUM OG TÖLVUPÓSTUM

# *Síminn batteríslaus klukkan fjögur*



Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, er klárlega uppteknasti maðurinn í íslenska hópnum úti í Þýskalandi en eins og búast mátti við varð allt vitlaust á Íslandi eftir sigurinn gegn Frökkum og fjöldi Íslendinga vill ólmur komast út til að fylgjast með strákunum okkar.

„Það hefur allt verið vitlaust í allan dag og ég hef ekki tölu á þeim símtölum sem ég hef svarað í dag. Síminn dó klukkan fjögur í dag og ég þurfti að setja hann í hleðslu. Hann hefur verið í stöðugri notkun síðan ég vaknaði og þá eru ótalin öll tölvupóstskeytin sem ég hef fengið að heiman,“ sagði Einar og glotti út í annað en vel hefur gengið að bjarga áhugasömum um miða og eins og staðan er hafa allir sem sóst hafa eftir miðum fengið miða á fyrstu þrjá leikina í milliriðlinum. HSÍ hefur engu að síður ekki fengið neina miða á leikinn gegn Þjóðverjum á sunnudag, en Einar sagðist vera að vinna í því máli.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir mennta- og íþróttamálaráðherra fer út á föstudag og mun sjá leiki Íslands um helgina ásamt eiginmanni sínum Kristjáni Arasyni, fyrrverandi landsliðsmanni í handbolta. Margar gamlar kempur hafa sést á svæðinu síðustu daga og nægir þar að nefna kappa á borð við Atla Hilmarsson og Gunnar Einarsson.

Síðan er von á mönnum á borð við Sigurð Val Sveinsson og Valdimar Grímsson, fyrrverandi landsliðskappa, en þótt fjöldamargir Íslendingar séu farnir heim er von á álíka fjölda út í staðinn og því er fastlega búist við um 400–500 Íslendingum á leikjum Íslands í milliriðlinum.

Íslenska liðið var geysilega vel stutt í Magdeburg þar sem fyrri riðlakeppnin fór fram. Fjöldamargir Íslendingar voru á leikjunum og sköpuðu ógleymanlega stemmingu þar. Það er ekki við öðru búist en að stuðningurinn í Þýskalandi eflist til muna nú í milliriðlakeppninni.



**FÖGNUÐUR** Didier Drogba fagnar með Andriy Shevchenko í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Chelsea vann Wybomce:

## Shevchenko nýtti tækifærið

**FÓTBOLTI** Chelsea er komið í úrslit ensku deildarbikarkeppninnar eftir 4-0 sigur á neðrideildarliðinu Wycombe á heimavelli í gær. Samanlagt vann Chelsea, 5-1.

Andriy Shevchenko var í byrjunarliði Chelsea og nýtti tækifærið vel með því að skora fyrstu tvö mörk leiksins. Frank Lampard bætti við hinum tveimur. - esá

Burnley tapaði fyrir Stoke:

## Jóhannes Karl kom inn á

**FÓTBOLTI Jóhannes Karl Guðjónsson lék sinn fyrsta leik fyrir Burnley í gær. Liðið tapaði á heimavelli fyrir Stoke City, 1–0. Jóhannes Karl kom inn á sem varamaður á 66. mínútu og var ekki nema sextán mínútur að ná sér í gult spjald.** - esá

HM Í ÞÝSKALANDI

# Fyrsti sigur á ríkjandi meisturum

**Íslenska handboltalandsliðið braut blað í sögu sinni á stórmóti þegar það vann átta marka sigur á Evrópumeisturum Frakka á HM í handbolta í fyrrakvöld.**

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið breytti martraðarmóti í draum með stórkostlegum sigri á Evrópumeisturum Frakka á mánudagskvöldið. Það var ekki nóg með að sigurinn tryggði liðinu sæti í milliriðli og tvö stig með í farteskinu heldur var þetta einnig sögulegur sigur fyrir strákana okkar á stórmóti í handbolta.

Átta marka sigur Íslands á Frökkum í lokaleik sínum í riðlakeppni HM í handbolta í Þýskalandi var ekki bara stærsti sigurinn á ríkjandi meisturum á stórmóti heldur einnig sá fyrsti. Ísland spilaði þarna sinn nítjánda leik á móti heims-, Evrópu- eða ólympíumeisturum og hafði mest áður náð jafntefli út úr slíkri viðureign.

Ísland hafði tvisvar náð jafntefli gegn meisturum á stórmótum, fyrst gegn heims- og ólympíumeisturum Júgóslava á Ólympíuleikunum í Seúl 1988 og síðan gegn heimsmeisturum Frakka á Evrópumótinu í Svíþjóð 2002.

Karl Þráinsson tryggði Íslandi jafntefli í leiknum gegn Júgóslövum í Seúl þegar hann skoraði úr hægra horninu aðeins sekúndu fyrir leikslok. Júgóslavar voru með þriggja marka forskot, 15–18, þegar aðeins fimm mínútur voru eftir af leiknum.

Í jafnteflinu við Frakka á Evrópumótinu fyrir fimm árum lenti íslenska liðið hins vegar í því að missa niður þriggja marka forskot. Frakkar skoruðu þrjú síðustu mörkin og Guillaume Gille jafnaði leikinn á lokamínútunni.



**TVEIR FLOTTIR** Alexander Petersson og Markús Máni Michaelsson fagna hér sigrinum á Frökkum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Leikurinn gegn Frökkum á mánudagskvöldið var fjórði leikurinn gegn ríkjandi Evrópumeisturum en hinir þrír höfðu allir tapast; gegn Svíum, með 8 mörkum á EM 2000, með 3 mörkum á HM 2001 og með 11 mörkum á EM 2002.

Íslendingar geta enn mætt ríkjandi Ólympíumeisturum, Króatíu, og heimsmeisturum, Spáni, í Þýskalandi. Bæði liðin eru þó í hinum milliriðlinum og stefna beint í undanúrslitin.

ooj@frettabladid.is

### LEIKIR GEGN RÍKJANDI MEISTURUM Á STÓRMÓTI

| | |
|---|---|
| **HM 1961** | |
| Svíþjóð (HM) | 10-18 (-8) |
| **HM 1978** | |
| Sovétríkin (ÓL) | 18-22 (-4) |
| **ÓL 1988** | |
| Júgóslavía (HM, ÓL) | 19-19 |
| **HM 1990** | |
| Júgóslavía (HM) | 20-27 (-7) |
| Sovétríkin (ÓL) | 19-27 (-8) |
| **ÓL 1992** | |
| Svíþjóð (HM) | 18-25 (-7) |
| Samveldið (ÓL) | 19-23 (-4) |
| **HM 1993** | |
| Svíþjóð (HM) | 16-21 (-5) |
| **HM 1995** | |
| Rússland (HM, ÓL) | 12-25 (-13) |
| **EM 2000** | |
| Svíþjóð (EM) | 23-31 (-8) |
| Rússland (HM) | 23-25 (-2) |
| **HM 2001** | |
| Svíþjóð (HM, EM) | 21-24 (-3) |
| **EM 2002** | |
| Frakkland (HM) | 26-26 |
| Svíþjóð (EM) | 22-33 (-11) |
| **HM 2003** | |
| Rússland (ÓL) | 27-30 (-3) |
| **ÓL 2004** | |
| Króatía (HM) | 30-34 (-4) |
| Rússland (ÓL) | 30-34 (-4) |
| **EM 2006** | |
| Króatía (ÓL) | 28-29 (-1) |
| **HM 2007** | |
| Frakkland (EM) | 32-24 (+8) |
| **Samantekt:** | |
| Leikir | 19 |
| Sigrar | 1 |
| Jafntefli | 2 |
| Töp | 16 |

Markvarslan leikur stórt hlutverk hjá Íslendingum á HM í handbolta:

# Miklu betri markvarsla fyrir hlé

**HANDBOLTI** Það vekur athygli að mikill munur er á markvörslu íslensku markvarðanna milli hálfleikja í riðlakeppni HM í handbolta. Þegar markvarsla Íslands er sundurliðuð eftir hálfleikjum í fyrstu þremur leikjum liðsins á mótinu kemur í ljós að íslensku markverðirnir hafa varið 28% hærra hlutfall skota í fyrri hálfleik en í þeim síðari. Markverðirnir verja 11,7 skot að meðaltali og 55% skota sem á þá koma fyrir hlé en aðeins 5,7 skot að meðaltali og 27% skota sem koma á þá eftir hlé.

Birkir Ívar Guðmundsson átti frábæran fyrri hálfleik gegn bæði Áströlum (14 skot varin, 61%) og Frökkum (12 skot varin, 60%) og það vegur hér þungt. Seinni hálfleikurinn gegn Úkraínu bauð heldur ekki upp á mikla markvörslu en Roland og Birkir Ívar vörðu þá aðeins 3 af 23 skotum, þar af sluppu 16 af 17 skotum Úkraínumanna framhjá Roland. Hreiðar Guðmundsson hefur varið best íslensku markvarðanna í seinni hálfleik en þar liggur að baki seinni hálfleikurinn sem hann spilaði gegn Áströlum. - óój



**BIRKIR ÍVAR** Ver sex af hverjum tíu skotum í fyrri hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### MARKVARSLA ÚR STÖÐUM

| | |
|---|---|
| Langskot | 56/25 (45%) |
| Horn | 15/8 (53%) |
| Lína | 18/6 (33%) |
| Gegnumbrot | 11/6 (55%) |
| Hraðaupphlaup | 14/3 (21%) |
| Vítaskot | 14/4 (29%) |
| Samtals | 128/52 (41%) |

### MARKVARSLA EFTIR HÁLFLEIKJUM

| | |
|---|---|
| **Fyrri hálfleikur** | |
| Birkir Ívar Guðmundss. | 43/26 (61%) |
| Roland Eradze | 21/9 (43%) |
| Samtals | 64/35 (55%) |
| **Seinni hálfleikur** | |
| Hreiðar Guðmundss. | 24/10 (42%) |
| Birkir Ívar Guðmundss. | 23/6 (26%) |
| Roland Eradze | 17/1 (6%) |
| Samtals | 64/17 (27%) |

Leikir Íslands við Úkraínu og Frakkland á HM:

# Ótrúlegur munur

**HANDBOLTI** Það er magnað að bera saman tölfræði seinni hálfleiks Íslands og Úkraínu og fyrri hálfleiks í leik Íslands og Frakklands í riðlakeppninni í Magdeburg.

Það er óhætt að segja að þar hafi landinn séð öfgarnar í leik íslenska liðsins, skelfilegan leik uppfullan af mistökum og andleysi gegn Úkraínumönnum og svo stórbrotinn leik uppfullan af stolti og sigurvilja gegn Frökkum.

Það er fjórtán marka sveifla á þessum tveimur hálfleikjum. Ísland tapaði seinni hálfleiknum gegn Úkraínu með fjórum mörkum (16–20) en vann fyrri hálfleikinn gegn Frakklandi með tíu marka mun.

Það er því ljóst að þjálfararnir Alfreð Gíslason og Guðmundur Guðmundsson unnu ótrúlegt afrek í að rífa íslenska liðið upp og búa það undir að takast á við Evrópumeistarana.

Varnarleikurinn gerði útslagið í þessari miklu sveiflu en sóknarnýting mótherja lækkaði um 32% milli þessara tveggja hálfleikja.

Liðið bætir sig einnig gríðarlega á öðrum sviðum, markvarslan eykst um 47% og skotnýtingin um 18%, liðið tapar fimm færri boltum og fær á sig þremur hraðaupphlaupsmörkum minna. - óój

### TVEIR ÓLÍKIR HÁLFLEIKIR

| S.h. Úkraína | | F.h. Frakkland |
|---|---|---|
| -4 | Markamunur | +10 |
| 57% | Skotnýting | 75% |
| 71% | Skotn. mótherja | 35% |
| 13% | Markvarsla | 60% |
| 10 | Tapaðir boltar | 5 |
| 63% | Sóknarnýt. mótherja | 31% |
| 80% | Vítanýting | 100% |
| 100% | Vítanýting mótherja | 0% |
| 4 | Hraðaupp.mörk mótherja | 1 |

HM Í ÞÝSKALANDI



**AÐEINS 2 MÖRK** Nikola Karabatic átti ekki góðan dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Franska landsliðið:

## Lenti í sams konar leik á EM

**HANDBOLTI** Frakkar voru niðurlútir eftir leikinn gegn Íslendingum. „Þetta er algjör synd. Við lentum líka í þessu á Evrópumótinu í fyrra. Við eigum enn möguleika á því að fara alla leið en við megum hins vegar ekki við neinum mistökum og þurfum öll stigin í milliriðlinum til þess að komast í undanúrslitin,“ sagði Nikola Karabatic, sem skoraði aðeins tvö mörk úr sex skotum og tapaði að auki sex boltum. Á Evrópumeistaramótinu í fyrra lenti franska liðið 5-15 undir á móti Spánverjum í riðlakeppninni og tapaði leiknum síðan 26-29. Liðin mættust síðan aftur í úrslitaleiknum og þar unnu Frakkarnir öruggan átta marka sigur, 31-23.
- óój

Leikstaðir Íslands:

## Leikið í Halle og Dortmund

**HANDBOLTI Íslenska landsliðið flutti frá Magdeburg í gær yfir í lítinn smábæ um hundrað kílómetrum fyrir utan Dortmund.**

**Liðið mun spila á tveim stöðum í milliriðlinum – í Gerry Weber-höllinni í Halle og Westfalen-höllinni í Dortmund. Í dag og á sunnudag verður leikið í Dortmund en á fimmtudag og laugardag spilar liðið í Halle.**

**Báðar hallir eru einstaklega glæsilegar. Gerry Weber tekur ellefu þúsund manns í sæti en Westfalen-höllin hefur pláss fyrir tólf þúsund manns.** - hbg

### LEIKIR DAGSINS

| | |
|---|---|
| **1. RIÐILL** | |
| SLÓVENÍA - ÞÝSKALAND | 16.30 |
| ÍSLAND - TÚNIS | 16.30 |
| FRAKKLAND - PÓLLAND | 18.30 |
| **2. RIÐILL** | |
| TÉKKLAND - UNGVERJAL. | 15.15 |
| SPÁNN - RÚSSLAND | 17.15 |
| DANMÖRK - KRÓATÍA | 19.15 |

Spá þjálfara þeirra 24 liða sem taka þátt í HM í handbolta:

# Veðja á Króatíu og Frakkland

**HANDBOLTI** Þýska fréttaveitan DPA birti í gær óformlega skoðanakönnun meðal þjálfara þeirra 24 liða sem taka þátt í HM í Þýskalandi. Samkvæmt henni verða Króatar heimsmeistarar eftir sigur á Frökkum í úrslitaleik. Enginn þeirra nefnir íslenska liðið á nafn í þessum efnum og langflestir afskrifa lið heimamanna. Könnunin var gerð í gær, eftir að riðlakeppninni lauk.

Fjórtán þjálfarar telja að Króatar verði heimsmeistarar en sjálfur segir þjálfari Króata, Lino Cervar, að of snemmt sé að spá um slíkt.

Þrettán þjálfarar spá Frökkum sigri. Einn þeirra er Heiner Brand, þjálfari Þýskalands.

„Þeir eru enn líklegastir til að vinna titilinn,“ sagði Brand. „Þrátt fyrir að hafa misstigið sig (gegn Íslandi) þá virðist það bara fylgja liðinu í hverri keppni. Liðið er samt svo vel mannað að það ætti ekki að vera hægt að klúðra þessu.“

Nokkrir þjálfarar minnast á önnur lið en þessi tvö, þá helst lið Þýskalands og Spánar. Einhverjir minnast einnig á Pólverja og Dani.

Vladimir Maximov, þjálfari Rússa, var þó loðinn í sínum tilsvörum og minnti menn á að sínir menn ættu talsvert inni.

„Pólland, Þýskaland og Frakkland eiga bestan möguleika í einum milliriðlinum og Króatía og Spánn í hinum. Það má þó aldrei afskrifa Rússland.“ - esá



**LINO CERVAR**
Þjálfari Ólympíumeistara Króata.
NORDIC PHOTOS/BONGARTS

# Komnir niður á jörðina

**Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari segir að strákarnir séu komnir niður á jörðina eftir sigurinn gegn Frökkum og séu tilbúnir í slaginn gegn Túnis í dag.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið flutti sig um set í gær og er komið í rólegan sveitabæ tæpum 100 kílómetrum frá Dortmund. Þar gistir liðið á sérstöku íþróttahóteli sem var byggt fyrir HM í knattspyrnu og er mikið nýtt af félögum í þýsku bundesligunni í knattspyrnu, enda hótelið einkar glæsilegt og uppfyllir allar þarfir íþróttaliða.

Fréttablaðið náði í skottið á Alfreð Gíslasyni landsliðsþjálfara í gærkvöldi rétt áður en hann hélt á æfingu með lærisveinum sínum í Halle, en þar spilar liðið á fimmtudag og laugardag. Alfreð var fyrst spurður að því hvort liðið væri komið niður á jörðina eftir sigurinn glæsilega gegn Frökkum?

„Já, ég held það, en ég vonast að sjálfsögðu til þess að liðið haldi sama flugi og það fór á gegn Frökkum. Við mætum til leiks gegn Túnis með sjálfstraustið í lagi og við þurfum að finna út hvaða bolta við verðum að spila til að eiga möguleika í leiknum,“ sagði Alfreð, sem fór með liðið á æfingu klukkan 9 í dag og ætlaði liðið síðan að halda snemma af stað til Dortmund þar sem spilað verður gegn Túnis í dag.

„Mér hefur fundist það henta liðinu ágætlega að taka æfingu á leikdegi og þess vegna mun ég gera það aftur. Við æfðum vel sama dag og við lékum við Frakka og það virtist skila sér,“ sagði Alfreð en lið Túnis, sem fór alla leið í úrslit á HM 2005, tapaði frekar óvænt fyrir Slóveníu, sem saknar margra lykilmanna á þessu móti. Eru þeir ekki eins sterkir og búist var við?

„Tap þeirra kom mjög á óvart og það var eflaust álíka áfall fyrir þá og það var fyrir Frakka að tapa gegn okkur. Þeir hafa eflaust haldið að þeir myndu vinna létt og það gæti hafa haft áhrif á leikinn. Annars er ágætt að mæta Túnis í fyrsta leik enda spilar liðið svipaðan bolta og Frakkar og við getum því komið af sama afli inn í leikinn og gegn Frökkum,“ sagði Alfreð Gíslason.





**FAGNAÐARÖSKUR** Alfreð Gíslason á erfitt með að hemja sig í fagnaðarlátunum gegn Frökkum í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



HM Í ÞÝSKALANDI
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
*skrifar frá Dortmund*
henry@frettabladid.is



**SVEKKTIR** Það var ekki jafn mikil gleði á meðal leikmanna Úkraínu í fyrradag og eftir sigur þeirra á Íslandi á sunnudag. NORDIC PHOTOS/AFP

Leikmenn Úkraínu:

## Fóru heim í hálfleik

**HANDBOLTI Meðan gleði Íslands var mikil eftir sigurinn á Frökkum var stemningin að sama skapi döpur hjá Úkraínumönnum, sem hafa eflaust vart trúað eigin augum.**

**Þeir misstu algjörlega trú á Frökkunum eftir fyrri hálfleikinn og yfirgáfu Bördelandhalle í leikhléi, meðvitaðir um eigin örlög.** - hbg



**LOGI GEIRSSON** Átti eins og allir aðrir íslensku leikmannanna stórleik gegn Frökkum. Hér er hann í leiknum gegn Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Meiðsli leikmanna:

## Logi verður líklega hvíldur

**HANDBOLTI** Logi Geirsson stórskytta æfði ekki með landsliðinu í Halle í gær en hann tognaði á ökkla í leiknum gegn Frökkum. Fastlega er búist við því að hann muni hvíla í leiknum gegn Túnis í dag.

Aðrir leikmenn virðast vera heilir heilsu. Alexander Petersson sagðist fyrir mót ekki vita hvernig hann yrði eftir þrjá leiki en að sögn Brynjólfs Jónssonar, læknis landsliðsins, er Alexander í fínu standi. - hbg



## > Robert Duvall



Leikarinn og leikstjórinn Robert Duvall fæddist 5. janúar 1931 í Kaliforníu. Eftir að hafa útskrifast úr leiklistarskóla 1953 eyddi hann tveimur árum í herþjónustu. Honum gekk erfiðlega að fá almennileg verkefni á fyrstu árum leikferils síns en fékk stóra tækifærið þegar Horton Foote mældi með honum í hlutverk einfarans Boo Radley í To Kill a Mockingbird frá 1962. Síðan þá hefur hann leikið í ótalmörgum kvikmyndum og fór m.a. með hlutverk Tom Hagen í Godfather-myndunum. Duvall lék í A Shot at Glory sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FÉKK TRÚNA Á NÝJAN LEIK

# Væntingar og vonbrigði á HM í handbolta

Frammistaða íslenska landsliðsins gegn Evrópumeisturum Frakka var svo sannarlega framar vonum. Var ég einn þeirra sem voru búnir að missa alla trú á að þeir ættu nokkurn möguleika á að komast áfram og var ekki viss hvort ég nennti yfirhöfuð að horfa á leikinn. Miðað við frammistöðuna á móti Úkraínu bjóst ég við tíu marka tapi en sem betur fer tóku strákarnir okkar sig saman í andlitinu á eftirminnilegan hátt.



Oft hefur maður orðið fyrir vonbrigðum með íslenska landsliðið eins og á móti Úkraínu og nánast alltaf hefur maður hugsað með sér að nú sé komið nóg af væntingum og best væri að búast ekki við neinu af liðinu. Þess vegna tók það nokkurn tíma að trúa því að liðið væri virkilega að vinna Frakkana því allan leikinn, alveg fram á 55. mínútu, óttaðist ég að allt myndi fara í baklás og Frakkarnir myndu loksins raða inn mörkunum á sama tíma og Íslendingar færu á taugum. Þegar líða fór á seinni hálfleikinn var maður samt farinn að fagna, fyrst í hljóði, en á endanum héldu mér engin bönd og allt var látið flakka.

Þulurinn Geir Magnússon sagði eftir leikinn að þegar menn væru komnir á botninn eins og á móti Úkraínu væri svo gott að fá góða spyrnu og skjóta sér upp á við. Sú varð raunin á móti Frökkum en vonandi gleyma strákarnir sér ekki í sigurvímunni því það getur líka verið stutt aftur í skítinn.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** Ísland í dag STÖÐ 2



▶ **19.30** Seinfeld SIRKUS



▶ **19.40** Oprah STÖÐ 2



▶ **20.30** South Park SIRKUS



▶ **23.00** Everybody Loves Raymond SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 HM-stofan** Fjallað um HM í handbolta með góðum gestum.
**16.20 HM í handbolta** Bein útsending frá leik Íslands og Túnis í milliriðli.
**18.00 Táknmálsfréttir**
**18.05 Disneystundin**
**18.06 Alvöru dreki** (1:19)
**18.30 Herkúles** (17:28)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Nægtaborð Nigellu** (6:13) (Nigella Feasts) Bresk matreiðsluþáttaröð þar sem eldhúsgyðjan Nigella Lawson snarar fram girnilegum kræsum.
**20.45 Síðasti spæjarinn** (The Last Detective: Dangerous and the Lonely Hearts) Bresk sakamálamynd frá 2004. Lögreglumaðurinn Davies leitar morðingja albansks flóttamanns. Hann rekur slóðina til stefnumótaþjónustu en einn viðskiptavina hennar þekkir hann vel. Leikstjóri er David Tucker og aðalhlutverk leika Peter Davison, Rob Spendlove, Emma Amos og Sean Hughes.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 HM í handbolta** Frakkland - Pólland sem fram fór fyrr um kvöldið.
**16.20 HM í handbolta** Útsending frá leik Íslands og Túnis í milliriðli (e)
**01.25 Kastljós**
**01.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Lóa og leyndarmálið**
**08:00 A Shot at Glory**
**10:00 Lucy**
**12:00 Beauty Shop** (Hársnyrtistofan)
**14:00 Lóa og leyndarmálið (e)**
**Leyfð öllum aldurshópum.**
**16:00 A Shot at Glory** (Stefnt á toppinn)
**18:00 Lucy**
**20:00 Beauty Shop** (Hársnyrtistofan) Aðalhlutverk: Andie MacDowell, Alicia Silverstone, Queen Latifah. 2005.
**22:00 Dirty Deeds** (Illvirki)
**00:00 Smiling Fish & Goat on Fire**
**02:00 Shaolin Soccer** (Bardagabolti)
**04:00 Dirty Deeds** (Illvirki)

## STÖÐ 2

**06:58 Ísland í bítið**
**09:00 Bold and the Beautiful**
**09:20 Í fínu formi 2005**
**09:35 Oprah** (Former Child TV Star Reveals The Biggest Mistake Of Her Life)
**10:20 Ísland í bítið (e)**
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Nágrannar**
**13:05 Amazing Race** (14:14)
**13:55 American Idol - NÝTT (1:41)**
**15:15 American Idol - NÝTT (2:41)**
**16:40 Shoebox Zoo**
**17:03 Könnuðurinn Dóra**
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Nágrannar**
**18:18 Íþróttir og veður**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
▶**19:00 Ísland í dag**
▶**19:40 Oprah**
**20:25 Extreme Makeover** (4:23)
**21:10 Nip/Tuck** (4:15) (Klippt og skorið) Kona nokkur kemur á stofuna til Sean og Christian og biður þá um að endurgræða á sig geirvörtu sem hundur hennar beit af - áður en að eiginmaður hennar kemur til baka frá Írak. Bönnuð börnum.
**22:00 Afterlife** (7:8) (Framhaldslíf) Í samskiptum sínum við ungling nær Alison ekki sambandi við heim andans. Bönnuð börnum.
**22:50 Strong Medicine** (20:22) (Samkvæmt læknisráði) Það er á brattann að sækja fyrir Lu og Kayla. Mamma Sirena biður Lu að bjarga dóttur sinni en ekki barninu. Kayla reynir að hjálpa Lu að eiga við Jamie sem er í uppreisnarhug. Roy þarf á aðgerð að halda.
**23:35 Grey's Anatomy** (9:22) (Læknalíf) Neyðarástand skapast á skurðstofunni eftir alvarlegt bílslys. Izzie heldur áfram að ögra yfirmönnum sínum og Christine kemur sér í klípu vegna hjálpsemi hennar við Burke.
**00:20 The Closer** (9:15) (Málalok)
**01:05 Open Range** (Stríðið um sléttuna) Dramatískur vestri. 2003. Bönnuð börnum.
**03:20 Extreme Makeover** (4:23)
**04:00 Ísland í bítið e**
**05:35 Fréttir og Ísland í dag**
**Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.**
**06:45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**12:00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**
**18:00 Insider (e)**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
▶**19:30 Seinfeld** (16:24) Elaine kemst að því að nýjasti kærastinn hennar er ofurtrúaður og Jerry grunar síðustu kærustuna sína um græsku.
**20:00 Entertainment Tonight**
▶**20:30 South Park** Níunda serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.
**21:00 Brat Camp USA** Hvað gerir þú við ungling sem að blótar þér, brýtur lög og hlustar ekki á neitt sem þú segir? Þetta vandamál þurfa níu fjölskyldur að takast á við. Þessar fjölskyldur stóðu frammi fyrir erfiðri ákvörðun og ákváðu að lokum að senda börnin sín í Sage Walk skólann. Sage Walk skólinn er staðsettur í óbyggðum Oregon og þar þurfa krakkarnir að vera í næstum tvo mánuði þar sem reynt verður að hemja reiði krakkanna og leysa vandamál þeirra.
**22:00 Sirkus Rvk (e)**
**22:30 Pepper Dennis** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar. En því miður fyrir hana þá er búið að ráða í stöðuna. Það sem gerir málin enn verri fyrir Pepper er að sá sem fékk stöðuna, Charlie, er gæinn sem hún vaknaði við hliðina á einn morguninn.
**23:20 Insider**
**23:45 Seinfeld (16:24) (e)**
**00:10 Entertainment Tonight (e)**
**00:35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08:00 Rachael Ray (e)**
**08:55 Vörutorg**
**09:55 Melrose Place (e)**
**10:40 Óstöðvandi tónlist**
**14:35 Vörutorg**
**15:35 Still Standing (e)**
**16:05 Venni Páer - Lokaþáttur (e)**
**16:35 Beverly Hills 90210**
**17:20 Rachael Ray**
**18:15 Melrose Place**
**19:00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19:30 The King of Queens (e)**
**20:00 Love, Inc.** Gamanþáttur um stefnumótaþjónustu sem hjálpar lánlausum gaurum að fínpússa stefnumótatæknina fyrir stóru stundina.
**20:30 Out of Practice** Bráðfyndin gamansería frá framleiðendum Frasier um stórfurðulega fjölskyldu þar sem nánast allir eru læknar en eiga fátt annað sameiginlegt.
**21:00 America's Next Top Model** Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22:00 The Real Housewives of Orange County** Shane er að fara í háskóla. Jeana og dóttir hennar ná saman í verslunarleiðangri þar sem Vicki og Lauri koma einnig við sögu. Jo og Slade lenda í rifrildi og húsmæðurnar halda upp á afmæli.
▶**23:00 Everybody Loves Raymond**
**23:30 Jay Leno**
**00:20 Close to Home (e)**
**01:10 Da Vinci's Inquest (e)**
**02:00 Vörutorg**
**03:00 Beverly Hills 90210 (e)**
**03:45 Melrose Place (e)**
**04:30 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07:00 Að leikslokum (e)**
**14:00 Lazio - AC Milan (frá 21.jan)**
**16:00 Wigan - Everton (frá 21.jan)**
**18:00 Fulham - Tottenham (frá 20.jan)**
**20:00 Arsenal - Man. Utd. (frá 21.jan)**
**22:00 Man. City - Blackburn (frá 20.jan)**
**00:00 Newcastle - West Ham (frá 20.jan)**
**02:00 Dagskrárlok**





# Dreift til rúmlega 80% heimila

Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband við Örn Geirsson | 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006

## Í KVÖLD

### SÝN KL. 19.50

**Tottenham - Arsenal**



Bein útsending frá stórviðureign í undanúrslitum ensku deildabikarkeppninnar í fótbolta. Þar eigast við í fyrri leik liðanna erkifjendurnir og Lundúnaliðin Tottenham og Arsenal en þessi tvö félög hafa eldað grátt silfur saman lengur en flest önnur. Liðin fóru ólíka leið í undanúrslitin. Á meðan Tottenham marði naumlega smáliðið Southend 1-0 í átta liða úrslitum vann Arsenal frækinn 6-3 sigur á Liverpool á Anfield, heimavelli Liverpool. Þar tefldi Arsenal að vanda fram liði sem var að mestu skipað ungum og efnilegum leikmönnum og búast má við að svo verði einnig í viðureigninni gegn Tottenham.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### NIP/TUCK STÖÐ 2 KL. 21.10

Fjórða röð þessara vinsælu þátta sem fjalla um líf og störf lýtalæknanna og fóstbræðranna Sean McNamar og Christian Troy. Hégóminn er sem fyrr þeirra lífibrauð og enn sem fyrr eiga báðir sinn djöful að draga í einkalífinu. Kona nokkur kemur á stofuna til Sean og Christian og biður þá um að endurgræða á sig geirvörtu sem hundur hennar beit af - áður en að eiginmaður hennar kemur til baka frá Írak. Christian og Liz bregða sér út á lífið, á lesbíubar og þar sem Christian reynir við föngulega konu sem sjálf hefur mun meiri áhuga á Liz.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**07.00** Fréttir
**07.05** Morgunvaktin
**09.00** Fréttir
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Slóð fiðrildanna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson (17:23)
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Þættir úr íslenskri leikritun: Hart í bak! (Frá því á fimmtudag) (2:12)
**16.00** Fréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Heima er best
**21.00** Út um græna grundu
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Glæta Spjallþáttur um bókmenntir
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18:10 Enski deildabikarinn** (Chelsea - Wycombe) Leikur sem fram fór í gær.

**19:50 Enski deildabikarinn** (Tottenham - Arsenal) Bein útsending frá leik Tottenham Hotspur og Arsenal í undanúrslitum enska deildarbikarsins. Þessir fornu fjendur eru nágrannar í Lundúnum og oft hefur andað köldu á milli félaganna. Bikarleikur eins og þeir gerast bestir.

**21:50 Spænski boltinn** (Real Betis - Barcelona) Real Betis er í bullandi fallbaráttu á meðan Barcelona er að keppast við að verja titilinn.

**23:30 Ali Rap** (Ali 65 ára) Hnefaleikagoðsögnin Muhammad Ali verður 65 ára hinn 17. janúar og Sýn býður áskrifendum sínum upp á splunkunýja þætti um kappann að því tilefni. Ali er án efa einhver þekktasti íþróttamaður allra tíma og er jafnan nefndur til sögunnar sem fremsti þungavigtarmaður í sögu hnefaleikanna. Ali setti jafnframt gífurlegan svip á samtíma sinn þegar hann var upp á sitt besta. Þessi fyrsti þáttur sýnir einmitt hvers vegna Ali hefur stundum verið kallaður skáld og fyrsti rapparinn.

**00:20 Enski deildabikarinn** (Tottenham - Arsenal)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Skrål **6.30** OS - det er bare OS **7.00** Gurli Gris **7.05** Alfons Åberg **7.15** Charlie & Lola **7.30** Genbrugsguld **8.00** Kaptajn og besætning byder velkommen **8.30** Absolute Smagsdommerne 2006 **9.10** Kom indenfor **9.30** Kend dit hus **10.00** DR-Derude på Hjelm **10.30** Ildsjæle **11.00** TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Grøn glæde **12.00** Hvad er det værd **12.25** Aftenshowet **13.20** Uventet besøg **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Update **15.30** Pucca **15.35** Hannah Montana **16.00** Junior **16.30** Snip Snap Snude **16.50** Sallies historier **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** De moderne familier **19.00** DR1 Dokumentaren - En kultiveret rappenskralde **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** En sag for Frost **22.40** Onsdags Lotto **22.45** Forbrydelsen **23.45** Boogie Update

## NRK 1

**8.30** Velferd fra vugge til grav **9.00** Siste nytt **9.05** Ulvejakt med ørner **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra M¢re og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra ¥stfold **14.00** Siste nytt **14.05** Drakejegerane **14.30** Kim Possible **15.00** Siste nytt **15.03** Barna på Luna **15.30** Fabrikken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Perspektiv: Store opera¢yeblikk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barna på mandarinskolen **17.35** Småkryp **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Eva og Adam **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket: Metal - A Headbanger's Journey **23.05** Den tredje vakten **23.45** Guinea-Bissau

## SVT 1

**8.30** Under stjärnorna **9.00** Extra **9.25** Born Wild **9.30** Ramp höjdare **10.00** Ramp höjdare **10.30** Top! En español **11.00** Rapport **11.05** Falkenbergsrevyn Blåsningen **13.10** Alla kungens män **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Ur svenska hjärtans djup **16.30** Krokodill **17.00** Fifi och blomsterfröna **17.10** Alice från Kina **17.15** Dagens visa **17.20** Små spöken **17.30** Kolla Gud **17.45** Klister **18.00** Mitt liv som en Popat **18.30** Rapport **19.00** Naturnollorna **19.30** P3 Guldgalan 2007 **21.00** The Good Thief **22.45** Rapport **22.55** Kulturnyheterna **23.05** Kvinnor på storviltjakt **23.35** Sändningar från SVT24



## HRÓSIÐ ...



*...fær íslenska landsliðið í handbolta, fyrir að ylja hjört-um Frónbúa og létta þeim lund með stórkostlegum leik sínum við Frakka á mánudag.*



**LÁRÉTT**
**2** sæti **6** hvað **8** líkamspartur **9** hljóma **11** rykkorn **12** leynir **14** rífa **16** grískur bókstafur **17** niður **18** kúgun **20** guð **21** steintegund.

**LÓÐRÉTT**
**1** ofneysla **3** skammstöfun **4** krappur **5** út af fyrir sig **7** heimsálfa **10** fæða **13** suss **15** megin **16** ot **19** á fæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** sess, **6** ha, **8** hné, **9** óma, **11** ar, **12** felur, **14** raspa, **16** pí, **17** suð, **18** oki, **20** ra, **21** talk. **LÓÐRÉTT: 1** óhóf, **3** eh, **4** snarpur, **5** sér, **7** amerika, **10** ala, **13** uss, **15** aðal, **16** pot, **19** il.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á s. 8

1. 40 prósent.
2. Frjálslyndi jafnaðarmanna-flokkurinn.
3. Hann fæddist í Lettlandi en er með íslenskan ríkisborgararétt.






# Boðið í vettlinga Bjarts í Sumarhúsum

„Þetta er auðvitað tilbúningur og í gamni gert en það hafa margir tekið þessu alvarlega og boðið í vettlingana," segir Bragi Kristjónsson fornbókasali. Glöggir vegfarendur hafa rekið augun í forláta ullarvettlinga í glugga Bókarinnar, fornbókaverslun Braga við Klapparstíg, sem merktir eru sjálfum Bjarti úr Sumarhúsi, úr Sjálfstæðu fólki Halldórs Laxness. Tekið er skýrt fram að vettlingarnir séu ekki falir.

„Ég hengdi þessa vettlinga fyrst upp fyrir aldarfjórðungi og þeir hafa vakið athygli í gegnum árin. Það verður að hafa létt grín í gangi," segir Bragi og viðurkennir að sér er svolítið dillað þegar menn átta sig ekki á gríninu. „Þetta er eins og þegar Jón Helgason, prófessor í Árnagarði, sagði fákænum mönnum að ritvélin sín væri ritvél sjálfs Árna Magnússonar, sem fékk marga til að reka upp stór augu." Bragi segir þó engar svimandi upphæðir verið boðnar í vettlingana, hann stoppi menn yfirleitt af áður en grínið gangi svo langt.

Bragi notar búðargluggann oftar en ekki til að kankast á við tíðarandann, stillir til dæmis iðulega upp pólitískum ritum og bæklingum þegar nær dregur kosningum. „Ég er auðvitað með Kommúnistaávarpið og allt þetta. Fyrir borgarstjórnarkosningar hengdi ég upp eldgamla auglýsingapésa frá Sjálfstæðisflokknum en það fór ekki betur en svo að rúðan var brotin. Einhverjum hefur ekki líkað áróðurinn fyrir íhaldið," segir Bragi, sem fer senn að að tína til heppileg rit til útstillingar fyrir kosningar í vor. „Ég verð að leggja hönd á plóg, ætli það megi ekki lýsa mér sem vinstri-grænum íhaldssegg."



**BRAGI KRISTJÓNSSON** Gerir oft að gamni sínu í glugganum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

STEINGRÍMUR SÆVARR: ÚR BLOGGHEIMUM Í SJÓNVARPIÐ Á NÝ

# Denni tekur við Íslandi í dag

„Ég get að svo stöddu ekki gefið upp hvernig hópurinn verður saman settur. Verið er að binda endahnút á það. Ég býst við að það verði klárt á morgun og í kjölfarið verður það gefið upp," segir Steingrímur Sævarr Ólafsson aðspurður hvernig hópurinn sá sem muni starfa við sjónvarpsþáttinn Ísland í dag verði samansettur.

Frá því hefur verið gengið að Steingrímur, eða Denni eins og hann er jafnan kallaður, taki við stjórn Íslands í dag. Þorsteinn J. Vilhjálmsson hefur til skamms tíma ritstýrt þættinum en að undanförnu hafa þar birst á skjánum auk hans þau Svanhildur Hólm, Þóra Arnórsdóttir og Sölvi Tryggvason. Ómögulegt var með öllu að fá það upp úr Steingrími, í ljósi ofansagðs, hvort miklar eða einhverjar breytingar væru fyrirhugaðar á mannahaldi.

„En hópurinn verður stærri en var, fimm manna ritstjórn. Verið er að stækka og bæta þáttinn," segir Steingrímur. Útsendingartími verður enn um sinn sá sami, frá 18.18 til 19.30. Jafnvel er þó stefnt að því að lengja þáttinn og ljóst má vera að mikill hugur er í nýjum ritstjóra.

„Stefnan er einföld. Fólk á ekki að þurfa að horfa á Kastljósið. Það sem er að gerast, það sem hefur verið að gerast og það sem mun gerast verður í Íslandi í dag. Sem gerir það að verkum að þú þarft ekki að leita annað til að fá upplýsingar um þjóðmál, mennningu, stjórnmál og dægurmál ... eða hvað eina sem fólkið í landinu er að tala um."

Ísland í dag verður gert að sjálfstæðri rekstrareiningu innan 365 en mun þó eftir sem áður starfa í nánu samstarfi við Fréttastofu Stöðvar 2.

Ýmsar breytingar eru í deiglunni í sjónvarpsmálum 365. Sjónvarpsþáttur Heimis Karlssonar og Sirrýar, Íslandi í bítið, verður lagður af, með það meðal annars fyrir augum að bjóða upp á betra útvarpsefni á Bylgjunni sem hefur útvarpað „Bítinu". Oft hentar það sem í sjónvarpi er ekki útvarpi. Sirrý sagðist aðspurð ekki vera í aðstöðu til að tjá sig nánar um þessar fregnir þegar Fréttablaðið leitaði eftir því en sagðist ekki á förum frá fyrirtækinu. Til stendur að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og hefja framleiðslu þátta hennar Örlagadagur. Hins vegar er að því stefnt að Heimir setjist við míkrófóninn á Bylgjunni.

Árið 2000 hætti Steingrímur á fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar, þar sem hann hafði þá verið í ellefu ár. Hann hefur að undanförnu vakið mikla athygli sem mikilvirkur bloggari en var þar áður upplýsingafulltrúi forsætisráðuneytisins. Hann segist líta svo á að verið sé að færa áhersluna til.

„Fyrir örfáum árum var aðeins Ísland í dag. Þá var Ísland í bítið bætt við. Fyrir skemmstu var tekinn upp viðamikill hádegisfréttaþáttur. Nú verður Ísland í dag eflt. Færa áhersluna til eftir því hvar markaðurinn er réttur hverju sinni. Hann er núna réttur þarna: Í hádeginu og á kvöldin. Sjónvarp er fyrir þá sem vilja horfa. Þeir vilja horfa á þessum tíma og við þeirri kröfu verður orðið." jakob@frettabladid.is



**STEINGRÍMUR SÆVARR** Nýr stjórnandi Íslands í dag stefnir að þætti þar sem finna má allt sem fólkið í landinu er að ræða hverju sinni.



**SIRRÝ OG HEIMIR** Breytingar eru í deiglunni í sjónvarpsmálum 365 og verður Ísland í bítið lagt niður í þeim hræringum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hún var ströng helgin hjá söngvaranum **Stefáni Hilmarssyni**. Á laugardagskvöldinu og fram eftir nóttu var hann að syngja og skemmta hjá Selfyssingum á þorrablóti ungmennafélagsins þar í bæ. Morguninn eftir var hann mættur í flugvél á leið til London þar sem hann horfði á stórleik Arsenal og Manchester United í boði Landsbankans en bankinn leigir einmitt 16 manna heiðursstúku, VIP, á nýjum og glæsilegum heimavelli Arsenal – Emirates - ásamt öðru fyrirtæki. Með Stefáni í för var einnig sjálfur borgarstjórinn, **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson**, einnig í boði bankans enda Landsbankinn stærsti umsýsluaðili fjár borgarinnar. Reykjavíkurborgar. Meðal annarra góðra í stúkunni var einnig **Haukur Leósson**, sem situr í stjórn Orkuveitunnar og verður næsti formaður ef af líkum lætur.





Fram hefur komið að verið er að setja á svið afmælissýningu **Ladda** í Borgarleikhúsinu. Um verður að ræða fjórar sýningar og er stefnt að frumsýningu 17. febrúar. Laddi hefur fengið sér til aðstoðar leikara tvo sem þekktir eru fyrir kómísk tilþrif: **Eggert Þorleifsson** og **Stein Ármann Magnússon**. Og auðvitað verður **Halli** bróðir ekki langt undan. - jbg



# Strætóbílstjóri opnar myndlistarsýningu

Strætóbílstjórinn Þórhallur Sigurðsson opnaði sína fyrstu opinberu málverkasýningu á sextíu ára afmælisdegi sínum síns Ladda síðastliðinn laugardag. „Ég hef málað síðustu fjögur árin en ekki nógu mikið samt. Núna er ég að gefa þessu almennilega séns en ég hef alltaf hugsað mér að leggja myndlistina fyrir mig," segir Þórhallur, sem hefur starfað sem strætóbílstjóri í fjögur ár.

Hann segir að starfið og myndlistin fari vel saman en þannig hafi það ekki alltaf verið. „Ég er nýbúinn að breyta vöktunum. Þetta var frekar óþægilegt áður fyrr. Ég er kominn í 80% vinnu og þetta er mun betra núna. Ég er greindur með athyglisbrest í allra hæstu hæðum og meðan ég var að vinna 100% vinnu átti ég ekkert eftir þegar ég var búinn í vinnunni því hún reyndi svo mikið á athyglina," segir Þórhallur.

Hann segist aðallega mála fólk og hafa meðal annars fengið mikinn innblástur úr vinnunni. Einnig hefur hann fengið innblástur frá þriggja mánaða dóttur sinni, Eldeyju Björt, sem hann tileinkar sýninguna. Nefnist sýningin Fæðing upphafs.

Alnafni Þórhalls, Laddi, varð sextugur á laugardag og segist hann vitaskuld vera mikill aðdáandi skemmtikraftsins. „Ég held að hann sé alveg í sérflokki. Það er líka oft hringt í mig af einhverjum sem er að reyna að hafa uppi á honum. Hæfileiki minn sem málari er kannski einna helst karaktersköpun og það er kannski líka hjá honum því hann hefur komið með svo marga karaktera," segir Þórhallur. Málverkasýningin, sem fer fram í Gallerý Úlfi á Baldursgötu, stendur yfir til 20. febrúar. - fb



**FYRSTA MÁLVERKASÝNINGIN** Strætóbílstjórinn Þórhallur Sigurðsson hefur opnað sína fyrstu málverkasýningu. Hann segist meðal annars hafa fengið innblástur fyrir verk sín í vinnunni sem vagnstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



GRALLARARARNIR GERÐU ALLT VITLAUST Á AKUREYRI
NÚ LOKSINS Í REYKJAVÍK! – ÖRFÁAR SÝNINGAR
K
B
KaRíUS OG BaKTUS
Miðasala hefst í dag!
Miðasalan opnar kl. 13.00 – fyrstir koma fyrstir fá!
Sun. 4. feb. kl. 13
Sun. 4. feb. kl. 14
Sun. 4. feb. kl. 15
Sun. 11. feb. kl. 13
Sun. 11. feb. kl. 14
Sun. 11. feb. kl. 15
Sun. 18. feb. kl. 13
Næstu sýningar: 25. feb. og 4. mars.
Einstakt forsölutilboð:
Þeir fyrstu 1.000 sem kaupa miða og lofa að bursta tennurnar með Colgate fá miðann á aðeins 1.000 kr!
Sýnt í Borgarleikhúsinu.
Miðasala í síma 568 8000
og á netinu, www.borgarleikhus.is
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
KaRíUS OG BaKTUS
Nú er tónlistin úr leikritinu komin út á geisladisk.
Sýningin tekur 25 mínútur í flutningi.
Miðaverð 1.450 kr.
Samstarfsaðili: Colgate
BORGARLEIKHÚSIÐ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**

**GERÐAR KRISTNÝJAR**

## *Ilmandi grín*

Einhverju sinni gerðu Kanar könnun á því hvað karlar óttuðust mest að konur gerðu þeim. Niðurstaðan var sú að þeir óttuðust aðallega að þær hlægju að þeim. Þetta sést víða í Íslendingasögunum eins og Helga Kress hefur bent á en þar fá konur gjarnan að kenna á því ef þær hæðast að hetjunum. Kannski þessi ótti karla við hlátur kvenna hafi orðið til þess að þeir hafa aldrei treyst sér almennilega til að hleypa húmor þeirra að í sjónvarpi.

**ÍSLENSKT** skemmtiefni hefur hingað til verið nánast allt flutt af körlum eins og t.d. Spaugstofan og Strákarnir bera vott um. Meira að segja brúðurnar í Búbbunum þjáðust af kvenmannsleysi. Venjulega hafa brúður tengst stelpum en nei, ekki þegar þær spauga. Það vakti því að vonum athygli þegar farið var að senda þáttinn Stelpurnar út á Stöð 2. Flestir leikaranna og höfunda eru konur en karlleikurum bregður vissulega líka fyrir. Allt er þetta fólk með góða menntun og langa reynslu að baki; sem sagt alvöruþættir gerðir af alvörufólki.

**ÞVÍ** hefði ég búist við því að þættirnir yrðu gagnrýndir á þeim forsendum en fyrir stuttu birtist eftirfarandi klausa í dómi Sæbjörns Valdimarssonar, gagnrýnanda Morgunblaðsins, um DVD-útgáfuna af Stelpunum: „Þrátt fyrir yfirgnæfandi hlutdeild kvenna eru þættirnir fjarri því að vera einsleitir eða lyktandi af karlfyrirlitningu og femínisma.“

**JAHÁ,** þótt konur séu fyrirferðarmestar í hópi Stelpnanna er samt vel hægt að horfa á þetta. Og takið eftir orðalaginu „lyktandi af karlfyrirlitningu“. Það er viðeigandi því öll vitum við að konum ber að „ilma“ eins og Nýdönsk söng hér um árið. Það sem furðar mig þó mest er hvaða fúlu femínistaþætti Sæbjörn miðar Stelpurnar við. Ekki man ég eftir því að einhver sjónvarpsstöðin hafi pantað flokk alræmdra femínista til að fara með gamanmál en þegar þeir hafa slæðst með sýna dæmin að þeir hafa aðallega beint spjótunum að sjálfum sér. „Fýsisku penslarnir“ hennar Eddu Björgvinsdóttur úr einhverju áramótaskaupinu eru mér að minnsta kosti enn í fersku minni. Mikið væri gaman ef gagnrýnendur væru færir um að fjalla um öll listaverk af sömu heiðskíru víðsýninni og virðingunni óháð kynferði listafólksins og gættu þess að fýsísku penslarnir þvældust ekki fyrir við þau skrif.


**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



# Eyðir engu, þannig séð

Bensíneyðsla er ómöguleg. Hún gengur ekki lengur. Skelltu bara i-Podinum í samband við græjurnar í Aygo og njóttu þín.
Aygo eyðir engu, þannig séð.
**Ofkeyrðu þig.**

**Engin útborgun & tryggingar innifaldar**
**Aðeins 27.454 kr. á mánuði***
*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði.
Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

AYGO BY TOYOTA

**AYGO**
Það er gaman að keyra




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 35880 01/07

**www.aygo.is**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |